

ÁGRIPABÓK OG DAGSKRÁ

# Ráðstefna Þjóðarspegilsins 2023

HÍ | FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

02 - 03. nóvember 2023
Háskóli Íslands, Sæmundargötu 10, 102 Reykjavík
thjodarspegillinn.hi.is

Heimasíðu ráðstefnu Þjóðarspegilsins má finna á eftifarandi slóð:
https://thjodarspegillinn.hi.is/

## Ótrúlegt en satt

Það er eins og gerst hafi í gær en skyndilega eru tvö ár liðin frá því að við héldum ráðstefnu Þjóðarspegilsins með fjarfundabúnaði í ljósi óvissu í sóttvarnarmálum. Í ár stóðum við fyrir annarri en jákvæðari áskorun og færðum ráðstefnuna aftur um viku til að auðvelda samræmingu vinnu og einkalífs þegar stór hluti grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu er með vetrarleyfi. Flest okkar erum sammála um mikilvægi þess að geta haldið ráðstefnuna í salarkynnum skólans þar sem mikið af mannlegum samskiptum tapast með notkun á rafrænum tengibúnaði.



Árlega tekst kennurum og öðru starfsfólki Félagsvísindasviðs að púsla saman stofubókunum til þess að við náum að halda ráðstefnuna með miklum sóma. Kennarar hliðra til, til þess að starfsfólk Félagsvísindastofnunar og skrifstofu Félagsvísindasviðs nái að setja saman öfluga dagskrá. Eins og í fyrra þá hefjum við ráðstefnuna á fimmtudegi með inngangsfyrirlestri þar sem Sigríður Benediktsdóttir lektor við Viðskiptafræðideild fjallar um hvort fyrirkomulag fasteignalána hafi áhrif á fjármálastöðugleika. Í kjölfarið verða pallborðsumræður undir stjórn Gylfa Magnússonar prófessors í Viðskiptafræðideild þar sem þeir Breki Karlsson formaður Neytendasamtakanna, Kári Hólmar Ragnarsson lektor við Lagadeild og Sigurður Jóhannesson forstöðumaður Hagfræðistofnunar bregðast við erindi Sigríðar.

Þjóðarspegillinn er nú haldinn í tuttugasta og fjórða sinn. Eins og fram hefur komið í fyrri ávörpum þá stóðu Félagsvísindadeild og Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands að fyrstu ráðstefnu Þjóðarspegilsins árið 1994. Síðar bættist Lagadeild við. Allar deildir Félagsvísindasviðs hafa staðið að ráðstefnunni frá árinu 2008. Friðrik H. Jónsson, prófessor í sálfræði og fyrrum forstöðumaður Félagsvísindastofnunar og Ingjaldur Hannibalsson prófessor í viðskiptafræði og fyrrum deildarforseti Viðskiptafræðideildar voru helstu hvatamenn fyrstu ráðstefnu Þjóðarspegilsins.

Árið 2006 var ráðstefnan nefnd Þjóðarspegillinn en á síðasta ári stækkuðum við hlutverk hans þannig að hugtakið nær ekki aðeins yfir árlega ráðstefnu heldur er Þjóðarspegilinn stærri vettvangur fyrir kynningar á íslenskum rannsóknum í félagsvísindum. Frá því að ráðstefna Þjóðarspegilsins var haldin fyrst, hefur verið lögð mikil áhersla á að hún væri ekki aðeins vettvangur fyrir fræðafólk að ræða hvert við annað heldur einnig vettvangur fyrir

virkt samtal félagsvísindafólks út fyrir háskólasamfélagið. Þessi áhersla hefur þannig stutt við að sérfræðingar í félagsvísindum hafa í nokkra áratugi átt gott og virkt samtal við íslenskt samfélag samhliða því að birtingatíðni þeirra á erlendum vettvangi hefur stóraukist. Þessi áhersla er og verður áfram hugmyndafræðin á bak við útvíkkað hlutverk Þjóðarspegilsins, að hann styðji við þetta hlutverk árið um kring. Eins og dagskrá ráðstefnunnar í ár ber glöggt vitni um er mikil gróska í rannsóknum í félagsvísindum á Íslandi.

Félagsvísindastofnun hefur frá upphafi haft umsjón og skipulagt ráðstefnu Þjóðarspegilsins í samvinnu við annað gott starfsfólk sviðsins. En ráðstefnan verður ekki að veruleika ef ekki væri fyrir þátttöku fyrirlesara, málstofustjóra og annarra góðra gesta. Ég vil þakka öllum sem koma að ráðstefnunni fyrir þeirra góðu vinnu.

Dagskráin fram undan með öllum þeim áhugaverðu erindum er glöggt merki um blómlegt og kröftugt starf félagsvísinda á Íslandi og að það mun halda áfram að þróast og dafna sem aldrei fyrr.

Eigið góðar stundir.

Stefán Hrafn Jónsson, forseti Félagsvísindasviðs

# Efnisyfirlit


Dagskrá 2. nóvember 8

Dagskrá 3. nóvember 9

Veggspjöld 23

Hliðarviðburðir 24

Fötlun og inngilding í samtímanum 25

Ferðaþjónusta, sjálfbærni og samfélagsleg sátt 28

RomIs: A history and ethnography of Roma in Iceland 32

Háskólar: Samfélagslegt hlutverk og starfs- og námsumhverfi 35

Þjóðtrú og lífsviðhorf Íslendinga 39

Mannauðsstjórnun: líðan, kulnun og tíðahvörf 43

Umhverfismál og félagslegt réttlæti 47

Upplýsingafræði í almannahag 52

Fjölskyldulíf, frjósemi og vinnumarkaður 55

Aðgengi og gæði í skólastarfi 59

Efnahagsmál 63

Afbrot, ofbeldi og lögreglustarfið 67

Forysta og stjórnun í viðskiptalífinu 72

Farsæld barna: samþætting og heildarsýn 77

Fötlun í fortíð og nútíð 81

Tilfinningalíf og tjáning í minningum, hefðum og sögum 85

Ótrygg störf í borg og sveit 90

Lýðræði og réttarfar 94

Tómstundir og rannsóknir með börnum 98

Aðferðafræði, líkön og mælingar 102

Covid-19: heilsa, vellíðan og hegðun 106

Stjórnarskrárbreytingar 110

Ástarkraftur og birtingarmyndir ástarinnar í nútímanum 113

Menntun eða þjónusta? Átökin um leikskólann 118

Þjónustustjórnun 122

Leyndardómar Bíbíar í Berlín 126

Uppvaxtarár: réttindi, kynbundið ofbeldi og samfélagsmiðlar 129

Hvalveiðar, selveiðar og dýravernd 133

Hindranir og útilokun í íslensku samfélagi 137

Sveitarstjórnarmál, menntaforysta og fullorðinsfræðsla 141

Kynsegin veruleiki, kynjuð viðhorf og kynferðisleg áreitni 145

Brottfall í úrtaksrannsóknum 149

Sjálfbærni: neysla, handverk og fjárfestingar 153

Stjórnarhættir fyrirtækja og stofnana 158

Áfallastjórnun vegna hamfara 163

Fjölmiðlar í brennidepli 169

Framhaldsskólinn á tímum stefnubreytinga 173

Verkefnastjórnun 177

Lífsstílshagfræði: Heilsa, fjölskylda og tekjur 181

Stjórnmál og sjávarútvegur 186

Fjölbreytni félagsvísinda: töfrar, tónlist, glíma og styttur 191

**Nýsköpun, rekstur og fjarlægir markaðir** 195

**Heilsa, vellíðan og mannauður** 199

**Stefna og samkeppnishæfni** 204

**Veggspjöld** 208

**Þátttakendur** 215

# Dagskrá 2. nóvember

## Opnunardagskrá kl. 15:00–16:30 hátíðarsalur Aðalbyggingar

- Stefán Hrafn Jónsson, forseti Félagsvísindasviðs, setur ráðstefnuna
- Hulda Proppé, rannsóknastjóri Félagsvísindasviðs: Mikilvægi ráðstefnu Þjóðarspegilsins fyrir samfélagið
- Opnunarerindi: Sigríður Benediktsdóttir, lektor við Viðskiptafræðideild: Samspil fasteignalána, peningastefnu og fjármálastöðugleika.



Opnunarerindið fjallar um hvort að fyrirkomulag fasteignalána hafi áhrif á fjármálastöðugleika. Fyrirkomulag fasteignlána er mjög misjafnt milli landa og því vert að spyrja hvernig mismunandi húsnæðislánakerfi hafa áhrif á hagsveifluna. Rannsóknir hafa sýnt að fasteignamarkaðurinn er mikilvægur þegar kemur að því að magna bæði uppsveiflu og niðursveiflu. Eru þessi áhrif mismunandi milli lánafyrirkomulaga? Erindið verður sett í samhengi við stöðuna á Íslandi, þar sem fasteignlán með breytilegum vöxtum urðu ráðandi samhliða sögulega lágum stýrivöxtum. Stýrivextir voru hins vegar lágir í stuttan tíma og nú blasir við annar veruleiki þar sem aðhaldi í peningamálum er beitt af fullri hörku í gegnum skuldsett heimili.

Pallborð

- Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna
- Kári Hólmar Ragnarsson, lektor við Lagadeild
- Sigurður Jóhannesson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar.

Pallborðsumræðum stýrir Gylfi Magnússon, prófessor við Viðskiptafræðideild.

## Málstofur 9:00–10:40

### Fötlun og inngilding í samtímanum (Gimli 139)

| | | |
|---|---|---|
| 9:00 | „Even the way I make my coffee is autistic": Merking einhverfu í lífi miðaldra kvenna | Snæfríður Þóra Egilson og Kremena Nikolova-Fontaine |
| 9:20 | Framþróun, fötlun og geta: orðræða í stafrænum stefnum stjórnvalda | Inga Björk Margrétar Bjarnadóttir, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson o.fl. |
| 9:40 | Self-reported Participation in Home, Work and Leisure Activities among Disabled Adults in Iceland- A Stratified Analysis | Carmen Fuchs og Snæfríður Þóra Egilson |

### Ferðaþjónusta, sjálfbærni og samfélagsleg sátt (Oddi 202)

| | | |
|---|---|---|
| 9:00 | Hvert fara erlendir ferðamenn á Íslandi? Skipulag og stjórnun ferðamennsku | Gyða Þórhallsdóttir |
| 9:20 | Að efla leiðtogahæfni kvenna í ferðaþjónustu í átt að sjálfbærri framtíð | Auður Ingólfsdóttir og Vera Vilhjálmsdóttir |
| 9:40 | Viðhorf ferðaþjónustuaðila til virkjunar við Skrokköldu. | Guðmundur Björnsson |
| 10:00 | Skemmtiferðaskip og samfélagslegt leyfi til starfa | Rannveig Ólafsdóttir, Anna Guðrún Edvardsdóttir o.fl. |

### RomIs: A history and ethnography of Roma in Iceland (Oddi 101)

| | | |
|---|---|---|
| 9:00 | First steps in researching the approach of the Reykjavík school and welfare systems to Roma children and families | Marco Solimene |
| 9:20 | Connecting the dots: Roma in Iceland in the context of Romani histories in the Nordic region | Sofiya Zahova |
| 9:40 | Romanian Roma in Iceland: Ethnographic Study in Progress | Adriana Suiu |

**Háskólar: Samfélagslegt hlutverk og starfs- og námsumhverfi (Oddi 201)**

| | | |
|---|---|---|
| 9:00 | Samfélagslegt hlutverk háskóla og þróun rannsóknastefnu á Íslandi | Eiríkur Smári Sigurðarson |
| 9:20 | "Kannski hefði ég átt að spyrja um þetta": Þörf nýráðinna lektora við Háskóla Íslands á stuðningi við kennslu | Renata Emilsson Peskova, Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir o.fl. |
| 9:40 | Tengslanet og árangur í háskóla á fordæmalausum tímum | Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, Ásthildur Margrét Jóhannsdóttir o.fl. |
| 10:00 | Key predictors of student satisfaction in higher education, in Bissau, Guinea-Bissau | Jon Edmund Bollom, Aladje Baldé o.fl. |

**Þjóðtrú og lífsviðhorf Íslendinga (Árnagarður 422)**

| | | |
|---|---|---|
| 9:00 | Þjóðtrú, hindurvitni og kristin lífsviðhorf Tryggva Emilssonar verkamanns | Pétur Pétursson |
| 9:20 | Ny könnun um þjóðtrú Íslendinga og reynslu þeirra af yfirnáttúrulegum fyrirbærum | Terry Gunnell |
| 9:40 | „Það er stuðlabergshóll og að ætlun manna álfakirkja" | Jón Jónsson |
| 10:00 | „Hún var vergjörn mjög og kunni illa einlífi": Tröllskessur, huldukonur og hugmyndir um kvenleika | Dagrún Ósk Jónsdóttir |

**Mannauðsstjórnun: líðan, kulnun og tíðahvörf (Oddi 106)**

| | | |
|---|---|---|
| 9:00 | Störf og starfstengd viðhorf lífeindafræðinga | Lóa Björk Óskarsdóttir og Arney Einarsdóttir |
| 9:20 | Hjúkrunarfræðingar hjartadelid: Fagmennskan og starfsandinn, manni líður vel á deildinni. | Rósa Eiríksdóttir og Sigrún Gunnarsdóttir |
| 9:40 | Huga stjórnendur og mannauðsráðgjafar nægjanlega að áhrifum tíðahvarfa á líðan og hegðun kvenna í starfi? | Auður Arna Arnardóttir |
| 10:00 | Kulnunareinkenni eða starfsþrot á vinnustöðum? | Arney Einarsdóttir, Katrín Ólafsdóttir o.fl. |

### Umhverfismál og félagslegt réttlæti (Háskólatorg 102)

| | | |
|---|---|---|
| 9:00 | Skynjun almennings á félagslegu og persónulegu réttlæti: Mótsagnir og breytingar | Jón Gunnar Bernburg |
| 9:20 | Vantraust: Orðræða íhaldssinna í þungunarrofsumræðunni á írska þinginu árið 2018 | Gunnar Sigvaldason |
| 9:40 | Eru allir með áhyggjur af loftslagsbreytingum? Greining á loftslagsáhyggjum Íslendinga út frá kyni | Sóllilja Bjarnadóttir og Sigrún Ólafsdóttir |
| 10:00 | Leysum ekki vandann með Teslum: Viðhorf blaða- og fréttamanna til umfjöllunar um umhverfismál | Guðbjörg Hildur Kolbeins |
| 10:20 | From ecological degradation to restoration: Identifying the socio-ecological effect on restoration projects in Iceland | Guðrún Guðjónsdóttir |

### Upplýsingafræði í almannahag (Oddi 105)

| | | |
|---|---|---|
| 9:00 | Þjónusta almenningsbókasafna við flóttafólk frá Úkraínu | Jamie Johnston og Ágústa Pálsdóttir |
| 9:20 | Fagleg sýn upplýsingafræðinga á almenningsbókasöfnum | Ágústa Pálsdóttir og Jamie Johnston |
| 9:40 | Af hverju finn ég ekki allt efni eftir höfundinn? | Telma Rós Sigfúsdóttir |

### Fjölskyldulíf, frjósemi og vinnumarkaður (Lögberg 205)

| | | |
|---|---|---|
| 9:00 | Descriptive analysis of the fertility decline in Iceland, 2010 – 2022 | Ari Klængur Jónsson |
| 9:20 | Plástur á kerfið: Greining á fjölmiðlaumfjöllun um heimgreiðslur í stað leikskólapláss | Sunna Símonardóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson |
| 9:40 | Perceptions of Workplace Support for Paid Parental Leave Use in Iceland | Ásdís Aðalbjörg Arnalds og Guðný Björk Eydal |
| 10:00 | The impact of child disability on parental labour market outcomes | Derek Asuman |

### Aðgengi og gæði í skólastarfi (Lögberg 204)

| | | |
|---|---|---|
| 9:00 | Inngildandi menntun, stuðningur og samtvinnun mismunabreyta. | Anna Björk Sverrisdóttir og Ásta Jóhannsdóttir |
| 9:20 | Áhrif endurgjafar kennara á námsástundun: Rannsóknir í tveimur grunnskólum | Helga Maggý Magnúsdóttir, Erla Sif Sveinsdóttir o.fl. |
| 9:40 | Orðræða um ólæsi sem ógn við samfélagið | Anna Söderström |
| 10:00 | Staða náttúruvísindamenntunnar í íslenskum grunnskólum í ljósi fyrirliggjandi gagna | Haukur Arason |

Efnahagsmál (Gimli 301)

| | | |
|---|---|---|
| 9:00 | Ávinningur af erlendri fjárfestingu í tæpa þrjá áratugi | Gylfi Magnússon og Kári Sigurðsson |
| 9:20 | Mortgage Relief and Household Saving | Gylfi Zoega, Arnaldur Smári Stefánsson o.fl. |
| 9:40 | Þjóðhagslíkan með atvinnugreinaskiptingu fyrir Ísland | Marías Halldór Gestsson |
| 10:00 | Assessing the impact of alcohol policies on alcohol sales | Arnaldur Smári Stefánsson, Tuomas Kosonen o.fl. |

## Málstofur 11:00–12:40

### Afbrot, ofbeldi og lögreglustarfið (Háskólatorg 102)

| | | |
|---|---|---|
| 11:00 | Hatursglæpir og annað ofbeldi gegn ungum innflytjendum á Íslandi | Dr. Margrét Valdimarsdóttir |
| 11:20 | Afstaða Íslendinga til afnáms refsinga fyrir vörslu fíkniefna til eigin nota og neysla kannabis á Íslandi | Helgi Gunnlaugsson og Jónas Orri Jónasson |
| 11:40 | Flexible Education Reform and Iceland's Police Staffing Crisis | Guðmundur Oddsson, Ólafur Örn Bragason o.fl. |
| 12:00 | Kvenlögreglan 1920 - 1960 | Eyrún Eyþórsdóttir |
| 12:20 | Kynferðisleg áreitni innan lögreglunnar: mótspyrna til að viðhalda karllægri vinnumenningu? | Finnborg Salome Steinþórsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir |

### Forysta og stjórnun í viðskiptalífinu (Oddi 202)

| | | |
|---|---|---|
| 11:00 | „Konurnar koma þegar illa gengur, karlarnir þegar vel gengur.“ Tengslanet kvenstjórnenda á Íslandi og í Finnlandi | Sigrún Lilja Einarsdóttir |
| 11:20 | „Þetta gerist í ferlinu, ekki í ákvörðuninni“: Upplifun karla í stjórnum skráðra félaga af ráðningarferli forstjóra | Þóra H Christiansen og Ásta Dís Óladóttir |
| 11:40 | Getur arftakaáætlun skapað jöfn tækifæri fyrir stjórnunarstöður? | Ásta Dís Óladóttir og Þóra H. Christiansen |
| 12:00 | Hvers konar forystuhæfni er leitað að við ráðningar forstjóra? | Sigrún Gunnarsdóttir, Ásta Dís Óladóttir o.fl. |
| 12:20 | Hvaða áskorunum standa stofnanafjárfestar frammi fyrir þegar fjárfest er með jafnréttis gleraugum? | Freyja Vilborg Þórarinsdóttir |

### Farsæld barna: samþætting og heildarsýn (Oddi 201)

| | | |
|---|---|---|
| 11:00 | Farsæld barna til framtíðar. | Hervör Alma Árnadóttir |
| 11:20 | Samþætting þjónustu í grunnskólum | Sigrún Harðardóttir |
| 11:40 | Að sjá heildarmyndina í lífi barns. | Ragnheiður Hergeirsdóttir |
| 12:00 | „Þetta úrræði var svona uppáhalds hjá mér“: Samstarf félagsmiðstöðvar og barnaverndar um farsæld barna og unglinga | Oddný Sturludóttir og Arnar Helgi Magnússon |

### Fötlun í fortíð og nútíð (Gimli 139)

| | | |
|---|---|---|
| 11:00 | Work participation of people with mental and physical disabilities in early modern Sweden | Riikka Miettinen |
| 11:20 | Representations of Guðmundur Bergþórsson's (1657 – 1705) Life and Disability in Three Manuscripts and their Legacies | Alice Bower |
| 11:40 | Hlutverk fötlunar í völdum dómsúrskurðum fyrr og nú | Hanna Björg Sigurjónsdóttir |
| 12:00 | Samskipti og þátttaka í Íslendingasögum: vangaveltur um sögupersónur sem eru heyrnarlaus og/eða nota ekki talmál | Stefan C. Hardonk og Yoav Tirosh |

### Tilfinningalíf og tjáning í minningum, hefðum og sögum (Árnagarður 422)

| | | |
|---|---|---|
| 11:00 | „Mér sýnist að ferðafötin fari yður bezt, kæra tengdamóðir!" Tengdamæður sem menningarfyrirbæri | Eiríkur Valdimarsson |
| 11:20 | Tilfinningar búa í minningum: Birtingamynd staðartengsla í gegnum minningar um ástvini. | Snjólaug G Jóhannesdóttir |
| 11:40 | Áfallasaga sveitar: Slys í brimlendingum í Mýrdal 1841-1941 | Sigrún Lilja Einarsdóttir |
| 12:00 | Dýroníur og markalausar matarhefðir | Kristinn Schram |
| 12:20 | Sjálfbærnieldhúsið – sköpun og miðlun þekkingar í þágu umhverfis og heilsu | Auður Viðarsdóttir |

### Ótrygg störf í borg og sveit (Aðalbygging220)

| | | |
|---|---|---|
| 11:00 | Staða innflytjenda á vinnumarkaði hérlendis á krepputímum eftir byggðamynstri og atvinnugreinum | Bjarki Þór Grönfeldt og Vífill Karlsson |
| 11:20 | Fjölbreytileiki á íslenskum vinnumarkaði. | Guðjón Helgi Egilsson |
| 11:40 | Sjálfboðastarf í Brothættum byggðum | Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Jónína Einarsdóttir |
| 12:00 | Sjálfboðaliðar á sveitabæjum: er það réttlætanlegt? | Jónína Einarsdóttir og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir |

### Lýðræði og réttarfar (Lögberg 205)

| | | |
|---|---|---|
| 11:00 | Eineðli lands- og þjóðaréttar í dómum Hæstaréttar til 1975 | Bjarni Már Magnússon og Bryndís Torfadóttir |
| 11:20 | Bætt úrræði neytenda til sóknar skaðabóta vegna samkeppnislagabrota | Haukur Logi Karlsson |
| 11:40 | Lærdómar frá Írlandi fyrir íslenska stjórnlagaferlið | Eiríkur Bergmann |
| 12:00 | Stjórnarskráin 1874 — gegn vilja þjóðarinnar? | Þór Martinsson |

### Tómstundir og rannsóknir með börnum (Lögberg 204)

| | | |
|---|---|---|
| 11:00 | Hugmyndir foreldra ungra barna um hlutverk og gildi tónlistar í uppeldi | Helga Rut Guðmundsdóttir |
| 11:20 | Family Musicking and 'safer space culture': towards positive social transformation | Adam Switala |
| 11:40 | Opið æskulýðsstarf og siðareglur | Árni Guðmundsson |
| 12:00 | Raddir barna í rannsóknum: Vangaveltur um þátttöku og atbeini í heimsfaraldri | Eva Jörgensen |

### Aðferðafræði, líkön og mælingar (Oddi 104)

| | | |
|---|---|---|
| 11:00 | Rekjanleikagreiningar og rekjanleikavarnir í grunnskólakönnun Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar | Hans Haraldsson og Arndís Vilhjálmsdóttir |
| 11:20 | Tímaraðalíkön fyrir langt minni | Helgi Tómasson |
| 11:40 | Svarandi og aðlagandi gagnaöflun í endurteknum alþjóðlegum viðhorfakönnunum: Hermirannsókn | Hafsteinn Einarsson |
| 12:00 | Áhrif myndbandsviðtala á samsetningu svarendahóps og svarhegðun viðmælenda. | Ævar Þórólfsson og Árni Bragi Hjaltason |

### Covid-19: heilsa, vellíðan og hegðun (Háskólatorg 103)

| | | |
|---|---|---|
| 11:00 | „Við erum neydd til að vera heima." Áhrif heimsfaraldurs á unglinga í Bissá, Gíneu-Bissá | Fatou N´dure Baboudóttir, Zeca Jandi o.fl. |
| 11:20 | Líf hverra skiptir máli? Orðræðugreining á fjölmiðlum í heimsfaraldri | Tinna Ólafsdóttir og Ásta Jóhannsdóttir |
| 11:40 | Þegar þjóð var kölluð til á barnaverndarvaktina: tilkynningar til barnaverndar á tímum COVID-19 faraldursins | Eva Dögg Sigurðardóttir og Guðný Björk Eydal |
| 12:00 | Kvik greining á félagslegu taumhaldi í Covid-19 faraldrinum | Magnús Þór Torfason og Jón Gunnar Bernburg |

## Málstofur 13:00–14:40

### Stjórnarskrárbreytingar (Lögberg 101)

| | | |
|---|---|---|
| 13:00 | Samspil sérfræðinga og almennings við stjórnarskrárbreytingar | Kári Hólmar Ragnarsson |
| 13:20 | Hver er þýðing tillagna um nefndar um breytingar á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar? | Hafsteinn Dan Kristjánsson |
| 13:40 | Stjórnarskrárákvæði og umhverfismál | Aðalheiður Jóhannsdóttir |
| 14:00 | Stjórnarskrárbreytingar, auðlindir | Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir |

### Ástarkraftur og birtingarmyndir ástarinnar í nútímanum (Árnagarður 422)

| | | |
|---|---|---|
| 13:00 | Ástarkraftur og arðrán hans: Kenning Önnu Guðrúnar Jónasdóttur og aðdragandi hennar | Berglind Rós Magnúsdóttir |
| 13:20 | Rómantísk ástarsambönd og konur í stjórnendastöðum: Tvíhöfða þurs? | Ólöf Júlíusdóttir og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir |
| 13:40 | Orðræðan um fjölástir | Jón Ingvar Kjaran |
| 14:00 | Siðferðilegar hugmyndir ungs fólks um ást í kjölfar #Metoo | Katrín Pálmad. Þorgerðardóttir |
| 14:20 | Tilhugalíf og ástarsambönd ungmenna: Kynjaður samningur um ástfrelsi? | Unnur Edda Garðarsdóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir |

### Menntun eða þjónusta? Átökin um leikskólann (Lögberg 205)

| | | |
|---|---|---|
| 13:00 | Þjónustuhlutverk leikskóla. Gömul umræða og ný | Anna Elísa Hreiðarsdóttir |
| 13:20 | Hröð uppbygging leikskóla. Áhrif á gæði menntunar. | Jórunn Elídóttir |
| 13:40 | Samfélagslegt hlutverk leikskóla: Skiptir máli hvort leikskólinn sé fyrsta skólastigið? | Svava Björg Mörk og Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir |
| 14:00 | Átök um fagmennsku leikskólastjóra | Kristín Dýrfjörð, Berglind Rós Magnúsdóttir o.fl. |

### Þjónustustjórnun (Lögberg 204)

| | | |
|---|---|---|
| 13:00 | Þjónustugæði og Orðspor | Magnús Haukur Ásgeirsson |
| 13:20 | Exploring the Impact of Gender Discrimination on Job Applicant Advantages in Nordic Bank Recruitment Processes | Unnar Freyr Theodorsson |
| 13:40 | Samræmd ásýnd borga og bæja í sátt við nærumhverfið | Brynjar Þór Þorsteinsson og Haraldur Daði Ragnarsson |
| 14:00 | Gæði, orðspor, ímynd og frammistaða | Þórhallur Örn Guðlaugsson |

**Leyndardómar Bíbíar í Berlín (Gimli 139)**

| | | |
|---|---|---|
| 13:00 | Frá Hofsósi til handanheima. Orðræðan um Bíbí í Berlín | Guðrún Valgerður Stefánsdóttir |
| 13:20 | Bíbí var „í skapi örgu. Tilfinningasamfélög utan og innan stofnunar. | Sólveig Ólafsdóttir |
| 13:40 | „Viðhorfin voru það sem leiddi til útilokunar" | Helena Gunnarsdóttir |

**Uppvaxtarár: réttindi, kynbundið ofbeldi og samfélagsmiðlar (Háskólatorg 102)**

| | | |
|---|---|---|
| 13:00 | Á samfélagsmiðlum er bilið brúað. Netvinátta unglinga í félagslega viðkvæmri stöðu | Eyrún María Rúnarsdóttir |
| 13:20 | Staða og réttindi barna sem eiga foreldra í fangelsi | Daníel Kári Guðjónsson |
| 13:40 | Orðræðan um kynbundið ofbeldi í íslensku menntakerfi | Benedikta Sörensen Valtýsdóttir |
| 14:00 | Strákar á samfélagsmiðlum: Kynjuð uppvaxtarár í netheimum. | Þórður Kristinsson |

**Hvalveiðar, selveiðar og dýravernd (Árnagarður 303)**

| | | |
|---|---|---|
| 13:00 | Endar dýraverndin í fjöruborðinu? Um dýraverndarstefnu á Íslandi í tilviki sjávarspendýra. | Unnur Birna Karlsdóttir |
| 13:20 | Unglæknirinn skoski, hvalveiðar, selveiðar og karlmennskan. Sir Arthur Conan Doyle á Grænlandsmiðum sumarið 1880 | Ingibjörg Ágústsdóttir |
| 13:40 | Ísland sem hvalveiðiþjóð | Kristín Ingvarsdóttir |
| 14:00 | Sjálfsþurftarhlunnindi eða markaðsvara? Selveiðar á Íslandi í sögulegu samhengi | Vilhelm Vilhelmsson |

**Hindranir og útilokun í íslensku samfélagi (Aðalbygging 220)**

| | | |
|---|---|---|
| 13:00 | „Ég fann að hún treysti mér ekki": Áskoranir hjúkrunarfræðinga frá Filippseyjum á íslenskum vinnustað | Þóra H. Christiansen, Erla Sólveig Kristjánsdóttir o.fl. |
| 13:20 | Invisible barriers: Perceptions of individuals of foreign origin towards prejudice in the Icelandic labor marketing. | Sigurður Guðjónsson |
| 13:40 | Othering and racialization of Polish migrants in Iceland | Anna Wojtynska |
| 14:00 | Reynsla einstaklinga sem starfa með flóttafólki og umsækjendum um alþjóðlega vernd á Íslandi | Gyða Margrét Kristjánsdóttir |

## Sveitarstjórnarmál, menntaforysta og fullorðinsfræðsla (Gimli 301)

| | | |
|---|---|---|
| 13:00 | Bolmagn sveitarfélaga í skipulagsmálum | Ásdís Hlökk Theodórsdóttir |
| 13:20 | Meðalkostnaður og stærðarhagkvæmni í rekstri íslenskra sveitarfélaga | Vífill Karlsson og Stefán Kalmansson |
| 13:40 | Stefnumótun og menntaforysta ríkis og áhrif á menntaforystu á sveitarstjórnarstigi | Sigríður Margrét Sigurðardóttir |
| 14:00 | Fullorðisnfræðsla á Íslandi: Tengsl raunfærnimats og námsleiða innan símenntunarmiðstöðva | Margrét Einardóttir og Hildur Betty Kristjánsdóttir |

## Kynsegin veruleiki, kynjuð viðhorf og kynferðisleg áreitni (Aðalbygging 051)

| | | |
|---|---|---|
| 13:00 | Forvarnir gegn kynferðisleg áreitni í ferðaþjónustu á Norðurlöndum | Magnfríður Birnu Júlíusdóttir |
| 13:20 | Kynbundið mat á sérfræðiáliti | Ingólfur V. Gíslason og Ásdís Aðalbjörg Arnalds |
| 13:40 | Kynsegin nýyrði: með eða á móti, málfar eða mannréttindi? | Laufey Axelsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir |
| 14:00 | The Queer Futurities amongst young queer people in Indonesia | Jón Ingvar Kjaran og Mohammad Naeimi |

## Brottfall í úrtaksrannsóknum (Oddi 104)

| | | |
|---|---|---|
| 13:00 | Eru svör daufra svarenda verri? | Anton Örn Karlsson |
| 13:20 | Brottfall og bjagi í úrtaksrannsóknum | Ólafur Már Sigurðsson |
| 13:40 | Þátttaka ungs fólks í íslenskum viðhorfakönnunum | Hafsteinn Einarsson |
| 14:00 | Áhrif útsendingartíma á svörun í netkönnun | Ævar Þórólfsson |

## Málstofur 15:00–17:00

### Sjálfbærni: neysla, handverk og fjárfestingar (Árnagarður 422)

| | | |
|---|---|---|
| 15:00 | Eru fötin þín í rusli? Viðhorf til fataneyslu í ljósi umhverfissjónarmiða | Þorgerður Einarsdóttir og Laufey Axelsdóttir |
| 15:20 | Sjálfbærni í textíl, heimsmarkmiðin og íslenskt orðasafn um fatagerð | Ásdís Ósk Jóelsdóttir |
| 15:40 | Aðgerðir stjórnvalda til að auka sjálfbærar fjárfestingar: Fræðilegt yfirlit | Bjorg Jonsdottir og Þröstur Olaf Sigurjónsson |
| 16:00 | „Þetta er bara ég að vera ég“: Sjálfbær tilvist í handverki. | Soffía Valdimarsdóttir og Svanborg Rannveig Jónsdóttir |
| 16:20 | Hvernig mælum við innleiðingu heimsmarkmiðanna? | Kristín Ósk Ingvarsdóttir |

### Stjórnarhættir fyrirtækja og stofnana (Gimli 139)

| | | |
|---|---|---|
| 15:00 | Þekktar innlendar krísur í ljósi kenninga SCCT um krísustjórnun | Jón Snorri Snorrason |
| 15:20 | „Eftir höfðinu dansa limirnir“: Tilviksrannsókn á samskiptafærni stjórnenda ríkisstofnana | Helga Kristín Gestsdóttir og Inga Jóna Jónsdóttir |
| 15:40 | Gagnsemi sjálfsmats stjórnar fyrir tilnefningarnefndir og stjórnarhætti | Arnrún Sæby Þórarinsdóttir, Auður Arna Arnardóttir o.fl. |
| 16:00 | How Sustainable Business Models Support Green Bond Issuance: An analysis of Nordic energy companies | Jordan Mitchell, Stefan Wendt o.fl. |
| 16:20 | Aukin sjálfbærni í virðiskeðju fyrirtækja með notkun gervigreindar | Þröstur Olaf Sigurjónsson og Stefan Wendt |

### Áfallastjórnun vegna hamfara (Árnagarður 301)

| | | |
|---|---|---|
| 15:00 | Áfallastjórnun á Íslandi | Ásthildur Elva Bernharðsdóttir |
| 15:20 | Tengsl upplýsingamiðlunar og öryggistilfinningar fólks sem býr á skriðuhættusvæðum | Unnur Blær A. Bartsch |
| 15:40 | Börn og Eyjafjallajökulgosið 2010: Sýn barna á áhrif gossins og áherslur í bataferlinu | Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir, Guðrún Pétursdóttir o.fl. |
| 16:00 | Þekking og viðbrögð íbúa við eldfjallaáhættu frá Kötlueldstöðinni | Diana Sól Editudóttir |
| 16:20 | Áfallastjórnun í Mýrdalshreppi vegna COVID-19 faraldursins | Hugrún Fjóla Hannesdóttir |
| 16:40 | Viðbragðsáætlanir vegna náttúruhamfara á Reykjanesi | Karen Ósk Lárusdóttir |

### Fjölmiðlar í brennidepli (Oddi 101)

| | | |
|---|---|---|
| 15:00 | Frjálslynt eða norrænt velferðarkerfi í fjölmiðlum? | Birgir Guðmundsson og Valgerður Anna Jóhannsdóttur |
| 15:20 | Áhrif nýrra siðaregla BÍ á störf blaðamanna | Birgir Guðmundsson og Friðrik Þór Guðmundsson |
| 15:40 | Measuring Local News Performance at National Scale: Content Collection, Analysis and Assessment | Gordon N Ramsay |
| 16:00 | Afstaða markaðsstjóra til hræringa á auglýsingamarkaði | Ragnar Már Vilhjálmsson |

### Framhaldsskólinn á tímum stefnubreytinga (Árnagarður 304)

| | | |
|---|---|---|
| 15:00 | Skilvirkara nám til stúdentsprófs? Reynsla háskólanema og háskólakennara af styttingu námstímans úr fjórum árum í þrjú | Guðrún Ragnarsdóttir, Valgerður S. Bjarnadóttir o.fl. |
| 15:20 | Framhaldsskólaval á höfuðborgarsvæðinu: Félagsleg lagskipting og stigveldi skóla og náms | Kristjana Stella Blöndal, Elsa Eiríksdóttir o.fl. |
| 15:40 | Samsetning nemendahópsins í starfsnámi á Íslandi: Áhrif kerfisbreytinga, reglugerða og þjóðfélagsbreytinga | Sæberg Sigurðsson og Elsa Eiríksdóttir |
| 16:00 | Áhrif styttingar námstíma stúdentsprófsbrauta á inntak brautanna og undirbúning nemenda fyrir nám á háskólastigi. | María Jónasdóttir, Elsa Eiríksdóttir o.fl. |

### Verkefnastjórnun (Oddi 206)

| | | |
|---|---|---|
| 15:00 | Innleiðing á Kaizen í hugbúnaðarþróunardeild LS Retail | Jónatan Þór Halldórsson og Eðvald Möller |
| 15:20 | Innleiðing rekjanleika á ígræði á Landspítala | Helga Helgadóttir og Eðvald Möller |
| 15:40 | Hefur vottun verkefnastjóra áhrif á árangur verkefna? | Marta María Skúladóttir og Eðvald Möller |
| 16:00 | Mikilvægi stjórnarhátta í verkefnum | Bryndís Pjetursdóttir og Eðvald Möller |

### Lífsstílshagfræði: Heilsa, fjölskylda og tekjur (Oddi 201)

| | | |
|---|---|---|
| 15:00 | Er verra að vinna meira en makinn? | Anna Guðrún Ragnarsdóttir og Tinna Laufey Ásgeirsdóttir |
| 15:20 | Næmni tekna í tekjuuppbótaraðferðum: Samanburðarrannsókn á mismunandi leiðum til verðmats heilsu | Viktor Andri Kárason og Tinna Laufey Ásgeirsdóttir |
| 15:40 | Eru stærri fjölskyldur ríkari en við héldum? | Guðrún Svavarsdóttir |
| 16:00 | Lífsánægja og líkamsþyngdarstuðull í Ástralíu: Skipta félagsleg viðmið máli? | Kristjana Baldursdóttir og Tnna Laufey Ásgeirsdóttir |
| 16:20 | The effect of having a child with a disability on repartnering | Hjördís Harðardóttir, Tinna Laufey Ásgeirsdóttir o.fl. |

### Stjórnmál og sjávarútvegur (Háskólatorg 102)

| | | |
|---|---|---|
| 15:00 | Samskipti stjórnmálafólks og almennings á samfélagsmiðlum | Jón Gunnar Ólafsson |
| 15:20 | Ungir kjósendur. Er þeim treystandi fyrir lýðræðinu? | Hulda Þórisdóttir |
| 15:40 | Gagnsæi á tímum óvissu: Upplýsingamiðlun íslenskra og bandarískra stjórnvalda í fyrstu bylgju Kóvid-19 | Reynir Bragi Ragnarsson, Eva H. Önnudóttir o.fl. |
| 16:00 | Sátt í sjávarútvegi? | Þórólfur Geir Matthíasson |
| 16:20 | Landings control in ITQ fisheries; misreporting of catch in the Icelandic fisheries | Birgir Þór Runólfsson og Daði Már Kristófersson |

### Fjölbreytni félagsvísinda: töfrar, tónlist, glíma og styttur (Háskólatorg 103)

| | | |
|---|---|---|
| 15:00 | Félagslegir töfrar – og hvernig þeim er ógnað af tæknilegri skynsemishyggju | Viðar Halldórsson |
| 15:20 | Sociocultural Production of Top-level Iranian Wrestlers | Saeed Shamshirian og Vidar Halldorsson |
| 15:40 | Dægurtónlistarmenning á Íslandi: „Þorpseinkennið", kostir og gallar | Arnar Eggert Thoroddsen |
| 16:00 | Merking steinstyttnanna á Rapa Nui. | Sveinn Eggertsson |

### Nýsköpun, rekstur og fjarlægir markaðir (Lögberg 103)

| | | |
|---|---|---|
| 15:00 | Drivers in regional cooperation: "Nordic identity in Japan." | Bryndís Ólafsdóttir og Erla Sólveig Kristjánsdóttir |
| 15:20 | Nýsköpunararlandið Ísland: Vistkerfi frumkvöðla verður til | Hannes Ottósson |
| 15:40 | Tengslanet í erlendum samfjármögnunarverkefnum: áhrif á vistkerfi nýsköpunar. | Guðjón Helgi Egilsson og Gunnar Óskarsson |
| 16:00 | Umbætur í rekstri, hvernig skal meta? | Einar Guðbjartsson |

### Heilsa, vellíðan og mannauður (Lögberg 101)

| | | |
|---|---|---|
| 15:00 | Þróun og uppbygging á mælikvarða heilbrigðrar öldrunar | Halldór S. Guðmundsson og Helgi Guðmundsson |
| 15:20 | Ólík reynsla kvenna og karla af endurhæfingu | Sólrún Óladóttir |
| 15:40 | Algengi sígarettureykinga og áhrifaþættir meðal unglinga sem ganga í skóla í Bissá, Gíneu-Bissá | Geir Gunnlaugsson, Aladje Baldé o.fl. |
| 16:00 | Upplifun og ávinningur af spjalli og athygli frá Móralska | Vigdís Hauksdóttir og Svala Guðmundsdóttir |
| 16:20 | Vinnustaðaánægja við innleiðingu verkefnamiðaðs vinnuumhverfis: Viðhorf starfsmanna og kyn | Kári Kristinsson |

### Stefna og samkeppnishæfni (Árnagarður 303)

| | | |
|---|---|---|
| 15:00 | Líffæragjafastefna íslenskra stjórnvalda. | Sigrún Stefánsdóttir |
| 15:20 | EOS aðferðafræði hjá Skeljungi í tengslum við stefnumótun | Oliwia Julia Tómasdóttir S. og Runólfur Smári Steinþórsson |
| 15:40 | Samkeppnishæfni svæða: mikilvægi míkróklasa | Runólfur Smári Steinþórsson |
| 16:00 | „Þú ert að gera svo margt á sama tíma" Stjórnun, stefnumótun og lærdómur almannavarna í tengslum við eldgos | Dóra Björg Árnadóttir og Runólfur Smári Steinþórsson |

## Veggspjaldakynningar 1. hæð Háskólatorg (blái veggur) 3. nóvember kl. 11:00

| Veggspjöld | |
|---|---|
| - Karlmennskuhugmyndir og skortur á sýnileika samkynhneigðra karla innan knattspyrnu | Ástrós Klemensdóttir og Viðar Halldórsson |
| - Barnaverndartilkynningar á tímum faraldurs | Freydís Freysteinsdóttir |
| - Motor Competence in adolescents | Þórdís Gísladóttir og Milos Petrovic |
| - Estimating the cost of crime victimization: A compensating income variation approach | Hoai Nam Dang Vu og Tinna Ásgeirsdóttir |
| - Íslensk ull og textíll: Menningararfur, nýsköpun og hringrásarhagkerfi | Þorgerður Einarsdóttir og Laufey Axelsdóttir |
| - Social, environmental and economic value in sustainable fashion business models | Þórey Þórisdóttir og Lára Jóhannsdóttir |
| - Editorial boards of finance journals: gender and social connectedness | Hanna Skaftadóttir, Barbara Będowska-Sójka o.fl. |

## Bókakynning: Hagfræði daglegs lífs – Í stuttu máli eftir Gylfa Zoëga. Útgáfuboð í Bóksölu stúdenta 3. nóvember kl. 16

Margir halda að hagfræði fjalli einungis um verðbólgu, atvinnuleysi og vexti. En hagfræði hjálpar okkur að skilja líf okkar og umhverfi. Hún er í raun allt í kringum okkur. Þannig lýsir hagfræðin ákvörðunum okkar, hvernig hinn skynsami maður ætti að taka ákvarðanir, en jafnframt hvernig ákvarðanataka okkar fellur oft ekki að þessari fullkomnu skynsemi einfaldrar hagfræði og hvaða hvatar kunni að stjórna slíkum ákvörðunum. Í Hagfræði daglegs lífs – í stuttu máli er sjónarhorni þessarar fræðigreinar beitt á ólík svið, allt frá nærtækustu viðfangsefnum til þeirra víðtækustu. Þannig er þeim marghattuðu notum sem má hafa af hagfræði lýst, hvort heldur í einkalífi og makaleit, menntun og vinnuleit, stjórnmálum og siðferði eða þegar hinstu rök tilverunnar eru ígrunduð.

## „Even the way I make my coffee is autistic“: Merking einhverfu í lífi miðaldra kvenna

Snæfríður Þóra Egilson[1], Kremena Nikolova-Fontaine[2]

[1] Rannsóknarsetur í fötlunarfræði, Félagsvísindasvið
[2] Hafnarfjarðarbær

Flestar rannsóknir í tengslum við einhverfu hafa ýmist beinst að greiningar- og íhlutunaraðferðum í barnæsku eða algengi og einkennum. Einhverfugreiningar eru mun algengari meðal karla en kvenna og fáar rannsóknir hafa beinst að reynslu einhverfra kvenna. Markmið þessarar eigindlegu viðtalsrannsóknar var að varpa ljósi á líf og reynslu miðaldra kvenna fyrir og eftir einhverfugreiningu. Gagnrýnin sjónarhorn í fötlunarfræði og einhverfurannsóknum voru höfð að leiðarljósi. Sex konur sem allar höfðu deilt reynslu sinni í íslensku heimildarmyndinni Að sjá hið ósýnilega tóku þátt. Túlkandi fyrirbærafræðileg nálgun (IPA) var notuð við gagnagreiningu. Konurnar lýstu baráttu við að mæta dæmigerðum og ósveigjanlegum kröfum um hegðun og félagslegt samneyti á fullorðinsárum, ekki síst á vinnustað. Næmi fyrir ljósi, hljóðum, lykt og mynstrum hafði jafnframt gert þeim erfitt fyrir. Síðkomin einhverfugreining varð til þess að konurnar endurskoðuðu fjölmagt í reynslu sinni og fortíð. Í stað þess að taka sjálfar ábyrgð á því sem miður hafði farið lögðu þær áherslu á hvernig ableísk viðhorf, skilningsleysi og ósveigjanleiki höfðu stuðlað að erfiðleikunum sem þær höfðu mátt þola. Líflæknisfræðilegar kenningar um einhverfu sem skerðingu og hegðunarörðugleika hafa skapað fordóma í garð einhverfra kvenna og viðhaldið þeim. Það er brýnt að stuðla að inngildandi samfélagi þar sem mannlegum fjölbreytileika er fagnað og þar sem einhverfar konur upplifa sig öruggar og sem fullgilda meðlimi.

## Framþróun, fötlun og geta: orðræða í stafrænum stefnum stjórnvalda

Inga Björk Margrétar Bjarnadóttir, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, Laufey E. Löve

Deild menntunar og margbreytileika - Menntavísindasvið

Alþjóðlegar rannsóknir sýna svo varla verður um villst að fólk með þroskahömlun hefur skert tækifæri til þátttöku í stafrænum heimi, þrátt fyrir að aðgengi að tækni og stafrænum heimi sé eitt af meginumfjöllunarefnum samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Framþróun í stafrænni opinberri þjónustu er ör en vísbendingar eru um að stórir hópar fólks, svo sem margt fatlað fólk, aldrað fólk, fólk í dreifbýli og umsækjendur um alþjóðlega vernd, sitji eftir vegna þess að aðgengi og algildri hönnun er ábótavant.Í erindinu er orðræða í stefnuskjölum íslenskra stjórnvalda er varða stafræn mál skoðuð í ljósi ákvæða samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, ableisma, framfarahyggju og nýfrjálshyggju. Leitað var að því hvort og hvernig fatlaðs fólks er getið í fjórum lykilskjölum um stafræna stefnu ríkis og sveitarfélaga. Beitt var verklagi sögulegrar orðræðugreiningar á skjölin og leitað að þrástefjum og löggildingarlögmálum.Greining gagna leiddi í ljós að hugmyndir um samfélagslegar framfarir og nútímavæðingu opinberrar þjónustu eru í þversögn við hugmyndir um getu og hæfni fatlaðs fólks til þátttöku í stafrænum heimi. Litið er á stafræna umbreytingu sem nauðsynlegan og óhjákvæmilegan þátt í samfélagslegum framförum og þarfir og réttindi fatlaðs fólks, og annarra stafrænt jaðarsettra hópa, lítið rædd og samkvæmt skjölunum er ekki ljóst að gripið verði til sérstakra ráðstafana til að hönnunin verði algild.

## Self-reported Participation in Home, Work and Leisure Activities among Disabled Adults in Iceland- A Stratified Analysis

Carmen Fuchs, Snæfríður Þóra Egilson

University of Iceland, Faculty of Sociology, Anthropology and Folkloristics

Background: Participation is an important indicator in the disablement process, with various socioeconomic and impairment-related factors impacting how participation is perceived. The subjective experiences of disabled people's participation patterns build the basis of this research.BackgroundAim: Firstly, to evaluate socioeconomic characteristics and impairment-related factors as self-reported by disabled adults in Iceland, and secondly, to examine how the self-reported participation patterns in home, work and leisure activities of disabled adults in Iceland vary depending on these socioeconomic and impairment-related characteristics.AimMethod: A cross-sectional study based on the data from the fourth Health and Wellbeing of Icelanders survey, including 1647 of its answers in the calculation of descriptive statistics. Pearson's chi-squared test was used to evaluate statistical inference.MethodResults: A great majority of disabled respondents had lower-than-average levels of education and income. Younger respondents were more likely to have mental or cognitive impairments, while physical and sensory impairments were more prevalent in older individuals. Income, gender, the type and onset of impairment were independently associated ($p<0.05$) with deviations in the perception of participation.ResultsConclusion: Socioeconomic and disability-related factors impact how disabled people self-report their participation in home, work and leisure activities.ConclusionSignificance: Results can be utilized by disabled people in advocating for themselves and support policymakers in decision-making whilst using a gender perspective, emphasis on the accessibility of the physical and social environment, as well as services and improvement of the financial situation of disabled people in Iceland.Significance

## Hvert fara erlendir ferðamenn á Íslandi? Skipulag og stjórnun ferðamennsku

**Gyða Þórhallsdóttir**

Líf- og umhverfisvísindadeild

Undanfarinn áratug hefur verið mikill vöxtur í ferðaþjónustu á Íslandi og erlendum gestum til landsins fjölgaði úr 459 þúsund árið 2010 í 2,3 milljónir árið 2018. Flestir, eða 99% koma í gegnum Leifsstöð. Fjölgunin varð til þess að íslensk yfirvöld lögðu og leggja enn mikla áherslu á sjálfbæra ferðaþjónustu í stefnumótun sinni sem þó hafði verið til staðar frá árinu 1996. Helstu markmið í kjölfar fjölgunarinnar voru að dreifa straumi ferðamanna jafnar um landið til að jafna tekjur af greininni milli landshluta. Einnig að jafna álagið á ferðamannastaðina, sem langflestir eru tengdir náttúru. Í rannsókninni er kynnt hvert ferðamenn á Íslandi fara í tíma og rúmi sem er mikilvægt vegna markmiða stjórnvalda um sjálfbæra ferðaþjónustu. Dreifingin er skoðuð út frá fjölda ferðamanna á 17 vinsælum náttúrustöðum víða um land. Náttúrutengdir áfangastaðir á Suður- og Suðvesturlandi voru vinsælli allt árið en aðrir staðir annars staðar á landinu. Gullni hringurinn og Suðurströndin að Jökulsárlóni voru mest sótt. Jökulsárlón virðist vera endastöð í röð náttúruperlna meðfram þjóðveginum á Suðurströndinni, . Jökulsárlón er einstakt á heimsvísu og aðrir áfangastaðir á suðurströndinni gefa svipaða upplifun og hægt er að fá annars staðar á landinu. Það er því umhugsunarvert hvort sjálfbærnimarkmið stjórnvalda ættu að vera jafnari dreifing á flæði ferðamanna um landið eða hvort æskilegra sé að leggja áherslu á ferðaþjónustu á Suður- og Suðvesturlandi og leyfa öðrum svæðum að vera minna sótt. Þetta er sérstaklega umhugsunarvert út frá uppbyggingu innviða eins og samgöngumannvirkja, verndun náttúrusvæða og ekki síst vegna útblásturs frá bifreiðum.

# Að efla leiðtogahæfni kvenna í ferðaþjónustu í átt að sjálfbærri framtíð

Auður Ingólfsdóttir[1], Vera Vilhjálmsdóttir[2]

[1] Transformia
[2] Rannsóknamiðstöð ferðamála

Hlutfall kvenna í störfum tengdum ferðaþjónustu er um 54% en laun þeirra eru að meðaltali um 10-15% lægri en laun karla í svipuðum störfum. Þegar horft er til stjórnunarstarfa innan ferðaþjónustunnar þá er misræmið enn meira en konur skipa aðeins um 25% af stjórnunarstarfa og þá helst við störf tengdum mannauðstjórnun frekar en markaðsmálum eða fjármálum.Með jafnréttissjónarmið að leiðarljósi þá er mikilvægt að finna leiðir til að efla konur til að taka að sér leiðtogahlutverk í auknum mæli. Það er ekki síður mikilvægt þegar horft er til málefna tengdum sjálfbærni, loftslagsmálum og ábyrgri ferðaþjónustu. Til að mynda benda nokkrar nýlega rannsóknir til þess að konur séu almennt meðvitaðri um umhverfismál en karlar og séu einnig líklegri til að breyta hegðun sinni til að verða umhverfisvænni.Í þessu erindi verður farið yfir niðurstöður skrifborðsrannsóknar sem gerð var í tengslum við Erasmus+ verkefnið We Lead en það snýr að eflingu á leiðtogahæfni kvenna í sjálfbæri ferðaþjónustu og afurð verkefnis verður kennsluefni í opnum aðgangi sem tekur á þeim áskorunum og tækifærum sem konur standa frammi fyrir innan ferðaþjónustunnar ekki síst á sviði loftlagsbreytinga. En við framkvæmd skrifborðrannsóknarinnar voru tengslin milli leiðtogahlutverka, jafnrétti kynjanna, ferðaþjónustunnar og loftslagsmála sérstaklega skoðuð, ásamt nýjustu tölfræði yfir stöðu kvenna innan ferðaþjónustunnar í þátttökulöndum verkefnisins.

## Viðhorf ferðaþjónustuaðila til virkjunar við Skrokköldu.

Guðmundur Björnsson

Líf-og umhverfisvísindadeild, ferðamálafræði, HÍ

Í erindi þessu er greint frá rannsókn þar sem kannað var viðhorf ferðaþjónustuaðila til virkjunar við Skrokköldu, sem er til skoðunar í fimmta áfanga Rammaáætlunar (Vernd- og orkunýtingaráætlunar). Tekin voru hálfstöðluð viðtöl við 17 ferðaþjónustuaðila sem eru með starfsemi á áhrifasvæði fyrirhugaðrar virkjunar. Viðmælendur voru spurðir hvers konar starfsemi þeir stunda á Sprengisandi, sér í lagi á fyrirhuguðu virkjunarsvæði við Skrokköldu, um aðdráttarafl svæðisins, viðhorf og áhrif virkjunar við Skrokköldu á ferðaþjónustuna, auk framtíðarvirði og framtíðarmöguleikum svæðisins fyrir ferðaþjónustu. Niðurstöður benda til þess að almennt séu ferðaþjónustuaðilar andvígir Skrokkölduvirkjun sem þeir segja að muni spilla þeirri auðnar- og óbyggðaupplifun sem einkennir Sprengisand og auka aðgengi að svæðinu. Ferðaþjónustuaðilar telja framtíðarmöguleika hálendisins mjög mikla fyrir ferðamennsku og að frekari virkjanir muni skerða þá möguleika. Í ljósi síaukins fjölda erlendra ferðamanna sé mikilvægt fyrir ferðaþjónustuna að hafa svæði tiltæk til að taka við vextinum, sérstaklega fyrir þann markhóp sem vill forðast fjölmennið og er að sækjast eftir víðernisupplifun. Í því samhengi skiptir svæðið í kringum Sprengisand miklu máli og eigi verðmæti svæðisins fyrir ferðaþjónustuna eftir að aukast enn frekar þegar til framtíðar er litið.

## Skemmtiferðaskip og samfélagslegt leyfi til starfa

Rannveig Ólafsdóttir[1], Anna Guðrún Edvardsdóttir[2], Guðmundur Björnsson[3]

[1] Háskóli Íslands, Líf- og umhverfisvísindastofnun
[2] Háskólinn Hólum
[3] Háskóli Íslands, Líf- og umhverfisvísindastofnun

Samfara auknum fjölda skemmtiferðaskipa sem sækja Norðurslóðir heim eykst umræðan um umhverfis- og samfélagsleg áhrif þessarar tegundar ferðamennsku, sérstaklega á strjálbýl og afskekkt samfélög. Skipafarþegar eru oft mörgum sinnum fleiri en íbúar og yfirtaka því auðveldlega þá staði sem þeir heimsækja þann tíma sem skipin eru í höfn. Samfélagsleg viðurkenning íbúa er því mikilvæg til að skapa traust á milli heimasamfélagsins og skemmtiferðaskipa. Samfélagslegt leyfi til starfa (SLS) (e. Social licence to operate) er tæki sem hefur verið að ryðja sér til rúms á meðal fyrirtækja sem stunda námugröft og skógrækt til að minnka ágreining á milli ólíkra hagsmunaaðila og efla traust á meðal íbúa. SLS er ekki stjórnsýsluleyfi sem veitt er af yfirvöldum heldur gagnvirkt ferli til að skapa og viðhalda samþykki og trausti íbúa. Leyfið byggir á hugmyndum um sjálfbæra þróun annars vegar og samfélagslega ábyrgð fyrirtækja hins vegar, og leggur áherslu á að skilja heildarmyndina. Í þessu verkefni er sjónum beint að skemmtiferðaskipum og SLS, og því hvernig og hvort unnt sé að nýta SLS í stýringu þeirra. Tilviksrannsóknarsvæði eru Suðuroy í Færeyjum og Ísafjörður á Vestfjörðum, þar sem hin margvíslegu samskipti sem eiga sér stað á milli áfangastaðar og skemmtiferðaskipa eru skoðuð. Upplifun ólíkra hagsmunaaðila svæðanna á ferðamennsku er rannsökuð, sem og þekking, skynjun og upplifun farþega, áhafnar og stjórnenda skemmtiferðaskipa á áfangastað. Stuðst er við megindlegar og eigindlegar aðferðir, spurningalistar lagðir fyrir farþega, og viðtöl tekin við hagsmunaaðila í héraði, sem og áhafnir og stjórnendur skemmtiferðaskipa. Fyrstu niðurstöður verða kynntar á Þjóðarspeglinum.

## First steps in researching the approach of the Reykjavík school and welfare systems to Roma children and families

Marco Solimene

University of Iceland, School of Social Sciences, Department of Sociology, Anthropology and Folkloristics

The main points of contact between Roma and Icelandic institutions have been, so far, the school and welfare systems; it is in the interlocution with these two institutional bodies that the Roma background of some students and their families became more explicit. This presentation discusses the first steps of a research that investigates the approach of the Reykjavík school and welfare systems to the Roma presence in the capital area. The aim of the research, as it will be discussed in the presentation, is understanding the point of view of the workers who were directly involved in the interlocution with Roma children and their families, and more specifically: the challenges they faced; the response and solutions they found to overcome these challenges; the efficacy of these solutions; and the lessons learned from this experience. The collection of data is based on in-depth semi-structured interviews. As fieldwork is at an early stage, this presentation will mainly discuss the research's theoretical framework, working hypothesis and methodology. It will nonetheless reflect on some preliminary findings which emerged from the first interviews with school personnel, and which highlight two main challenges. The first one concerns striking the right balance between adopting a mainstream approach and considering the specific life trajectories and socio-cultural situations of Roma children. The second challenge is linked to a structural shortage of manpower and resources, which, in turn, hampers a proper response to the needs of Roma children and their families.

## Connecting the dots: Roma in Iceland in the context of Romani histories in the Nordic region

**Sofiya Zahova**

Vigdís Finnbogadóttir of Foreign Languages

Until recently, Iceland was believed to be a Roma-less territory with an isolated population in which Roma people were unseen until the late twentieth century. Nevertheless, preliminary sources of visual, written and oral narratives which have been studied as part of the RomIs project confirm that Roma residing in Nordic countries have been visiting Iceland since as early as the beginning of the twentieth century, and also ventured here in subsequent decades to explore economic niches. The purpose of the presentation is to outline the preliminary findings of a multidisciplinary research implemented as part of the RomIs project, that focuses on the earliest historical records available about Romani presence and the history of Romani presence in Iceland in relation to the history and ethnography of Roma in the Nordic region. The research is based on methods combining archival research, secondary sources and oral history and the main findings to be presented are preliminary. They do confirm the hypothesis that families from Roma groups residing in the Nordic area have also been present in Iceland, both in the past and today. The main implications concern laying the foundation for the first-ever history of Roma presence in Icelandic territories from a Nordic Romani history perspective. Beyond that, the research also complements the corpus of studies on migrations and contributes to the studies that critically deconstruct the discourse on Icelandic homogeneity since the time of settlement and on 'Icelandic exceptionalism' when it comes to society's attitudes towards racism.

## Romanian Roma in Iceland: Ethnographic Study in Progress

**Adriana Suiu**

University of Iceland, Vigdís Finnbogadóttir Institute of Foreign Languages

Migration from Romania to Iceland has been a constantly growing phenomenon in recent years. Romanian migrants are pushed by low wages in their home country and attracted by the prospect of better job opportunities in Iceland. This paper presents the preliminary findings of a research that explores the migrations of a closely knitted network of Romanian Roma families, who now reside in the Reykjavík area. The aim of the research is to understand the reasons behind the migration to Iceland, but also the present situation of these families. Specific attention is given to their access to housing, employment, education, and healthcare, as well as their strategies of (in)visibility and transnational connections. The research is based on qualitative fieldwork methodologies, especially participant observations, and interviews with Romanian Roma migrants living in Reykjavík. The preliminary findings indicate that while the immigrant population in Iceland is growing and their provenience becoming more and more diversified, the migration of Romanian Roma remains almost invisible. They seem to live like any other migrant, they have the same labor opportunities, and they don't experience or perceive marginalization or discrimination. Also, they keep transnational connections with their home country or other EU countries. This research provides valuable information and insights into the experiences and challenges faced by the Romanian Roma community in Iceland. It thus can help inform policies and practices that aim at improving their lives and advocate for their rights.

# Háskólar: Samfélagslegt hlutverk og starfs- og námsumhverfi

## Samfélagslegt hlutverk háskóla og þróun rannsóknastefnu á Íslandi

**Eiríkur Smári Sigurðarson**

Hugvísindastofnun

Efnahagshrunið 2008 hafði í för með sér uppgjör af ýmsu tagi. Í 8. bindi "Rannsóknaskýrslu Alþingis"um siðferði og starfshætti var m.a. bent á að íslenskir háskólar hefðu ekki sinnt samfélagslegu hlutverki sínu sem skyldi í aðdraganda hrunsins. Matskerfi rannsókna við Háskóla Íslands (sem hefur síðan verið tekið upp af fleiri háskólum) er gagnrýnt fyrir að leggja of einhliða áherslu á birtingar rannsókna og háskólinn er hvattur til að hlúa betur að samfélagslegu hlutverki sínu. Á síðustu 15 árum hefur stefnumótun rannsókna breyst, markmið eru skýrari og áætlanir um eftirfylgni hafa bæst við og sérstakt gæðaráð háskóla hefur verið stofnað. Samfélagsleg markmið verða sífellt meira áberandi. Matskerfi rannsókna hafa hins vegar að miklu leyti staðið í stað. Þetta kann þó að vera að breytast með endurskoðun á stjórnkerfi rannsókna og nýju reiknilíkani háskólanna. Í þessu erindi verður þróun rannsóknastefnu á Íslandi frá 2008 til í dagsins dag greind, skoðað hvernig áherslur á samfélagsleg áhrif rannsókna hafa breyst á þessu tímabili og hvaða þýðingu þessar breytingar hafa fyrir hug- og félagsvísindi. Greiningin byggist á útgefnum stefnum Vísinda- og tækniráðs, Gæðaráðs íslenskra háskóla og Háskóla Íslands og á samanburði við matskerfi sem rannsakendur lifa við. Stuðst verður við kenningu Marta Wróblewska um "þroskastig"rannsóknakerfa til að takast á við samfélagsleg áhrif.

## “Kannski hefði ég átt að spyrja um þetta”: Þörf nýráðinna lektora við Háskóla Íslands á stuðningi við kennslu

Renata Emilsson Peskova[1], Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir[2], Thamar Melanie Heistra[3]

[1] Menntavísindasvið
[2] Menntavísindasvið
[3] Félagsvísindasvið

Þegar nýir lektorar hefja starf við Háskóla Íslands, þurfa þeir mismunandi upplýsingar og stuðning til þess að geta gegnt starfi sínu af fagmennsku og alúð. Háskólinn er flókið vinnuumhverfi og lektorsstarf er margslungið. Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna upplifun nýráðinna lektora á öllum fræðasviðum HÍ , og þá sérstaklega á Félags- og Menntavísindasviði, af stuðningi við kennslu. Það var gert með eigindlegri aðferðafræði. Gögnin voru einstaklingsviðtöl og rýnihópaviðtöl við tuttugu nýráðna lektora í heild. Þemagreining var notuð til að greina gögnin. Frumniðurstöður sýna að þörf sé fyrir meira utanumhald í kringum nýráðna lektora. Viðmælendur upplifa sig eina í kerfinu og jafnvel þó nýráðnir lektorar séu meðvitaðir um ýmsa stuðnings- og þjónustumöguleika þá ná þeir ekki til þeirra nema að takmörkuðu leyti og þeir kenna sjálfum sér um. Flestir viðmælendur álíta að ráðning þeirra hafi verið að mörgu leyti óvenjuleg og þess vegna grípi stuðningskerfið þá ekki. Einnig hefur það fráhrindandi áhrif að nýráðnir lektorar þurfa að mestu leyti að eiga frumkvæði að sækja sér stuðning. Vegna tímaleysis og þekkingarleysis getur það verið áskorun og því ýtt til hliðar. Niðurstöðurnar gefa ennfremur til kynna að lektorarnir þurfa stuðning til lengri tíma til að finna jafnvægi á milli einstakra þátta starfsins og til að finna takt sinn í starfinu. Formlegt og kerfisbundið utanumhald, handbók fyrir nýráðna lektora og aðgangur að reynslumeiri mentor eru dæmi um leiðir sem þarf að tryggja á öllum fræðasviðum. Heildstæður rammi fyrir þróun í starfi, eftir fyrirmynd Victoria háskóla í Nýja Sjálandi, væri verulegur stuðningur til framtíðar.

## Tengslanet og árangur í háskóla á fordæmalausum tímum

Tinna Laufey Ásgeirsdóttir[1], Ásthildur Margrét Jóhannsdóttir[2], Gylfi Zoega[3], Marco Francesconi[4]

[1] Hagfræðideild - Háskóli Íslands
[2] Hagfræðideild - Háskóli Íslands
[3] Hagfræðideild - Háskóli Íslands
[4] University of Essex

Í byrjun árs 2020 skall á heimsfaraldur af völdum kórónuveirunnar COVID-19. Veiran lék Háskóla Íslands grátt, líkt og flesta háskóla heimsins, og þar þurfti að skella í lás á örskotsstundu. Kennarar voru skikkaðir til að breyta kennsluáætlunum sínum yfir í rafræna kennslu og nemendur neyddust til að læra að heiman ætluðu þeir sér að halda áfram í námi. Rafrænum kennsluháttum fylgdu einnig þær breytingar að flest lokapróf voru haldin sem heimapróf og félagslíf var verulega takmarkað. Faraldurinn hafði því djúpstæð áhrif á líf þúsunda nemenda. Þessi rannsókn fjallar um námsárangur nærri 18 þúsund grunnnema við Háskóla Íslands yfir níu missera tímabil, frá 2018 til 2022, og spannar þær annir sem Íslendingar bjuggu við takmarkanir vegna faraldursins. Markmið rannsóknarinnar er tvíþætt, í fyrsta lagi að rannsaka áhrif COVID-19 og heimaprófa á námsárangur háskólanema og í öðru lagi að skoða hvort tengslanet nemenda hafi áhrif á einkunnir þeirra. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að COVID-19 og heimapróf hafa jákvæða fylgni við einkunnir í háskóla. Einnig sýna niðurstöðurnar jákvæða fylgni milli þess að vera hluti af stóru tengslaneti og einkunna, sérstaklega þegar heimsfaraldur geisar. Niðurstöðurnar gefa innsýn í námsárangur háskólanema á tímum heimsfaraldurs og sýna jafnframt fram á mikilvægi þess að háskólanemar kynnist og eigi í samskiptum við samnemendur sína.

# Key predictors of student satisfaction in higher education, in Bissau, Guinea-Bissau

Jon Edmund Bollom[1], Aladje Baldé[2], Zeca Jandi[3], William Gomes Ferreira[4], Geir Gunnlaugsson[5], Stefán Hrafn Jónsson[6], Jónína Einarsdóttir[7]

[1] Faculty of Sociology, Anthropology and Folkloristics
[2] Jean Piaget University, Guinea-Bissau; Instituto Nacional de Saúde Pública da Guiné-Bissau (INASA)
[3] Faculty of Sociology, Anthropology and Folkloristics; Instituto Nacional de Estudos e Pesquisas (INEP)
[4] Jean Piaget University, Guinea-Bissau
[5] Faculty of Sociology, Anthropology and Folkloristics
[6] School of Social Sciences
[7] Faculty of Sociology, Anthropology and Folkloristics

Higher Educational (HE) policy focussing upon quality education provision is essential to realisation of upwardly mobile societies, and progress towards myriad Sustainable Development Goals. However, no data on HE enrolment or student demographics exists in Guinea-Bissau. The research aims to ascertain factors determining student satisfaction with university tuition.Data was collected in late 2022, in Bissau; 2,255 students from Guinea-Bissau's six largest HE institutions responded to a locally adapted survey, the first of its kind in the country. Akaike Information Criterion was utilised, creating a model of best-fit. Logit regression modelling was subsequently used. 58.2% of students were content, against 41.8% undecided or unsatisfied with studies. Feelings of 'belonging' (OR=1.181) and not wanting to change university (OR=1.122), reporting that staff are interested in progress (OR=1.246) and act fairly and sympathetically (OR=1.493), experiencing fewer financial difficulties (OR=1.130) and indicating education is worth the cost (OR=1.173) and advantageous even when uncompleted (OR=1.076), and increased time spent caring for dependents (OR=1.052) predicted student satisfaction. Yet rising student grades (OR=.904), finding studies very easy (OR=.867) and increased parental interest in educational success (OR=.814) anticipated falling satisfaction. Responses indicate institutional policies increasing teacher/staff-student interaction, foster senses of belonging, and alleviate financial stresses would precipitate greater student satisfaction. Despite divergent effects, perceived worth of unqualified education and dissatisfaction with course easiness hint formative knowledge gain, over summative qualification attainment, inform student satisfaction. Findings suggest that culturally specific factors influence student estimations of tuition, with institutional commitment towards more challenging curricula anticipating greater student satisfaction.

## Þjóðtrú, hindurvitni og kristin lífsviðhorf Tryggva Emilssonar verkamanns

**Pétur Pétursson**

Félagsfræðideild / Guðfræðideild H. Í.

Tryggvi var fæddur á Akureyri árið 1902 Faðir hans var verkamaður og bóndi. Hann missti móður sína sex ára gamall og hún dó úr vosbúð og vinnuþrælkun. Tryggvi átti erfiða æsku vegna fátæktar og sem ungur maður þjáðist hann af berklum. Hann snerist til fylgis við sósíalisma og var framarlega í hagsmunasamtökum verkamanna.Í þessari ritgerð verður fjallað um viðhorf Tryggva til þjóðtrúar og lagt mat á það að hve miklu leyti þau endurspegla túarhugmyndir og trúarlíf Íslendinga. Hann gerði ráð fyrir að huldufólk, fylgjur og draugar væru raunveruleg fyrirbrigði, enda hafði hann persónulega reynslu af þeim.Ef þau vöktu með honum ugg og ótta brást hann við með því að signa sig og fara með bænir. Tryggvi las sig til um narxisma og sósíalisma og ræktaði með sér stéttavitund sem nærðist af reynslu hans af félagslegu óréttlæti. Hann lá ekki á ógeði sínu í garð presta sem sýndu fátæklingum hroka eða skilningsleysi, en það hindraði hann ekki aðdáun hans á Jesú Kristi og boðskap hans og helgidögum kirkjunnar. Fjallað verður um trú og lífsviðhorf Tryggva út frá hugtökum trúarbragðafélagsfræðinnar. Voru þjóðtrúarfyrirbrigðin í lífsviðhorfi hans á öndverðum meiði við hin opinberu trúarbrögð samfélagsins?

## Ny könnun um þjóðtrú Íslendinga og reynslu þeirra af yfirnáttúrulegum fyrirbærum

Terry Gunnell

Háskóli Íslands, Félagsfræði, mannfræði og þjóðfræði deild (professor emeritus)

Markmið fyrirlestursins er að kynna helstu niðurstöður úr nýrri panel-könnun um þjóðtrú Íslendinga og reynslu þeirra af yfirnáttúrulegum fyrirbærum sem var framkvæmd af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands fyrir mig í júlí og ágúst 2023. Þátttakendur voru c. 2800 manns af báðum kynjum á aldrinum 18 til 75 ára, og er úrtakið lagskipt eftir kyni, aldri og búsetu, eins og í eldri könnunum sem voru framkvæmdar af Félagsvísindastofnun árið 1974 (fyrir Erlend Haraldsson, prófessor í sálfræði) og 2006-2007 (fyrir mig í samvinnu við Erlend). Hugmyndin er meðal annars að kanna áhrif nýrra samfélagsmiðla, aukins aðgangs að erlendum sjónvarpsstöðvum og aukinna samskipta við útlendinga á þjóðtrú landsmanna. Í könnuninni er spurt um reynslu og trú varðandi berdreymi, nafnavitjun, hugboð, svipi, drauga, návist látins dýrs, „poltergeist", reimleika, álfa og huldufólk, álagabletti, ættarfylgjur, fylgjur, huglækningar, fljúgandi furðuhluti, og viðhorf til guðs og ásatrúar. Ennþá er verið að ganga frá niðurstöðunum, en sérstaklega athyglisvert er að sjá meðal annars hvernig kynjamunur í sambandi við þjóðtrú virðist ennþá vera til staðar og líka hvernig erlendir fjölmiðlar eru greinilega að hafa áhrif á viðhorf landsmanna um útlit huldufólks og álfa og hugmyndir um reimleika. Ljóst er að stór hluti landsmanna virðist ennþá vera mjög opnir fyrir tilvist hins yfirnáttúrulega, þó að efasemdir (m.a. um tilveru huldufólks, fylgja, lífs eftir dauða og guðs) séu að aukast. Trú á berdreymi og hugboð virðist þó vera enn við líði.

# „Það er stuðlabergshóll og að ætlun manna álfakirkja“

**Jón Jónsson**

Rannsóknasetur HÍ á Ströndum - Þjóðfræðistofa

Vinna við vegagerð er án vafa ein af þeim framkvæmdum sem valdið hafa mestum spjöllum á fornminjum og menningarlandslagi á Íslandi. Að sama skapi getur vegagerðin stundum líka gert minjavörslunni gagn, því oft hafa áður óþekktar fornleifar komið í ljós við undirbúning framkvæmda. Á þessu ári var Topphóll á jörðinni Dilksnesi, í nágrenni Hafnar í Hornafirði, sprengdur upp. Þetta var gert í þágu vegagerðar, efnistöku og umferðaröryggis, samkvæmt hinu opinbera. Seint í undirbúningsferlinu komu fram ábendingar um að heimildir væru um að hóllinn væri álfakirkja, auk þess sem hann var ljómandi falleg náttúrusmíði. Niðurstaðan var þó að hóllinn var fjarlægður og heyrir nú sögunni til. Í erindinu verður skoðað hvort við getum lært eitthvað af dæminu um Topphól og þá hver sá lærdómur getur verið. Rýnt verður í hvað gildandi lagarammi segir okkur um verndun þjóðsagna- og þjóðtrúarstaða og rætt hvort hægt sé með einhverjum hætti að bæta regluverkið og stjórnsýsluna. Glímt verður við menningarpólitískar spurningar um minjalögin sjálf, en einnig verkferla og vinnubrögð við skipulagsvinnu og undirbúning framkvæmda, m.a. við fornleifaskráningu, umhverfismat, samráð við nærsamfélagið og ákvarðanatöku um framkvæmdir.Stóra spurningin hlýtur að vera sú hvort fólkinu í landinu finnist að áfram eigi að sýna sögnum og menningararfi í landslaginu virðingu eða hvort það skipti ekki lengur máli. Ef virðing fyrir þjóðsagnaslóðum er enn mikilvæg þarf að setja skráningu slíkra staða í forgang og breyta aðferðum við skipulagsvinnu og verkferlum við undirbúning framkvæmda.

## „Hún var vergjörn mjög og kunni illa einlífi“: Tröllskessur, huldukonur og hugmyndir um kvenleika

Dagrún Ósk Jónsdóttir

Háskóli Íslands

Þjóðsögur og sagnir geta sagt okkur ýmislegt um tímann sem þeim er safnað á, enda endurspeglast í þeim viðhorf fólksins og samfélagsins sem segir sögurnar. Með sama hætti hafa sagnir svo gagnvirk og mótandi áhrif á samfélagið. Í erindinu er teflt saman tveimur gerðum sagna í útgefnum þjóðsagnasöfnum frá 19. og fyrra hluta 20. aldar. Sagnirnar sem um ræðir segja annars vegar frá tröllkonum sem ræna mennskum körlum og vilja nota þá til að viðhalda kyni sínu og huldukonum sem er hafnað af mennskum mönnum þegar þeir heimsækja hulduheima.Birtingarmynd þessara yfirnáttúrulegu kvenvætta er um margt ólík í sögnunum. Við fyrstu sýn virðist sem körlunum stafi ógn bæði af skessum og huldukonum, vegna kynferðis þeirra, en um leið er ljóst að skilaboðin eru margslungnari en svo. Sagnir af þessu tagi hafa án vafa haft það hlutverk að kenna konum hvað væri viðeigandi hegðun eða óæskileg. Eigindlegum rannsóknaraðferðum er beitt á efnið og gerð verður grein fyrir þeim boðskap um hlutverk kvenna sem sagnirnar miðla, bæði út frá þjóðfræðilegu og kynjafræðilegu sjónarhorni.

## Störf og starfstengd viðhorf lífeindafræðinga

Lóa Björk Óskarsdóttir, Arney Einarsdóttir

Háskólinn á Bifröst, Viðskiptadeild

Lífeindafræðingar stunda mikilvægar rannsóknir og greiningar á lífsýnum í heilbrigðisgeiranum en lítið fer fyrir rannsóknum og umræðu um störf og viðhorf þessa starfshóps hér á landi. Markmið þessarar rannsóknar er því að fá innsýn í eðli og einkenni starfa og starfstengd viðhorf þessa hóps. Notuð voru viðurkennd og áreiðanleg mælitæki til að mæla starfshönnun, starfsánægju, kulnun og áform um starfslok. Rannsóknin er megindleg samanburðarrannsókn og var könnun lögð fyrir starfandi lífeindafræðinga í ársbyrjun 2023 og niðurstöður bornar saman við niðurstöður meðal starfandi hjúkrunarfræðinga hér á landi er svöruðu sömu spurningalistum í alþjóðlegri rannsókn árið 2018. Niðurstöður byggja á svörum 147 þátttakenda, 65 lífeindafræðinga og 82 hjúkrunarfræðinga. Niðurstöður benda til þess að styrkleikar í starfshönnun lífeindafræðinga felist í upplifun á mikilvægi þeirra, sérhæfingu, fjölbreytni og flækjustigi. Einnig benda niðurstöður til þess að þekking lífeindafræðinga nýtist vel og félagslegur stuðningur sé til staðar. Hjúkrunarfræðingar og lífeindafræðingar meta störfin sín sambærilega flókin og að þau krefjist álíka mikillar þekkingar og félagslegs stuðnings. Lífeindafræðingar fá takmarkaða innbyggða endurgjöf bæði frá starfinu sjálfu og frá samstarfsfólki og þeir hafa takmörkuð áhrif á hvernig þeir vinna störf sín. Niðurstöður benda til þess að líkamlegt álag og notkun flókinna tækja séu helstu veikleikar í störfum hjúkrunarfræðinga en notkun flókinna tækja og skortur á endurgjöf séu helstu veikleikar í störfum lífeindafræðinga. Starfsánægja þessara stétta er sambærileg og nokkuð mikil en lífeindafræðingar finna síður fyrir kulnunareinkennum en hjúkrunarfræðingar og lífeindafræðingar eru marktækt síður líklegri til að áforma starfslok.

## Hjúkrunarfræðingar hjartadelid: Fagmennskan og starfsandinn, manni líður vel á deildinni.

Rósa Eiríksdóttir[1], Sigrún Gunnarsdóttir[2]

[1] Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins, svið mannauðs og nýliðunar; Háskóli Íslands, Viðskiptafræðideild
[2] Háskóli Íslands, Viðskiptafræðideild

Starfsumhverfi hjúkrunarfræðinga hefur mikil áhrif á starfsánægju þeirra og áform um að hætta störfum. Fyrri rannsóknir sýna að viðeigandi mönnun, álag í vinnu, samvinna, traust og möguleiki á starfsþróun og símenntun eru mikilvægir þættir í starfsumhverfi hjúkrunarfræðinga sem hefur áhrif á öryggi bæði starfsfólks og sjúklinga. Sálfélagslegir þættir svo sem félagslegur stuðningur, starfsandi, innri starfshvöt, ábyrgðarskylda og áhrif á eigin störf gegna lykilhlutverki í heilbrigðu starfsumhverfi. Hjartadeild Landspítalans kom vel út úr starfsumhverfiskönnuninni Stofnun ársins fyrir árið 2022 og því áhugavert og mikilvægt að varpa ljósi á upplifun hjúkrunarfræðinga hjartadeildarinnar af starfsumhverfi sínu með tilliti til starfsánægju, starfsanda og stjórnunar. Gerð var eigindleg rannsókn með viðtölum við tólf hjúkrunarfræðinga á hjartadeild Landspítalans og gögnin greind með þemagreiningu. Fram komu þrjú þemu sem lýsa upplifun hjúkrunarfræðinga og sýna að hjúkrunarfræðingarnir eru ánægðir með starfsumhverfi sitt. Helstu þættir sem viðmælendur tengja starfsánægju sinni og starfsanda eru góð mönnun, samvinna, hjálpsemi, stuðningur og sýnileiki stjórnenda, tækifæri til starfsþróunar og tækifæri til að hafa áhrif á eigin störf. Niðurstöðurnar eru í takt við líkön um heilbrigt starfsumhverfi í hjúkrun. Stjórnunin á deildinni vísar að mörgu leyti til sannrar forystu og umbreytandi leiðtogastíls ásamt því að vera í senn bæði styðjandi og stefnuföst og endurspeglar þannig hugmyndafræði þjónandi forystu. Niðurstöður rannsóknarinnar eru framlag til þekkingar um árangursríkt starfsumhverfi hjúkrunarfræðinga og getur haft hagnýtt gildi fyrir stjórnendur og starfsfólk í hjúkrun.

## Huga stjórnendur og mannauðsráðgjafar nægjanlega að áhrifum tíðahvarfa á líðan og hegðun kvenna í starfi?

Auður Arna Arnardóttir

Viðskiptadeild Háskóla Íslands

Þrátt fyrir að konur séu í dag nær helmingur alls vinnuafls í hinum vestræna heimi og að vinnuþátttaka miðaldra og eldri kvenna hafi aukist hefur samband tíðahvarfa og vinnu lítið verið rannsakað innan stjórnunar- og mannauðsfræða. Eitt af markmiðum góðrar mannauðsstjórnunar er að stuðla að jafnrétti, þar á meðal óháð kyni og aldri, og stuðla að því að vinnuumhverfi styðji við og virði ólíkar þarfir starfsfólks. Á liðnum árum hafa erlendir fræðimenn kallað eftir frekari rannsóknum á jákvæðum og neikvæðum þáttum þessa lífsskeiðs kvenna, fyrir atvinnulíf, samfélög og vinnandi konur. Markmið þessarar rannsóknar var að öðlast dýpri skilning á með hvaða hætti íslenskir stjórnendur og mannauðsráðgjafar skilja og koma til móts við þann hóp kvenna sem glímir við veruleg einkenni tíðahvarfa, og til hvaða bjargráða eða stuðnings þeir grípa til að stuðla að betri inngildingu (e. inclusion) kvenna sem glíma við erfið tíðahvörf. Framkvæmd voru 10 rýniviðtöl við starfandi mannauðsráðgjafa á Íslandi. Beitt var eigindlegri aðferðarfræði við greininu gagan, með þema greiningu í gegnum NVivo. Niðurstöður sýna að breytingarskeið sem skýribreyta er lítt skoðað og þekkingu mannauðsstjóra á fjölbreyttum einkennum er ábótavanta. Þeir tiltaka jafnframt að dýpka þurfi skilning vinnuveitenda á áhrifum tíðarhvarfa á líðan kvenna í starfi. Jafnframt þarf að efla umræðu milli starfsmanna og stjórnenda um einkenni og áhrif þeirra á dagleg störf.

## Kulnunareinkenni eða starfsþrot á vinnustöðum?

Arney Einarsdóttir[1], Katrín Ólafsdóttir[2], Sigrún Gunnarsdóttir[3]

[1] Viðskiptadeild, Háskólinn á Bifröst
[2] Viðskiptadeild, Háskólinn í Reykjavík
[3] Viðskiptafræðideild, Háskóli Íslands

Umræða um kulnun í starfi hefur aukist mjög hérlendis síðustu ár líkt og víða erlendis. Kulnun er gjarnan rakin til viðvarandi álags í starfi sem ekki hefur náðst stjórn á. Í rannsóknum hefur sjónum verið beint að einstökum starfsstéttum þar sem unnið er með fólk. Starfstengd kulnun einskorðast þó ekki við slík störf og í auknum mæli mætti líka beina sjónum meira að verndandi þáttum í viðhorfum starfsfólks og draga fram afleiðingar kulnunar fyrir vinnustaði.Í rannsókninni er varpað ljósi á jákvæð starfstengd viðhorf sem geta verndað starfsfólk gegn kulnun í starfi, og á birtingarform kulnunar í viðhorfum og hegðun starfsfólks. Almenna mælitæki Maslach Burnout Inventory er mælir svokallað tilfinningaþrot var notað og gagna aflað haustið 2019 meðal 898 starfsmanna í fjölbreyttum störfum og starfsgreinum í alls 32 skipulagsheildum Svarhlutfallið var 47%. Niðurstöður sýna neikvæð tengsl starfsánægju, sanngirni og trausts við kulnun. Það bendir til þess að starfsánægja og upplifun starfsfólks á sanngirni og trausti á vinnustað geti verndað starfsfólk gegn kulnunareinkennum, eða því sem kalla mætti jafnvel starfsþrot í ljósi skilgreiningar. Jafnframt greindust neikvæð tengsl kulnunar við hollustu starfsfólks, sem og tengsl kulnunar við aukin áform um starfslok. Niðurstöður rannsóknarinnar veita innsýn í tengsl viðhorfa starfsfólks til starfs og vinnustaðar við kulnun og neikvæðar afleiðingar kulnunar fyrir fyrirtæki og stofnanir í formi minni hollustu og aukinna áforma um starfslok. Niðurstöður geta nýst stjórnendum og öðrum er starfa á sviði mannauðsmála í markvissri viðleitni í forvörnum gegn kulnun á vinnustöðum, eða því sem kalla mætti starfsþrot.

## Skynjun almennings á félagslegu og persónulegu réttlæti: Mótsagnir og breytingar

Jón Gunnar Bernburg

Háskóli Íslands

Rannsóknir benda til þess að einstaklingar skynji félagslegt réttlæti og persónulegt réttlæti á ólíkum grunni. Í einn stað telja flestir einstaklingar að tækifærum til að klífa metorðastigann sé misskipt og að ójöfnuðurinn í samfélaginu sé of mikil. En í annan stað telja flestir einstaklingar að þeirra eigin staða í þjóðfélaginu sé réttlát. Með öðrum orðum er skynjun á félagslegu óréttlæti útbreidd en skynjun á stöðuóréttlæti sjaldgæf. Í erindinu verða útskýringar á þessari mótsögn reifaðar og réttmæti þessara skýringa metið með gögnum sem safnað hefur verið hérlendis um upplifanir einstaklinga af réttlæti og misskiptingu í íslensku samfélagi. Nánar tiltekið er notast við gögn úr íslensku viðhorfakönnuninni sem félagsvísindastofnun HÍ hefur tvívegis framkvæmd hérlendis, fyrst vetur 2009-10 og svo árið 2020. Gögnin gefa þannig færi á því að bera saman réttlætisupplifanir íslensks almennings milli þessara tímapunkta. Niðurstöður styðja tvær megin skýringar á því hvers vegna fáir upplifa stöðuóréttlæti. Í fyrsta lagi hefur fólk sterka tilhneigingu til þess að upplifa jákvæðan félagslegan samanburð; langflestir telja stöðu sína engu verri en gengur og gerist. Í öðru lagi hefur fólk sterka tilhneigingu til þess að upplifa félagslegan veruleika sem sjálfgefinn; þegar sú upplifun fer í uppnám (eins og gerðist kreppuveturinn 2009-2010) aukast líkur á að einstaklingar upplifi stöðuóréttlæti. Niðurstöður gefa færi á að þróa betur skýringar á því hvers vegna fáir upplifa eigin stöðu sem óréttláta.

## Vantraust: Orðræða íhaldssinna í þungunarrofsumræðunni á írska þinginu árið 2018

Gunnar Sigvaldason

Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands

Árið 2018 ákvað mikill meirihluti írskra kjósenda í þjóðaratkvæðagreiðslu að fella á brott áttundu grein stjórnarskrárinnar en hún fól í sér nær algert bann við þungunarrofi. Rannsóknin beinir sjónum að andstöðunni við frjálslyndar breytingar á þungunarrofslöggjöfunni á írska þinginu, fyrir og eftir þjóðaratkvæðagreiðsluna. Með því að orðræðugreina þingræður ber ég kennsl á mælskubrögð og röksemdir í umræðunni sem alla jafna má finna meðal pólitískra íhaldsmanna. Enn fremur færi ég rök fyrir því, með því að notfæra mér greiningarramma frá Albert O. Hirschman, að þau mælskubrögð sem andstæðingar þungunarrofs beita eigi sér djúpar rætur í íhaldshefðinni: andstæðingar löggjafarinnar halda því þannig fram að afleiðingar breytinganna verði þvert á það sem ætlað er og að þær muni hafa í för með sér óásættanlegar afleiðingar. Ekki aðeins muni löggjöfin skaða þjóðfélagið á margvíslegan hátt heldur muni hún einnig grafa undan hagsmunum kvenna. Ég kemst að þeirri niðurstöðu að andstaðan við þungunarrofslöggjöfina byggist á vantrausti á konum og sjálfsákvörðunarrétti þeirra. Rannsóknin sýnir fram á hvernig kjarnahugmyndir íhaldstefnu, eins og áherslan á stigveldi og andstaðan við „of mikinn“ jöfnuð birtast í samtímaumræðu um þungunarrof.

# Eru allir með áhyggjur af loftslagsbreytingum? Greining á loftslagsáhyggjum Íslendinga út frá kyni

Sóllilja Bjarnadóttir, Sigrún Ólafsdóttir

Félagsfræði, mannfræði og þjóðfræði

Loftslagsbreytingar eru eitt helsta vandamál samtímans og hefur fræðafólk skoðað hvaða þættir ýta undir áhyggjur af þeim. Rannsóknir hafa sýnt að konur hafi meiri áhyggjur af loftslagsbreytingum en karlar. Í þessari rannsókn var notuð kenning kynjaðrar félagsmótunar og hugmyndir um félagsleg hlutverk til að skoða tvær tengdar rannsóknarspurningarnar: 1) Er munur á loftslagsáhyggjum eftir kyni hér landi? og 2) Hvernig tengjast félagsleg hlutverk loftslagsáhyggjum kynjanna? Notast var við tvíkosta aðhvarfsgreiningu með íslenskum gögnum sem voru hluti af Evrópsku Félagsvísindakönnuninni (European Social Survey, 2016). Niðurstöðurnar benda til þess að á Íslandi eru áhyggjur af loftslagsbreytingum miklar hjá báðum kynjum og kom ekki fram kynjamunur líkt og í erlendum rannsóknum. Hins vegar kom fram samvirknisamband þegar skoðuð voru tengsl á milli kyns og starfshlutfalls einstaklinga á loftslagsáhyggjur. Ræddar eru hugsanlegar ástæður þess í greininni út frá kynjuðum hugmyndum um stöðu á vinnumarkaði. Að auki voru þeir einstaklingar sem töldu sig hafa ábyrgð að draga úr loftslagsbreytingum og sem töldu loftslagsbreytingar hafa slæm áhrif á heiminn líklegri til að hafa loftslagsáhyggjur.

## Leysum ekki vandann með Teslum: Viðhorf blaða- og fréttamanna til umfjöllunar um umhverfismál

Guðbjörg Hildur Kolbeins

Félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri

Júlímánuður 2023 var sá heitasti á jörðinni frá því mælingar hófust skv. Kópernikus, loftlagsstofnun Evrópusambandsins. Afleiðing aukinnar hlýnunar er m.a. miklar öfgar í veðurfari og hopun jökla, t.d. á Íslandi og í Noregi. Talið er brýnt að almenningur sé meðvitaður um þessar breytingar og þar geta blaða- og fréttamenn leikið stórt hlutverk í að koma réttum upplýsingum á framfæri. Rannsóknin sem hér er kynnt er hluti af samstarfsverkefni fimm landa á norðurslóðum, þ.e.a.s. Íslands, Noregs, Svíþjóðar, Finnlands og Rússlands. Markmið rannsóknarinnar er að kanna m.a. upplifun blaða- og fréttamanna af að fjalla um umhverfismál.Hér á landi er lítið sem ekkert um sérhæfingu í umhverfisblaðamennsku en tekin voru fimm eigindleg viðtöl vorið 2023 við blaða- og fréttamenn sem hafa fjallað um umhverfismál í störfum sínum.Frumniðurstöður benda til að umfjöllun um umhverfismál í íslenskum fjölmiðlum sé iðulega sprottin af eigin áhuga blaða- og fréttamanna af málefninu þó þeir telji að lestur slíkra frétta sé lítill en þó séu undantekningar þar á. Mikilvægt sé að setja hluti í samhengi fyrir lesendur/áhorfendur þannig að notendur geti tengt við eigið líf. Þó blaða- og fréttamenn segi almennt að vinnubrögð sín séu þau sömu þegar þeir fjalli um umhverfismál eins og þegar þeir skrifi fréttir um önnur efni, þá er ljóst að þeir leggja ofuráherslu á að fara rétt með staðreyndir, t.d. tölulegar upplýsingar.Fyrri rannsóknir hafa sýnt að íslenskir blaða- og fréttamenn upplifi sig sem hlutlæga áhorfendur að atburðum en niðurstöður viðtalanna gefa til kynna að umhverfismálin skipti þá verulegu máli.

## From ecological degradation to restoration: Identifying the socio-ecological effect on restoration projects in Iceland

**Guðrún Guðjónsdóttir**

Þverfræðilegt framhaldsnám, Félagsvísindadeild.

Iceland has experienced a collapse in vegetation cover since the human settlement. Around 40% of the vegetation cover has been degraded or destroyed, culminating early in the 20th century, yet to a limited extent turned around by restoration activities since then. This study aims to investigate the success and benefits of those activities in Iceland, and to illuminate the impact of socio-ecological factors, with the goal of constructing a scalable model for future initiatives. A qualitative method with semi-structured interviews was used to obtain an in-depth insight into the field. All relevant stakeholders to six restoration projects, along with scientists and policy makers, were carefully selected according to pre-defined criteria. The Recovery and Social Benefits Wheel framework introduced by the Society for Ecological Restoration and IUCN´s Nature Based Solutions were chosen to analyse the data. Preliminary findings indicate that despite some success the projects have failed to large extent, the socio-ecological system highly affecting outcome of those projects, including i.e., lack of shared vision, stakeholder engagement, project planning and evaluation as well as regulations and financing. Biological and geophysical components are also identified as influencing factors such as frost heaving, unstable surface, absence of vegetation patches (seed banks), nutrients, water, and climate. This study points to the need to address and enhance the social aspect, i.e., communication, shared vision, system and regulation transformation, research, and reflation, which is vital for scaling up ecological restoration.

## Þjónusta almenningsbókasafna við flóttafólk frá Úkraínu

Jamie Johnston[1], Ágústa Pálsdóttir[2]

[1] Upplýsingafræði, OsloMet — Oslo Metropolitan University
[2] Upplýsingafræði, Félagsvísinda- , mannfræði- og þjóðfræðideild

Almenningsbókasöfn hafa hlutverki að gegna sem opinberar upplýsinga- og menningarstofnanir innan samfélagsins. Frá því að innrás Rússa hófst í Úkraínu hefur fjöldi fólks flúið þaðan, að mestu konur og börn. Óvíst er hvenær flóttafólkið getur snúið aftur til síns heimalands en talið er að töluverður tími muni líða áður en að því kemur. Því vaknar sú spurning hvernig almenningsbókasöfn hafa brugðist við komu úkraínskra flóttamanna? Í erindinu verða kynntar fyrstu niðurstöður úr eigindlegum hluta fjölþjóða rannsóknar átta landa þar sem sjónum er beint að þjónustu bókasafna við flóttafólk frá Úkraínu. Tekin voru viðtöl við stjórnendur og starfsmenn almenningsbókasafna og var sameiginlegur viðtalsrammi notaður í öllum þátttökulöndum. Eftirfarandi rannsóknarspurningar voru settar fram: 1) Hvaða hlutverki gegna almenningsbókasöfn varðandi aðlögun flóttafólks að samfélaginu? 2) Hvernig hefur það áhrif á faglega ábyrgð og/eða þörf fyrir hæfni stjórnenda og starfsfólks bókasafnanna? 3) Hvers konar prógrömm og upplýsingaþjónustu hafa bókasöfnin verið að þróa fyrir flóttafólk? 4) Hafa bókasöfnin myndað samstarf um þjónustu við flóttafólk og ef svo er í hverju felst það samstarf? Í ljós hefur komið að almenningsbókasöfn geti gegnt mikilvægu hlutverki við aðlögun flóttafólks að samfélaginu. Niðurstöður rannsóknarinnar geta skipt máli fyrir stjórnendur almenningsbókasafna og starfsfólk sem annast uppbyggingu og þróun þjónustu fyrir flóttafólk, sem og fyrir aðra aðila sem fara með stefnumótun í málefnum flóttamanna.

# Fagleg sýn upplýsingafræðinga á almenningsbókasöfnum

Ágústa Pálsdóttir[1], Jamie Johnston[2]

[1] Upplýsingafræði, Félagsfræði- , mannfræði- og þjóðfræðideild
[2] Upplýsingafræði, OsloMet - Oslo Metropolitan University

Starfsemi almenningsbókasafna hefur tekið miklum breytingum undanfarna áratugi þar sem leitast hefur verið við að taka aukið mið af þróun í þörfum samfélagsins varðandi þjónustu þeirra. Í erindinu verða kynntar niðurstöður alþjóðlegrar rannsóknar þar sem könnuð voru viðhorf upplýsingafræðinga á almenningsbókasöfnum varðandi faglegt hlutverk þeirra, sem og skoðun þeirra á því hvernig bókasöfnin virka sem opinber rými. Eftirfarandi rannsóknarspurningar voru settar fram: 1) Hver eru viðhorf upplýsingafræðinganna gagnvart faglegu hlutverki þeirra? 2) Hver eru viðhorf upplýsingafræðinganna varðand hlutverk almenningsbókasafna sem opinber rými? 3) Að hvaða marki endurspegla viðhorfin sameinaða sýn upplýsingafræðinganna og hvernig endurspegla þau mun sem skýra má með mismunandi aðstæðum og menningarlegu samhengi milli landa? Auk Íslands tóku þátt Noregur, Danmörk, Svíþjóð, Þýskaland, Pólland og Ungverjaland. Notaðar voru megindlegar aðferðir og var gagna aflað með spurningakönnunum haustið 2018. Notaður var sameiginlegur spurningalisti sem var þýddur úr ensku yfir á tungumál viðkomandi landa. Niðurstöðurnar benda til þess að þátttakendur hafi sameiginlega sýn á faglegt hlutverk sitt. Þó má einnig greina skýr áhrif vegna aðstæðna hjá hverju landi fyrir sig. Miðlun þekkingar var talin vera forgangsatriði í faglegu starfi upplýsingafræðinga. Mikilvægi almenningsbókasafna var einkum talið felast í því að með því að veita aðgang að upplýsingum, bókmenntum og menningarupplifun stuðli starfsemi þeirra að auknu lýðræði og jafnrétti meðal almennings.

## Af hverju finn ég ekki allt efni eftir höfundinn?

**Telma Rós Sigfúsdóttir**

Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn

Notendur Leitir.is telja sig örugga um að finna allt efni eftir höfund þegar þeir leita að nafni í Leitir.is. Staðreyndin er hins vegar sú að þeir fá ekki tæmandi niðurstöður þegar þeir leita að nafnmynd einstaklings í Leitir.is, heldur einungis niðurstöður úr sumum gagnasöfnum og ekki öllum. Markmið rannsóknarinnar (rannsóknarspurning) er að finna mögulegar leiðir til þess að opna gagnasöfnin sem eru leitarbær í Leitir.is og tengja þau saman. Með því að tengja saman gagnasöfnin er hægt að safna saman öllum nafnmyndum einstaklings til þess að notendur geti fundið allt efni eftir sama aðila, óháð því hvaða nafnmynd einstaklingsins er notuð í leitinni. Tilgangurinn er að stuðla að betra aðgengi notenda að upplýsingum.Rannsóknin er eigindleg. Sex sérfræðingar úr bókasafnsheiminum og hugbúnaðargeiranum voru valdir til að taka þátt í rannsókninni. Gagnasöfnunin gekk út á að varpa ljósi á reynslu fræðimannanna af þeim tæknilegu leiðum sem hægt er að fara til þess að tengja saman gagnasöfn á mismunandi gagnasniði.Rannsóknin leiddi í ljós að brýn þörf er á að bæta aðgengi notenda að upplýsingum Leitir.is. Ýmsar tæknilegar leiðir eru okkur færar til að leysa vandann, eins og að nota samræmd auðkenni, að opna gögnin og nota API-þjónustur til að láta gögnin „tala“ saman eða vensla þau saman í utanáliggjandi gagnagrunni eða venslagrunni.

## Descriptive analysis of the fertility decline in Iceland, 2010 – 2022

**Ari Klængur Jónsson**

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

Between the years 1980 and 2010, the total fertility rate (TFR) of Iceland remained relatively high and stable. The TFR averaged around 2.1 during this period and fluctuations in the rates were relatively small. As such, Icelandic fertility was among the highest in Europe. However, during the past decade (in the aftermath of the economic crisis in 2008) fertility has declined almost continuously, repeatedly reaching new historically low levels. The objective of the study is to provide insight into this trend of declining fertility. To fulfill the objective, administrative register data that cover the total population born in Iceland are analyzed. Life-course histories of all women and men residing in Iceland between the years 1998 and 2022 are constructed and the subjects are followed between ages 15 and 46. By means of Event history analysis, the relative risks of giving birth to first, second, and third child are calculated and depicted as parity-specific indices of the force of fertility during this period. Results reveal forceful postponement of becoming a parent during the past decade while the propensities to have a second and a third child remained relatively stable and similar to what they were before the economic crisis. We also find indications of increased childlessness during the past decade and more so for men than women. We conclude that the trend of declining fertility is mainly restricted to first births, and we do not observe any major changes in the underlying childbearing behavior when it comes to higher order births.

## Plástur á kerfið: Greining á fjölmiðlaumfjöllun um heimgreiðslur í stað leikskólapláss

Sunna Símonardóttir[1], Ingólfur Ásgeir Jóhannesson[2]

[1] Félagsfræði, Mannfræði og Þjóðfræðideild - Háskóli Íslands
[2] Deild Menntunar og margbreytileika - Háskóli Íslands

Heimgreiðslur (e. Cash-for-Care) eru greiddar foreldrum, yfirleitt að loknu fæðingarorlofi og í flestum tilvikum þar til barn fær leikskólapláss. Hérlendis hafa ekki verið sett lög um innleiðingu heimgreiðslna, en hvert sveitarfélag fyrir sig getur tekið ákvörðun um hvort þær séu teknar upp og með hvaða hætti. Heimgreiðslur hafa verið gagnrýndar fyrir að vinna gegn jafnrétti, þar sem þær eru einkum notaðar af mæðrum. Einnig hefur verið bent á að þær geti unnið gegn hagsmunum barna innflytjenda. Tilgangur rannsóknar er að kortleggja og greina sívaxandi umræðu í íslenskum fjölmiðlum um heimgreiðslur sem viðbragð við vanda leikskólakerfisins og foreldra sem bíða eftir plássi fyrir börn sín. Í rannsókninni beitum við femínískri orðræðugreiningu til þess að greina fjölmiðlaumfjöllun um heimgreiðslur á 40 mánaða tímabili, frá janúar 2020 til apríl 2023. Greining gagna sýnir hvernig neikvæð orðræða um getu leikskólakerfisins til að taka á móti öllum börnum skapar aðstæður þar sem heimgreiðslur virðast viðunandi lausn — bæði fyrir foreldra, en sérstaklega fyrir börn. Heimgreiðslur verða þannig nokkurs konar plástur á kerfi sem virkar ekki nægilega vel. Þögn ríkir um áhrif af heimgreiðslum á undirskipaða hópa samfélagsins, til dæmis konur af erlendum uppruna og börn þeirra, og veruleg þögn eða jafnvel þöggun virðist líka vera um kynjuð áhrif heimgreiðslna. Þess í stað tökum við eftir póstfemínískri orðræðu um val einstaklingsins og ábyrgð hvers foreldris fyrir sig. Niðurstöður gefa til kynna hvernig átök og núningur skapast á milli jafnréttishugsjóna og hagsmuna barna og þekkt stef úr orðræðu tengslamyndunar og ákafrar mæðrunar öðlast lögmæti í orðræðunni um leikskóla.

# Perceptions of Workplace Support for Paid Parental Leave Use in Iceland

Ásdís Aðalbjörg Arnalds[1], Guðný Björk Eydal[2]

[1] Félagsvísindastofnun
[2] Félagsráðgjafardeild

The presentation places focus on perceived support for the use of paid parental leave in Iceland, a country that has offered non-transferable leave for fathers for over 20 years. Iceland provides a unique setting for such research, given the country's long tradition of emphasizing both parents' participation in work and care. Although most fathers use their right to take paid parental, about 20% of fathers in Iceland use no leave at all. The presented study aims to explore whether workplace practices and attitudes create hindrances for fathers' leave use. The findings are based on analysis of comprehensive survey data among employees in Iceland. A special emphasis is placed on examining how leave is perceived to be supported by supervisors and co-workers and to understand respondents' own attitudes towards the leave use of male and female employees. The findings show that although the vast majority of respondents predict that supervisors and co-workers would support both mothers and fathers in their use of paid parental leave, mothers were perceived to receive greater support than fathers. The gender difference in perceived support was especially evident in workplaces where the majority of employees were male. Thus, the findings indicate that workplace attitudes might create hindrances for fathers' leave use.

## The impact of child disability on parental labour market outcomes

**Derek Asuman**

Department of Economics - University of Iceland; Health Economics - Lund University

Children has been shown to have negative effects on parental labour outcomes, especially for mothers. Parents of children with disabilities may face higher labour market penalties as children with certain disabilities require extra care and support. Using Swedish administrative data, we condition on first births of children with Cerebral Palsy (CP), an early-onset disability to estimate the impact of childhood disability on parental labour market outcomes, particularly employment and earnings. We apply an event study approach and control for pre-birth variables to identify short- and long-term effects. We find that the effect of having a child with CP differs between mothers and fathers. Whereas fathers' labour market outcomes decrease marginally in the short run, maternal labour market outcomes decrease in the short-run and increase in the long run. Mothers of children with severe CP drive the increase in maternal labour market outcomes in the long-run. The long-term run increase in maternal employment is not driven by a health insurance motive, due to the universal healthcare coverage in Sweden. The increase in labour market outcomes of mothers of children with CP must be viewed in relationship to the negative consequences on family-work balance, life satisfaction and mental and physical health. We also find that the Swedish social insurance system appears to offset some part of the costs of having a child with CP through transfers to parents of children with CP.

## Inngildandi menntun, stuðningur og samtvinnun mismunabreyta.

Anna Björk Sverrisdóttir[1], Ásta Jóhannsdóttir[2]

[1] Háskóli Íslands, Deild menntunar og margbreytileika
[2] Háskóli Íslands, Deild menntunar og margbreytileika.

Stefnan um skóla án aðgreiningar hefur verið lögbundin hér á landi síðan 2008 en erfiðlega hefur reynst að innleiða hana með árangursríkum hætti. Þá hefur hugmyndafræðin að baki stefnunni þróast mikið á undanförnum árum auk þess sem samfélagsgerð Íslands hefur breyst töluvert. Í dag snýr hugmyndafræðin að því að veita öllum börnum gæðamenntun innan inngildandi menntakerfis í stað þess að einblína á menntun fatlaðra nemenda innan hins almenna kerfis. Inntak hugmyndafræðinnar er virðing fyrir margbreytileikanum, virk þátttaka, félagslegt réttlæti og jafnræði. Til þess að gera þessi hugtök merkingarbær í námi ólíkra nemenda má ætla að einn lykilþátturinn sé stuðningur. Í þessu erindi, sem byggir á niðurstöðum doktorsrannsóknar fyrsta höfundar, verður útfærsla stuðnings innan menntakerfisins skoðuð og sett í samhengi við kenningar um samtvinnun mismunabreyta. Rannsóknarspurningarnar eru tvær: Hvers konar skilningur er lagður í stuðningshugtakið og hvernig er stuðningur útfærður innan menntakerfis sem, samkvæmt lögum, er menntakerfi án aðgreiningar? Hvernig geta kenningar um samtvinnun mismunabreyta, í tengslum við stuðningshugtakið, gagnast við útfærslu stuðnings innan inngildandi menntakerfis? Með tilkomu laga um farsæld og nýrrar skólaþjónustu er mikilvægt að átta sig á núverandi bolmagni kerfisins til að mæta fjölbreyttum þörfum nemenda og greina hvað má gera betur. Fyrstu niðurstöður benda til þess að stuðningskerfið skorti þekkingu á áhrifum mismunabreyta til að mæta þörfum ólíkra nemenda og að núverandi uppbygging stuðningskerfisins auki ójöfnuð meðal nemenda sem þurfa á stuðningi að halda. Til þess að mæta þörfum nemenda er því mikilvægt að nálgast stuðningshugtakið á margþættari grunni en áður.

## Áhrif endurgjafar kennara á námsástundun: Rannsóknir í tveimur grunnskólum

Helga Maggý Magnúsdóttir, Erla Sif Sveinsdóttir, Zuilma Gabríela Sigurðardóttir

Sálfræðideild, Háskóli Íslands

Tengsl markvissrar námsástundunar barna við velferð þeirra eru skýr. Rannsóknir benda til þess að ákveðnar gerðir yrtrar endurgjafar kennara tengist aukinni námsástundun. Þessa þekkingu má hagnýta í skólum og efla þannig námsárangur og jákvæða hegðun. Mikilvægt er kanna stöðuna hérlendis og hvort tækifæri séu til að styðja við starfsfólk skóla í notkun jákvæðrar endurgjafar. Í þessu erindi verður sagt frá niðurstöðum rannsókna í tveimur skólum á endurgjöf kennara og sambandi hennar við námsástundun. Mælingar fóru fram þrisvar sinnum yfir skólaárið í öllum umsjónarbekkjum, með beinu áhorfi í náttúrulegum aðstæðum. Stuðst var við skráningarblaðið MICRO Recording Sheet við mælingar. Í ljós kom að námsástundun í báðum skólum hafði aukist, samanborið við niðurstöður fyrri rannsóknar sem gerð var hér á landi. Hlutfall jákvæðrar endurgjafar kennara til nemenda í öðrum skólanum hafði sömuleiðis aukist miðað við fyrri rannsókn. Í báðum rannsóknum beindist jákvæð endurgjöf aðallega að námi en neikvæð að félagslegri hegðun nemenda. Í öðrum skólanum mældust marktæk tengsl milli neikvæðrar endurgjafar og slakari námsástundunar. Í hinum skólanum mældist marktækt samband milli aukinnar jákvæðrar endurgjafar og námsástundunar. Niðurstöður benda til þess að endurgjöf kennara skipti máli fyrir nám og hegðun nemenda.

## Orðræða um ólæsi sem ógn við samfélagið

Anna Söderström

Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild

Umræða um dvínandi lestrarkunnáttu íslenskra barna og ungmenna er orðið kunnuglegt stef í samtímanum. Haustið 2022 ýtti RÚV enn frekar undir það sem kalla má lestrarpanik með þáttunum „Börnin okkar". Markmið rannsóknarinnar sem hér verður kynnt er að skoða hvernig hugmyndir um lestur og læsi birtast í þáttunum og þær forsendur sem umræðan byggir á. Tilgangur rannsóknarinnar er að stuðla að gagnrýninni umræðu um það hvernig við tölum um lestur og læsi og greina hvaða afleiðingar umræðan getur haft. Um er að ræða eigindlega rannsókn þar sem sjónvarpsþættirnir „Börnin okkar" voru rýndir með aðferð gagnrýninnar orðræðugreiningar. Rannsóknin er hluti af yfirstandi doktorsverkefni í þjóðfræði, þar sem áherslur á lestur og lestrarmenningu í íslensku samfélagi eru teknar til skoðunar.Niðurstöður greiningarinnar sýna meðal annars að umfjöllun þáttanna ýtir undir þá hugmynd að neyðarástand ríki þegar kemur að lestri íslenskra nemenda. Þá er dregin upp sú mynd að samfélaginu stafi ógn af slökum árangri í lestri. Sú fullyrðing er síðan notuð til að réttlæta breytingar og aðkomu hagsmunasamtaka á mótun grunnskólakennslu. Rannsóknin varpar því ljósi á hvernig hópar geta haft hagsmuni af því að stýra umræðu um menntun í ákveðinn farveg og halda á lofti hugmyndum um dvínandi lestrarkunnáttu barna.

## Staða náttúruvísindamenntunnar í íslenskum grunnskólum í ljósi fyrirliggjandi gagna

Haukur Arason

Deild faggreinakennslu, Menntavísindasvið, Háskóli Íslands

Í þessu erindi er varpað ljósi á stöðu náttúruvísindamenntunar í íslenskum grunnskólum með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum og rannsóknum. PISA rannsóknin veitir upplýsingar um árangur náttúruvísindamenntunar í íslenskum grunnskólum í alþjóðlegu samhengi og hefur gögnum verið safnað á þriggja ára fresti á árabilinu 2000 til 2018. Á vegum evrópska samstarfsverkefnisins Eurydice voru á árinu 2022 birtar tvær skýrslur með gagnlegum upplýsingum. Fjallar önnur um kennslustundafjölda hinna ýmsu námsgreina í evrópskum grunnskólum. Í hinni er farið yfir árangur í og áhuga fyrir stærðfræði- og náttúruvísindanámi í skólum í Evrópu þar sem árangurinn er meðal annars settur í samhengi við námsmat. Mennta- og menningarmálaráðuneytið sendi árið 2020 frá sér skýrslu um hvernig til tókst við innleiðingu núgildandi aðalnámskrár grunnskóla. Allar þessar rannsóknir sýna fram á að náttúruvísindamenntun í íslenskum grunnskólum á við mikil og alvarleg vandamál að stríða, ekki síst þegar þær eru skoðaðar í samhengi. Jafnframt gefa þær vísbendingar um hvernig hægt sé að bæta stöðuna nemendum og samfélaginu til hagsbóta. Mun minni tíma er varið til náttúruvísindamenntunar íslenskra unglinga en meðal annarra þjóða. Verklegi hluti námsins verður verulega út undan. Árangur íslenskra unglinga í náttúruvísindum er mun lakari en í þeim löndum sem við viljum berum okkur saman við. Ekki síst er áhyggjuefni að sárafáir íslenskir unglingar ná afburðaárangri á sviðum náttúruvísinda eða miklu lægra hlutfall en í nágrannalöndunum. Það er því ljóst að verulegt átak þarf til að efla náttúruvísindamenntun á Íslandi og auka sess STEM greinar hér á landi.

## Ávinningur af erlendri fjárfestingu í tæpa þrjá áratugi

Gylfi Magnússon[1], Kári Sigurðsson[2]

[1] Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands
[2] Acadian Asset Management

Þessi rannsókn skoðar langtímaávöxtun íslenskra og erlendra eignaflokka ásamt hagstæðasta eignasafni til að áætla sögulegan ávinning af erlendri fjárfestingu. Tímabilið til skoðunar er eins langt og íslensk gögn leyfa með góðu móti, frá 1993 til 2021, en íslenskur fjármálamarkaður er ungur í alþjóðlegum samanburði. Eignaflokkar, sem um ræðir, eru löng ríkisskuldabréf, fasteignalán, fyrirtækjaskuldabréf, hlutabréf, hrávörur, vogunarsjóðir, óskráð skuldabréf (private debt) og óskráð hlutabréf. Erlend verðbréf, sem skráð eru í kauphöll, bæta sögulegt hlutfall ávöxtunar og áhættu fyrir íslenska fjárfesta, eins og t.d. lífeyrissjóði. Sé áhætta mæld með staðalfráviki, bætir erlenda fjárfestingin hlutfallið um 34% samanborið við innlent verðbréfasafn. Nánar tiltekið hækkar meðalávöxtun umfram áhættulausa vexti um 0,93 prósentustig (úr 2,76 í 3,70%) miðað við hagkvæmasta safn með 10% staðalfrávik en slíkt safn er með sambærilega áhættu í erlendum áhættusömum skuldabréfum eins og erlendum hlutabréfum. Óskráðar erlendar eignir bæta þetta hlutfall enn frekar en töluverð óvissa ríkir um það mat. Líkur á öfgakenndri ávöxtun (reisn) minnka umtalsvert við erlenda eignadreifingu.Greining sem tekur einungis tillit til meðalávöxtunar og staðalfráviks fangar vel aðalatriðin við samval verðbréfa en vegna takmarkana verður alltaf að skoða niðurstöðu með gagnrýnum augum. Ef upphæðir eru háar, eins og til dæmis hjá íslenskum lífeyrissjóðum, þá er seljanleiki á innlendum eignum mjög takmarkaður og raunar einnig seljanleiki á erlendum eignum ef slík viðskipti kalla á viðskipti með íslenska krónu. Takmarkaður seljanleiki skapar viðbótaráhættu sem taka þyrfti með í reikninginn fyrir stóra fjárfesta. Umfjöllun um seljanleika er hins vegar fyrir utan efni þessara greinar.

## Mortgage Relief and Household Saving

Gylfi Zoega[1], Arnaldur Smári Stefánsson[2], Sigurður Páll Ólafsson[3]

[1] Hagfræðideild
[2] Hagfræðideild
[3] Fjármálaráðuneyti

We take advantage of a unique experiment that took place in Iceland in 2015.Following the collapse of the country's banking system in 2008, the authoritiesdecided on a program of mortgage relief that in effect lowered the principal ofmortgages overnight. We measure the effect of the mortgage relief on the savingof every taxpayer in the country using households that were not eligible for debtrelief as a control group. We use administrative data that include the tax returns of all taxpayers as well as their education degrees. While a negative wealth effect on saving could have beenexpected, households amortize even more in response to the debt forgiveness. Theincreased amortization is not only due to lower interest costs but also due to highersaving, mostly by highly leveraged and liquidity constrained households. The only positive effect on consumption is a slight increase in automobile purchases. While the results are inconsistent with basic consumption theory, households may have learned to value nominal debt reduction and changed their saving behaviour in the years that followed the tax relief.

## Þjóðhagslíkan með atvinnugreinaskiptingu fyrir Ísland

**Marías Halldór Gestsson**

Hagfræðideild Háskóla Íslands

Fyrirliggjandi eru tvö þjóðhagslíkön fyrir Íslenska hagkerfið; DYNIMO og QMM líkön Seðlabanka Íslands. Í þessum líkönum er framleiðsluhlið hagkerfisins meðhöndluð sem ein heild. Erfitt er því að nota þau til þess að greina áhrif ytri breytinga í hagkerfinu (t.d. breyting á skattheimtu) á einstakar atvinnugreina sem og að greina áhrif ytri breytinga sem snúa að einni atvinnugrein (t.d. breyting á markaðsaðstæðum erlendis) á afkomu annarra atvinnugreina og á þjóðarbúskapinn í heild. Markmið rannsóknarinnar er að hanna atvinnugreinaskipt þjóðhagslíkan fyrir Ísland sem hægt er að nota til að greina áhrif ytri breytinga á hagkerfið í heild sinni og á afkomu einstakra atvinnuvega. Líkanið er kvikt almennt jafnvægislíkan (e. dynamic general equilibrium model) og er í erindinu fjallað um hönnun á líkaninu, val á stuðlagildum (e. parameter values) auk þess sem sýndar eru niðurstöður úr hermun á því. Þá er einnig gerð grein fyrir álitamálum sem upp koma við hönnun á líkaninu og val að stuðlagildum.Fyrstu niðurstöður rannsóknarinnar, eða fyrstu hermanir á líkaninu, sýna að ytri breytingar í hagkerfinu hafa mismunandi áhrif á atvinnugreinar.

## Assessing the impact of alcohol policies on alcohol sales

Arnaldur Smári Stefánsson[1], Tuomas Kosonen[2], Sami Jysmä[3], Luka Worku[4]

[1] Faculty of Economics, University of Iceland
[2] VATT Institute for Economic Research, Helsinki
[3] Labour Institute for Economic Research, Helsinki
[4] Tampere University

We examine different aspects of alcohol policies, especially the role of government alcohol monopolies in the Nordic countries and their impact on alcohol consumption. We have access to sales data from government monopolies and private grocery store chains in Sweden and Finland. The centerpiece of our analysis is a 2018 reform that made it possible to sell i) products with a higher alcohol content than before and ii) mixed drinks in Finnish grocery stores. In our analysis, we compare sales in Finland to sales in Sweden, which did not undergo a reform. Our results show a very large substitution effect in reformed products. That is, there is a substantial increase in grocery store sales of products that were subject to the reform, and a substantial decline in sales of the same products in the Finnish alcohol monopoly. We also show spillover effects with sales of products not subject to the reform. That is, sales of products not subject to the reform, such as wine and spirits, decline in the Finnish alcohol monopoly. Together, the effect suggests that aggregate alcohol consumption does not increase despite the vast change in the combination of products consumed after the reform.

## Hatursglæpir og annað ofbeldi gegn ungum innflytjendum á Íslandi

Dr. Margrét Valdimarsdóttir

Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild

Mikill vöxtur fólksflutninga á milli landa hefur orðið til þess að flest ríki eru nú menningarlega fjölbreyttari en áður. Þrátt fyrir að stór hluti íbúa á Vesturlöndum sé jákvæður í garð innflytjenda benda rannsóknir til að hatursglæpum hafi fjölgað í mörgum Evrópuríkjum. Þessi tegund brota hefur því fengið aukið rými í stefnum og lagasetningu víða, enda afleiðingar af þeim alvarlegar. Í erindinu verður farið yfir nýja rannsókn á ofbeldi sem ungt fólk verður fyrir vegna minnihlutastöðu sinnar (sbr. hatursglæpum). Gagnasöfnun fór fram (frá okt. ´22 til feb. ´23) með því að leggja rafrænan spurningalista fyrir stórt úrtak grunn- og framhaldsskólanema í skólanum (n = 3,036). Í rannsókninni voru tilgátur byggðar á kenningum úr félags- og afbrotafræði prófaðar. Niðurstöður sýna að unglingar sem tilheyra fyrstu kynslóð innflytjenda eru meira en fjórum sinnum líklegri til að hafa verið hótað ofbeldi eða beitt ofbeldi vegna minnihlutastöðu þeirra (s.s. vegna kynþáttar, uppruna, trúar, kynvitundar, kynhneigðar) en ungmenni með íslenskan bakgrunn. Þá er tíðni ofbeldis af þessari tegund einnig há hjá annarrar kynslóðar innflytjendum. Niðurstöður sýna auk þess að fyrstu kynslóðar innflytjendur sem eru í bekk með mörgum öðrum innflytjendum verða síður fyrir hatursglæpum en þau sem eru í bekk þar sem flestir nemendur eru með íslenskan bakgrunn. Því má álykta að það sé takmarkandi að skoða eingöngu einstaklingsþætti til að skýra gerenda- og þolendareynslu. Félagslegt samhengi er mikilvægur þáttur í hvort ungt fólk verði fyrir eða beiti ofbeldi.

# Afstaða Íslendinga til afnáms refsinga fyrir vörslu fíkniefna til eigin nota og neysla kannabis á Íslandi

Helgi Gunnlaugsson[1], Jónas Orri Jónasson[2]

[1] Háskóli Íslands
[2] Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Á síðustu árum hefur endurskoðun á fíkniefnalöggjöfinni verið í brennidepli hér á landi. Afnám refsinga við vörslu á fíkniefnum til eigin nota hefur verið áberandi í opinberri umræðu. Frumvörp um málefnið hafa verið lögð fram á Alþingi. Neysla á algengasta fíkniefninu, kannabis, hefur reglulega verið mæld hér á landi. Í erindinu verður greint frá niðurstöðum fimm mælinga sem Félagsvísindastofnun HÍ hefur framkvæmt á síðustu árum í samvinnu við höfunda. Afstaða til löggjafarinnar um fíkniefni var könnuð fyrst árið 2013, einkum afnám refsinga fyrir vörslu á fíkniefnum til eigin nota og hvort lögleiða eigi kannabis. Er auðvelt að nálgast fíkniefni eða ekki, hversu margir hafa prófað kannabisefni og hversu oft? Hefur afstaða Íslendinga til löggjafarinnar breyst á síðustu árum? Hvernig hefur neysla á kannabis þróast? Byggt er á fimm þjóðmálakönnunum stofnunarinnar frá 2013. Stuðst er við netpanel þátttakenda eldri en 18 ára af landinu öllu valdir með tilviljunarúrtaki úr þjóðskrá. Fimmta og síðasta mælingin var gerð í apríl og maí 2023. Helstu niðurstöður eru að meirihluti svarenda lýsti sig fylgjandi við afnám refsinga fyrir vörslu á fíkniefnum til eigin nota í síðustu tveimur mælingum, árin 2021 og 2023. Aftur á móti var meirihluti svarenda andvígur því á þessu ári að lögleiða kannabisefni eins og áður hafði komið fram í fyrri mælingum. Fjöldi þeirra sem segist hafa prófað kannabisefni virðist ekki hafa breyst mikið á allra síðustu árum. Rúmur þriðjungur svarenda sagðist hafa neytt efnisins nú í sumarbyrjun 2023. Að lokum verða niðurstöðurnar metnar og mögulegar skýringar á breytingum dregnar fram.

## Flexible Education Reform and Iceland's Police Staffing Crisis

Guðmundur Oddsson[1], Ólafur Örn Bragason[2], Rannveig Þórisdóttir[3]

[1] Háskólinn á Akureyri, félagsvísindadeild
[2] Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu; Háskólinn á Akureyri
[3] Ríkislögreglustjóri; Háskóli Íslands

In 2018, Iceland had Europe's second-fewest police officers per capita and experienced the continent's biggest reduction in officers since 2009 — a year after suffering the biggest financial crisis in modern economic history. Fewer police officers, a growing, more diverse population, and a five-fold increase in foreign tourists fuelled a police staffing crisis peaking in the mid-2010s. This case study addresses the question: How did Iceland's 2016 police educational reform and shift to flexible education affect the country's police staffing crisis? using longitudinal data on graduating cohorts, staffing, retention, and workload. In our analysis, we document how moving basic police education to the university level in 2016 and shifting from face-to-face learning to blended learning helped Iceland accommodate more police students, reverse the downward trend of police staffing, improve female representation, raise the education level, and reduce workload. The main implication of our findings is that the case of Iceland demonstrates that blended learning can facilitate police-university partnerships, accommodate more police students by expanding access, capacity, and capability, help address police staffing challenges, and optimize resources.How did Iceland's 2016 police educational reform and shift to flexible education affect the country's police staffing crisis?

## Kvenlögreglan 1920 - 1960

**Eyrún Eyþórsdóttir**

Háskólinn á Akureyri

Saga kvenna í lögreglu spannar víðast hvar ekki meira en rétt rúm 100 - 120 ár. Ákall eftir konum í lögregluna var afleiðing samfélagslegra breytingar eins og fólksflutninga úr sveitum í þéttbýli en einnig kvenréttindabaráttu. Fyrstu lögreglukonurnar, í alþjóðlegu samhengi, höfðu það hlutverk að hafa eftirlit með siðferði kvenna. Hlutverk lögreglukvenna var þannig fyrst og fremst að sjá til þess að konur höguðu sér eftir þeim viðmiðum sem karllægt samfélag hafði sett þeim. Við hersetu Breta á Íslandi árið 1940 var tekin ákvörðun um að ráða fyrstu konuna sem lögreglumann og hafa sagnfræðingar hérlendis gert þeirri ráðningu góð skil. Þessi fyrirlestur byggir á rannsókn á sögu lögreglukvenna sem staðið hefur yfir frá árinu 2021. Að þessu sinni er ætlunin að skoða annars vegar aðdraganda þess að konur urðu ráðnar sem lögreglukonur en kvenhreyfingin spilaði þar stórt hlutvek og hins vegar með hvaða hætti kvenlögreglan starfaði á tímum fyrstu lögreglukvennanna við siðferðiseftirlit. Rannsóknin er enn yfirstandandi og því verða aðeins frumniðurstöður kynntar.

## Kynferðisleg áreitni innan lögreglunnar: mótspyrna til að viðhalda karllægri vinnumenningu?

Finnborg Salome Steinþórsdóttir, Gyða Margrét Pétursdóttir

Háskóli Íslands

Í Metoo hreyfingunni var sjónum meðal annars beint að kynferðislegri áreitni í vinnuumhverfinu og fjöldi kvenna greindi frá reynslu sinni þar að lútandi. Lögreglan telst vera hefðbundinn karlavinnustaður, þar sem karllæg vinnumenning og kynjuð valdatengsl eru talin ýta undir kynferðislega áreitni. Á undangengnum árum hafa þó verið gerðar ýmsar breytingar sem talið var að myndu hafa jákvæð áhrif vinnumenninguna og lögreglukonum hefur fjölgað. Markmið rannsóknarinnar er að kanna breytingar á tíðni kynferðislegrar áreitni og óæskilegrar kynferðislegrar hegðunar og áhrif Metoo hreyfingarinnar innan lögreglunnar. Rannsóknin byggir á spurningalistakönnun sem lögð var fyrir lögreglumenn árið 2013 og aftur árið 2022, svarhlutfall 50% árið 2013 og 60% árið 2022. Niðurstöðurnar sýna að kynferðisleg áreitni eykst á milli mælinga. Stór hluti lögreglukvenna hefur orðið fyrir kynferðislegri áreitni í starfi sínu í lögreglunni og þá oftast af hendi karlkyns samstarfsmanna og/eða karlkyns yfirmanna. Niðurstöðurnar benda til þess að hærri tíðni kynferðislegrar áreitni sé ekki einungis hægt að skýra með aukinni vitund í kjölfar Metoo hreyfingarinnar. Breytingar á tíðni og eðli óæskilegrar kynferðislegrar hegðunar sem lögreglukonur verða fyrir, ásamt neikvæðu viðhorfi lögreglukarla til Metoo og að lítill hluti þeirra hafi breytt eigin hegðun fyrir tilstuðlan Metoo hreyfingarinnar, gefa vísbendingar um mótspyrnu meðal lögreglukarla og að kynferðisleg áreitni sé notuð til að festa í sessi kynjuð valdatengsl innan stofnunarinnar. Til að vinna gegn þessu þarf lögreglan að ráðast í enn viðameiri breytingar og fyrirbyggjandi aðgerðir með það að markmiði að brjóta upp kynbundið stigveldi og karllæga vinnumenningu. Þannig má skapa starfsaðstæður sem henta fjölbreyttari hópi fólks.

## „Konurnar koma þegar illa gengur, karlarnir þegar vel gengur.“ Tengslanet kvenstjórnenda á Íslandi og í Finnlandi

**Sigrún Lilja Einarsdóttir**

Félagsvísindadeild - Háskólinn á Bifröst

Fyrri rannsóknir hafa sýnt að konur í stjórnunarstöðum eru líklegri að hafa þurft að fara flóknari leiðir að settu marki innan skipulagsheilda en karlkyns kollegar þeirra en einnig er oft bent á að skortur á tengslaneti hjá konum geti staðið þeim fyrir þrifum. Í þessu erindi verður þeirri spurningu velt upp á yfirborðið hvernig konur í stjórnun mynda tengsl sem nýtast þeim til framgangs í starfi og hvaða aðferðum þær beita við að stækka tengslanet sitt í því skyni. Hálfopin viðtöl voru tekin við níu íslenskar og sex finnskar konur sem gegna æðstu stjórnunarstöðum, bæði hjá hinu opinbera og í einkageiranum. Frumniðurstöður gefa til kynna að tengslanetsmyndun hjá konum í atvinnulífinu sé e.t.v. vanmetinn þáttur í þeirra framgangi. Viðmælendur í þessu verkefni lýstu mikilvægi þess að vinna stöðugt að tengslamyndun, taka þátt í viðburðum og sækja í félagsskap annarra kvenna í stjórnun bæði formlega sem óformlega. Einnig kom fram mikilvægi þess að ungum konum á uppleið stæði til boða að fá þjálfun (mentoring) frá reynslumeiri konum og ekki bíða eftir að vera boðið í karlaklúbbana, heldur taka málin í sínar eigin hendur. Mikill stuðningur fælist í að hafa tengsl við jafningja, sérstaklega þegar illa gengi að þá kæmu konurnar með stuðninginn en karlarnir (sem einkum væru til staðar þegar vel gengi) létu sig frekar hverfa. Niðurstöður benda til þess að konur leggi frekar áherslu á stuðning og samstöðu í tengslamyndun á meðan karlarnir væru líklegri til að nýta tengsl í hagsmunaskyni, sér og fyrirtækjum sínum til framdráttar.

## „Þetta gerist í ferlinu, ekki í ákvörðuninni“: Upplifun karla í stjórnum skráðra félaga af ráðningarferli forstjóra

Þóra H Christiansen, Ásta Dís Óladóttir

Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands

Rannsóknin er hluti af stærra rannsóknarverkefni sem snýr að því hvað veldur kynjahalla í íslensku viðskiptalífi og til hvaða aðgerða má grípa til að draga úr honum. Niðurstöður úr fyrri hluta rannsóknarinnar sýndu að konur sem sitja í stjórnum skráðra félaga upplifa ráðningarferli forstjóra oft og tíðum sem ófagleg og útilokandi fyrir konur. Auk þess má greina að í ráðningarferlum forstjóra sé stuðst við staðalímyndir og úrelt viðmið um forystuhæfni sem gera karllægum eiginleikum hærra undir höfði og horfa framhjá forystuhæfni kvenna. Í þessum hluta rannsóknarinnar er sjónum beint að viðhorfum og reynslu karla sem sitja í stjórnum skráðra félaga á Íslandi. Tekin voru djúpviðtöl við stjórnarmenn í stjórnum allra skráðra félaga á markaði, samtals 22 karla. Þemagreining leiddi í ljós að viðmælendur upplifðu flestir talsverðan kynslóðamun þegar kemur að viðhorfum til kynjahalla og lýstu margir því viðhorfi að með kynslóðaskiptum í stjórnarherbergjum muni kynjahallinn hverfa. Margir viðmælenda töldu allt benda til að ekki væri knýjandi þörf á inngripum til að leiðrétta kynjahallann, að á allra næstu árum muni hlutföllin jafnast. Þó mátti greina ákveðna endurspeglun kynslóðamunarins í því að hluti viðmælenda var mjög gagnrýninn á þau vinnubrögð sem tíðkast höfðu við forstjóraráðningar og lýstu því viðhorfi að endurskoða þurfi ferlið, allt frá ráðningu nýliða inn í félögin til ráðningar forstjóra, ef takast á að leiðrétta þrálátan kynjahalla í efsta stjórnunarlaginu.

## Getur arftakaáætlun skapað jöfn tækifæri fyrir stjórnunarstöður?

Ásta Dís Óladóttir, Þóra H. Christiansen

Viðskiptafræðideild

Þrátt fyrir að Ísland þyki að mörgu leyti til fyrirmyndar þegar kemur að jafnréttismálum er margt óunnið til að jafna tækifæri kynjanna til stjórnunarstarfa í atvinnulífinu. Hlutfall karla í framkvæmdastjórastöðum á Íslandi árið 2023 er 79% samkvæmt gögnum Creditinfo og karlar eru 75% allra stjórnarmanna. Markmiðið með rannsókninni er að skoða hvað veldur kynjahalla í stjórnunarstöðum á Íslandi og hvernig má draga úr honum. Tekin voru viðtöl við 22 karla og 22 konur sem sitja í stjórnum allra skráðra félaga á Íslandi og rannsóknarspurningin sem lagt var upp með er: Til hvaða aðgerða er hægt að grípa til að skapa jöfn tækifæri kynjanna fyrir stjórnunarstöður hér á landi? Niðurstöður sýna að þörf er á aðgerðum og ein þeirra leiða sem bent var á er arftakastjórnun. Arftakastjórnun felur í sér arftakaáætlun, en henni er lýst sem stefnumiðuðu ferli til að finna og greina einstaklinga, innan sem utan fyrirtækisins, sem búa yfir hæfileikum til að taka að sér lykilstöður sem losna innan félaga. Með markvissri arftakaáætlun setja stjórnir og forstjóri/framkvæmdastjóri félaga tíma, orku og það fjármagn sem þarf til að undirbúa réttu einstaklingana í leiðtogahlutverkin. Með markvissri arftakaáætlun eru félög betur undir það búin ef lykilstarfsfólk hættir hjá félaginu sem og að stjórnir og forstjóri geta betur fylgt eftir þeim jafnréttisstefnum sem félögunum hafa verið settar.

# Hvers konar forystuhæfni er leitað að við ráðningar forstjóra?

Sigrún Gunnarsdóttir, Ásta Dís Óladóttir, Þóra H. Christiansen, Erla S. Kristjánsdóttir

Viðskiptafræðideild Háskóli Íslands

Þrátt fyrir ýmsar formlegar og kerfislægar framfarir á undanförnum árum til þess að jafna kynjamun hér á landi gegna fáar konur stöðu forstjóra í skráðu félagi hér á landi. Fyrri rannsóknir sýna að forystuhæfni forstjóra tengist einkum staðfestu, félagslegri færni og auðmýkt, en fáar rannsóknir varpa ljósi á mat á forystuhæfni kvenna til þess að gegna æðstu stjórnunarstöðum. Rannsóknin sem hér um ræðir beinist að upplifun stjórnarkvenna, sem sitja í stjórnum allra skráðra félaga hér á landi, af mati á forystuhæfni kvenna til þess að gegna forstjórastöðum í skráðum félögum. Tekin voru viðtöl við 22 konur sem eiga sæti í stjórnum allra skráðra félaga á Íslandi og rannsóknarspurningin sem lagt var upp með er: Hver er reynsla stjórnarkvenna í skráðum félögum af því hvað hefur áhrif á mat á hæfni kvenna til að gegna starfi forstjóra í skráðu félagi? Niðurstöðurnar sýna að stjórnarkonur telja konur búa yfir hæfni til forystu og vera hæfar til að gegna stöðu forstjóra. Hins vegar þegar kemur að ráðningu forstjóra skráðra félaga benda niðurstöðurnar til þess að konur eru þó ekki ráðnar meðal annars vegna staðalímynda af forystuhæfni kvenna og íhaldssamra hugmynda um árangursríkra forystu. Líklegt má telja að þar með aukist líkur á því að horft sé fram hjá hæfum konum við val á forstjóra. Niðurstöðurnar sýna að hjá stjórnum skráðra félaga séu tækifæri til þess að efla gæði forstjóraráðninga og auka fjölbreytileika í ráðningum með því að byggja ráðningarnar á nýrri þekkingu um árangursríka hæfni til forystu.

## Hvaða áskorunum standa stofnanafjárfestar frammi fyrir þegar fjárfest er með jafnréttis gleraugum?

Freyja Vilborg Þórarinsdóttir

Viðskiptafræðideild; Málstofa með Ástu Dís Óladóttur og Þóru H. Christiansen

Síðastliðin ár hafa fjárfestingar með jafnréttisgleraugum vaxið hvað hraðast meðal ábyrgra fjárfestinga. Fjárfestingar með þessari áherslu eiga sér oftast stað í gegnum vísitölusjóði og hafa laðað til sín hundruði milljarða, meðal annars frá stærstu lífeyrissjóðum heims. Markmiðið með slíkum fjárfestingum er að ýta undir jafnrétti kynjanna í atvinnulífinu. Þar sem jafnréttistengdar fjárfestingar eru nýjar af nálinni eru fáar rannsóknir sem varpa ljósi á þær áskoranir sem stofnanafjárfestar standa frammi fyrir vegna þeirra. Fyrri rannsóknir hafa aðallega beinst að hvötum stofnanafjárfesta í tengslum við ábyrgar fjárfestingar. Rannsókn þessi beinist að fjárfestingarferli stofnanafjárfesta, á Íslandi og í Bandaríkjunum, og var lagt upp með rannsóknarspurninguna: Hvaða áskorunum standa stofnanafjárfestar frammi fyrir þegar fjárfest er með jafnréttisgleraugum? Frumniðurstöður benda til þess að mælikvarðar og vísitölur, sem fjárfestar hafa stuðst við, séu ógagnsæjar, byggðar á úreltum upplýsingum og blekkjandi. Hafa vísitölurnar einnig skilað lakari ávöxtun en erlendar hlutabréfavísitölur á borð við S&P 500. Þá benda niðurstöður til þess að mælikvarðar og rauntímaupplýsingar um jafnréttismál skráðra fyrirtækja séu illa aðgengilegar, sem gerir fjárfestingarferlið meira krefjandi fyrir þá sem vilja fjárfesta með jafnréttisgleraugum.

## Farsæld barna til framtíðar.

Hervör Alma Árnadóttir

Félagsráðgjafardeild Háskóli Íslands

Til þess að styðja við farsæld barna er mikilvægt að styðja þau til virkrar þátttöku í málefnum sem þau varða. Sérstaklega þarf að styðja jarðarsett börn sem njóta stuðnings velferðarkerfisins til þátttöku í ákvörðunum um sitt líf og umhverfi. Fagfólk sem starfar innan barnaverndar eru lykilaðilar í þessu samhengi og er ætlað að standa vörð um lögbundin réttindi barna til þátttöku. Markmiðið hér er að fjalla um viðhorf fagfólks innan barnaverndar og MA nema í félagsráðgjöf til virkrar þátttöku barna og tengja það samtímahugmyndum um bernskuna. Því er spurt: Samræmist viðhorf þátttakenda samtímahugmyndum um merkingarbæra þátttöku barna í ákvörðunum? Rannsóknin byggir á gögnum sem aflað var með spurningarlista sem sendur var fagfólki sem starfar við barnavernd og meistaranemendum í félagsráðgjöf. Ályktunartölfræði var beitt við greiningu gagna. Niðurstöður benda til að almennt sé viðhorf þátttakanda jákvætt til þátttöku barna, þó enn telji nokkuð hátt hlutfall ekki mikilvægt að börn fái tækifæri til þátttöku. Viðhorf MA nemenda í flestum tilfellum jákvæðara til þátttöku barna en viðhorf fagfólks. Þessar niðurstöður vekja upp spurningar um hvort þátttakendur séu meðvitaðir um það hvað felst í þátttöku barna í ákvarðanatöku með þeim afleiðingum að réttur barna til þátttöku sé ekki virtur og geti því bitnað á farsæld þeirra jaðarsettra barna. Í ljósi niðurstaðna er þörf á aukinni fræðslu um mikilvægi og hæfin barna til þátttöku auk skilgreiningar á því hvað felst í virkri þátttöku. Auk þess virðist mikilvægt að þjálfa starfsfólk í aðferðum sem leiða til aukinnar þátttöku og farsældar til framtíðar.

## Samþætting þjónustu í grunnskólum

**Sigrún Harðardóttir**

Félagsráðgjafardeild

Þær stofnanir sem sinna málefnum barna standa frammi fyrir ýmsum áskorunum í kjölfar laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Lögin kalla þannig á umfangsmiklar breytingar á verklagi grunnskóla sem sinna börnum á aldrinum sex til 16 ára og því mikilvægt að huga að þörfum starfsfólks skólanna. Í erindinu verður sagt frá niðurstöðum tveggja rannsókna (spurningalistakönnunar og rýnihópaviðtala) á upplifun og reynslu kennara og annars fagfólks af kennslu og stuðningi við nemendur með námserfiðleika sem hafa verið greindir með ADHD, einhverfu, almenna og sértæka námserfiðleika og tourette-heilkenni, auk nemenda sem glíma við tilfinninga- og félagslega erfiðleika. Niðurstöður sýna að starfsfólk skólanna upplifir ýmsar áskoranir vegna þeirrar ábyrgðar sem á þeim hvílir í daglegum störfum við að uppfylla ákvæði laga um nám og velferð nemenda. Sú ábyrgð veldur tilfinningalegu álagi hjá kennurum, sérstaklega þegar þeir vita af nemendum sem þeir ná ekki að veita nauðsynlegan stuðning. Meirihluti kennara (70%) sögðu að álag í starfi hafi áhrif á heilsufar sitt, líðan og persónulegt líf. Nær tveir af hverjum þremur kennurum töldu brýnt að fjölga fagstéttum innan grunnskóla til að draga úr starfstengdu álagi og efla skólana sem faglegar stofnanir. Auk þess sem kennarar töldu mikilvægt að hafa aðgang að faghandleiðslu til að styrkja starfsímynd sína, faglega færni og persónustyrk. Út frá heildarniðurstöðum rannsóknanna má draga þá ályktun að þörf sé breytinga í starfsumhverfi grunnskóla til að þeir geti betur sinnt samþættri þjónustu til barna og fjölskyldna þeirra án hindrana.

## Að sjá heildarmyndina í lífi barns.

Ragnheiður Hergeirsdóttir

Félagsráðgjafardeild

Nýtt þverfaglegt diplómanám, Farsæld barna, var sett á fót við Félagsráðgjafardeild HÍ haustið 2022. Markmiðið með náminu er að styðja við innleiðingu laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og er námið ætlað þeim sem hafa lokið grunn-námi á háskólastigi og starfa að málefnum barna og fjölskyldna. Viðfangsefnin eru meðal annars hvernig nálgast megi málefni barna með heildarsýn og samþættingu þjónustu að leiðarljósi og fjallað um mikilvægi þverfaglegrar teymisvinnu í því samhengi. Í erindinu er fjallað um niðurstöður könnunar sem gerð var meðal nemenda skólaársins 2022-2023. Gagna var aflað með spurningalistum sem lagðir voru fyrir í febrúar og október 2023. Spurt er: 1) Hvort og þá hvernig námið hafi aukið færni nemenda til að skilgreina vanda og þarfir barna með heildarsýn að leiðarljósi? 2) Hvort og þá hvernig námið hafi aukið færni nemenda til þátttöku þverfaglegri teymisvinnu?Fyrstu niðurstöður benda til þess að áherslur og skipulag námsins hafi aukið þekkingu og færni nemenda á þverfaglegu samstarfi og nefndu nemendur að áhugi þeirra og skilningur á nálgun annarra faghópa og stofnana en þeirra eigin hafi vaxið á námstímanum. Vonir standa til þess að niðurstöður verði leiðbeinandi við frekari þróun þessarar nýju námsleiðar.

## „Þetta úrræði var svona uppáhalds hjá mér“: Samstarf félagsmiðstöðvar og barnaverndar um farsæld barna og unglinga

Oddný Sturludóttir[1], Arnar Helgi Magnússon[2]

[1] Menntavísindasvið Háskóla Íslands
[2] Velferðarþjónusta Árborgar

Með tilkomu löggjafar um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna árið 2021 hefur sífellt meiri áhersla verið lögð á samstarf þvert á fagstéttir og stofnanir tengdar menntun, frítíma og velferð. Í erindi þessu verður varpað ljósi á niðurstöður eigindlegrar rannsóknar á ávinningi samstarfs félagsmiðstöðvar og barnaverndar í sveitarfélaginu Árborg. Í erindinu verður varpað ljósi á viðhorf starfsfólks barnaverndar, velferðarþjónustu og félagsmiðstöðvar til samstarfsverkefnisins. Gagna var aflað með viðtölum sem voru þemagreind. Niðurstöðurnar verða settar í samhengi við skrif fræðimanna um gildi þverfaglegs samstarfs til að tryggja farsæld barna. Niðurstöðurnar gefa til kynna fjölþættan ávinning þverfaglegs samstarfs fyrir fagfólk í ólíkum stofnunum og jákvæð áhrif á félagslega virkni barna og unglinga sem samstarfinu tengjast. Rannsóknin er framlag til þekkingar á gildi samstarfs þvert á fagstéttir, byggt á nýlegu samstarfsverkefni tveggja ólíkra stofnana sem staðsettar eru í sveitarfélagi sem var tilnefnt eitt innleiðingarsveitarfélaga í tengslum við ný farsældarlög. Leiða má líkum að því að sú þekkingarsköpun sem á sér stað í þverfaglegu samstarfi muni skipta höfuðmáli til að markmið laganna nái fram að ganga. Rannsóknin dregur einnig fram hve mikilvæg stoð félagsmiðstöðvar eru fyrir farsæld barna og unglinga og hvers starfið er megnugt í samstarfi við lykilstofnanir samfélagsins, á borð við barnavernd.

## Work participation of people with mental and physical disabilities in early modern Sweden

**Riikka Miettinen**

Tampere University, Centre of Excellence in the History of Experiences; Tampere University, Faculty of Social Sciences: History

This paper examines the work participation of people with disabilities in early modern Sweden (including Finland), with a focus on the work activities and roles of persons who had mental, cognitive, visual, or mobility impairments in seventeenth- and eighteenth-century communities. Firstly, the paper discusses the types of impairments that disabled people from working, at least partially or periodically. Given the limited access to poor relief in the society, how did individuals with partially disabling impairments support themselves? The study is based on a comparison of a large qualitative sample of cases that include information about impaired people's activities related to making a living (either alongside or apart from community support, poor relief, and begging). These descriptions mainly come from the preserved lower court records concerning rural Western Finland and Central Sweden. The paper demonstrates that there was plenty of room – and demand – for those partly disabled in early modern agrarian working life. Most participated in agricultural, domestic, and casual work alongside, or periodically, relying on family or other community support and household income pooling. Although certain types and degrees of impairments, especially madness and severe mobility impairments, hampered employment prospects, acquiring special skills in crafts provided opportunities for paid work. In comparison to modern (Western) societies, working life was more inclusive for persons with impairments, both out of necessity and due to the different nature and demands of work. The understanding of work dis/ability differed greatly from contemporary conceptions.

## Representations of Guðmundur Bergþórsson's (1657 – 1705) Life and Disability in Three Manuscripts and their Legacies

Alice Bower

School of Social Sciences: Faculty of Sociology, Anthropology and Folkloristics. University of Iceland

This research explores three manuscripts, written by Gísli Konráðsson and "Bólu-" Hjálmar Jónsson, which provided core source material for the legend of Guðmundur Bergþórsson as it appears in Jón Árnason's Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri. The sources, all written in the 19th century, contain over 100 pages on Guðmundur's life and poetry. They are Gísli Konráðsson's Søguþáttr frá Guðmundi skáldi Bergþórssyni (Lbs 1130 4to, c. 1860), the chapter "Frá Guðmundi skáldi Bergþórssyni" in his manuscript Syrpa með hendi Gísla Konráðssonar (Lbs 1292 4to, 1845-1857) and Bólu-Hjálmar's "Þáttur lítill eður ágrip af Guðmundi skáldi Bergþórssyni" in the undated manuscript Lbs 1440 4to. In Jón Árnason's Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri, material from these three sources has been condensed into a two-page summary of legends about Guðmundur Bergþórsson published first in 1862 and again in 1954. To this day, this collection of short episodes is arguably the most widely known source on the life of one of Iceland's most prolific poets of the rímur genre, who lived with physical disability from childhood. By providing a clearer understanding of the folkloric material available to 19th century collectors, this study critically addresses which narratives were selected for publication at others' expense, the possible motivations that could have informed such decisions, and finally the impact that these choices had on the legacy of Guðmundur Bergþórsson. It investigates the murky boundaries between a poet's self-expression and his portrayal in later legend, inviting discussion on historical identity and the distortion thereof.Íslenzkar þjóðsögur og ævintýriSøguþáttr frá Guðmundi skáldi BergþórssyniSyrpa með hendi Gísla KonráðssonarÍslenzkar þjóðsögur og ævintýri

## Hlutverk fötlunar í völdum dómsúrskurðum fyrr og nú

Hanna Björg Sigurjónsdóttir

Félags, mannfræði og þjóðfræðideild

Í fyrirlestrinum verður skyggnst inn í gömul dómsmál sem varða fátækar, fatlaðar konur og þau borin saman við dómsmál nútímans. Markmiðið er að skoða samspil fötlunar og félags- og menningartengdra þátta í því skyni að varpa ljósi á hvernig eiginleikar fötlunar hafa verið notaðir og þeim gefin merking í dómsmálum. Með því að skoða valda dóma úr íslenskum dómabókum frá fyrri hluta nítjándu aldar og bera fötlunartengdar lýsingar saman við mál sem rekin eru fyrir dómstólum tæpum tvö hundruð árum síðar kemur í ljós að þó að orðin sem eru notuð hafi breyst eru hliðstæður fortíðar og nútíðar margar í því hvernig merking fötlunar mótast. Það sem hefur breyst er það hvers eðlis þekkingin er sem er kölluð til, til að gefa vitnisburð um persónulega eiginleika kvennanna. Hvort heldur sem það eru sálfræðingar nútímans eða prestar fyrri tíma þá þjónar vitnisburðurinn þeim tilgangi að gefa fötlunin merkingu og það eru síðan þær lýsingar sem eru notaðar til að draga úr trúverðugleika kvennanna. Niðurstöðurnar endurspegla valdið sem hefur þjónað í gegnum aldirnar sem tæki til að skilgreina og móta hið „óhæfa" í tungumáli og menningu með því að nota undirliggjandi viðhorf.

## Samskipti og þátttaka í Íslendingasögum: vangaveltur um sögupersónur sem eru heyrnarlaus og/eða nota ekki talmál

Stefan C. Hardonk[1], Yoav Tirosh[2]

[1] Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild - Félagsvísindasvið - Háskóli Íslands
[2] Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild - Félagsvísindasvið - Háskóli Íslands; Nordic Studies and Experience Economy - Aarhus University

Fræðileg þekking um reynslu heyrnarlausra einstaklinga af þátttöku í samfélaginu byggir að mestu leyti á tveimur sjónarmiðum sem hafa staðið í erfiðri baráttu um merkingu heyrnarleysis. Vísindaleg þróun á 19. og 20. öld hefur leitt til óralisma sem stillir upp heyrn sem normi og undirstöðu árangursríkrar þátttöku sem og jákvæðs sjálfskilnings. Stefnan er að gera heyrnarlaust fólk að þátttakendum í heyrandi heimi og með heyrandi sjálfskilning. Óralismi er notaður til að réttlæta íhlutun í lífi og samfélagi heyrnarlauss fólks sem lítur á táknmál sem sitt móðurmál og setur tengsl við aðra heyrnarlausa einstaklinga í forgang (Döff samfélag). Döff samfélög og sjálfskilningur Döff einstaklinga hafa átt undir högg að sækja vegna óralismans. Viðbrögð Döff samfélaga hafa einkennst af áherslu á táknmál og menningu heyrnarlausra einstaklinga og höfnun læknisfræðilegrar íhlutunar. Þessi tvíhyggja um merkingu þess að vera heyrnarlaus hefur haft áhrif á þróun úrræða og stefnu t.d. á sviði menntunar. Rannsóknarverkefnið sem verður kynnt byggir á þverfræðilegu samstarfi fötlunarfræða og miðaldabókmennta og hefur að markmiði að veita innsýn í stöðu og þátttöku einstaklinga sem eru heyrnarlausir og/eða nota ekki talmál á þeim tíma sem íslendingasögurnar voru ritaðar (13. öld). Dæmi um sögupersónur voru greind út frá sögulegu sjónarmiði sem og gagnrýnni fötlunarfræði þar sem áhersla er á fjölþætt félagslegt samhengi og afbyggingu fastrar merkingar. Niðurstöður benda til þess að þátttaka einstaklinga sem eru heyrnarlausir og/eða nota ekki talmál átti sér stað á mismunandi forsendum og fellur ekki að þeirri tvíhyggju sem hefur mótað orðræður og átök um heyrnarleysi í nútímasamfélagi.

## „Mér sýnist að ferðafötin fari yður bezt, kæra tengdamóðir!“ Tengdamæður sem menningarfyrirbæri

**Eiríkur Valdimarsson**

Rannsóknarsetur HÍ á Ströndum - Þjóðfræðistofa

„Tengdamamma“ hefur í huga okkar ákveðna merkingu enda um að ræða einstakling sem er mikilvægur hluti af hverri fjölskyldu. Á hinn bóginn ber þessi skilgreining á stöðu og tengslum manneskjunnar með sér ímynd sem hefur neikvæðan blæ og birtist gjarnan í flökkusögum, bröndurum og frásögnum. Þetta þjóðfræðiefni lýsir einstaklingi sem er óvinsæl, dónaleg, frek og yfirgangssöm. Í versta falli væri hreinlega best að losna við hana í eitt skipti fyrir öll.Heimildabankinn timarit.is geymir urmul af efni allt frá 19. öld sem varpar ljósi á þetta neikvæða viðhorf til tengdamæðra. Í þessari athugun var stuðst við leitarorðin „tengdamamma“ og „tengdamóðir“ af tímarit.is og rýnt í þær niðurstöður frá sjónarhorni þjóðfræðinnar og með hliðsjón af kenningum um húmor og hæðni. Þar virðast tengdamæður bæði vera öruggur skotspónn og umræðuefni, þar sem konur óttast að verða fyrir gagnrýnisaugum tengdamæðra sinna, á meðan karlar vilja síður hafa þær inn á heimili sínu, enda rugla þær valdajafnvægið innanhúss.Í erindinu verður fjallað um þessa neikvæðu ímynd og orðræðugreind valin dæmi af tímarit.is. Hvaðan sprettur þessi ímynd og hvernig hefur hún þróast í áranna rás? Er einhver munur á viðhorfum karla og kvenna til tengdamæðra sinna? Dæmi eru um að tengdamæður séu einskonar talskonur gilda gamla sveitasamfélagsins sem var að víkja fyrir þéttbýlisvæðingu á Íslandi á fyrri hluta 20. aldar. Hluti af þessari ímynd tengdamóðurinnar kann því að tengjast hugmyndinni um að gamaldags hugsunarháttur standi í vegi fyrir framþróun.

## Tilfinningar búa í minningum: Birtingamynd staðartengsla í gegnum minningar um ástvini.

Snjólaug G Jóhannesdóttir

Félagsfræði, mannfræði og þjóðfræðideild - Háskóli Íslands

Sögulegt borgarlandslag er ekki einungis þyrping gamalla húsa því þar leynast einnig sögur, minningar og tilfinningar einstaklinga sem þeir finna farveg í efnislegum þáttum staðarins. Rannsóknir á staðartengslum hafa sýnt fram á að tilfinningar og margslungin úrvinnsla minninga og reynslu gegni lykilhlutverki í tengslamyndun fólks við staði. Í yfirstandandi rannsókn er markmiðið að „leggja til skilnings á því hvernig fólk gefur sögulegum þáttum borgarlandslags merkingu og gildi með því að greina hvernig minningar og tilfinningar móta samband við staði fortíðar". Öðlast þar með aukinn skilning á því hvers vegna fólki finnist það tilheyra tilteknum stað og líti á hann sem heimaslóðir sínar. Vettvangur rannsóknarinnar er miðborg Reykjavíkur en svæðið skartar mörgum af eldri byggingum borgarinnar enda elsta byggð hennar. Tvennskonar eigindlegum aðferðum er beitt. Annars vegar er um að ræða gönguviðtöl en hins vegar fara þátttakendur einir í gönguferð um miðborgina með sérstök upptökugleraugu sem taka upp allt sem þeir sjá og segja. Í kjölfarið er tekið við þá eftirfylgniviðtal eftir að upptakan hefur verið frumgreind. Margir íbúar upplifa sérstök tengsl við þetta elsta svæði borgarinnar sem er undir margþættum áhrifum. Í þessu erindi eru fyrstu niðurstöður rannsóknarinnar kynntar þar sem sjónum er sérstaklega beint að tilfinningatengslum sem þátttakendur rannsóknarinnar hafa öðlast í gegnum minningar um og með fólkinu í lífi þeirra. Tilfinningum sem þeir hafa öðlast í gegnum minningar sem efnislegir þættir svæðisins geyma og eru mikilvægir þættir í staðartengslum fólks. Það varpar ljósi og eykur skilning á virkni og gildi hversdaglegs byggingararfs í sögulegu umhverfið miðborgar Reykjavíkur.

## Áfallasaga sveitar: Slys í brimlendingum í Mýrdal 1841-1941

**Sigrún Lilja Einarsdóttir**

Félagsvísindadeild - Háskólinn á Bifröst

Íslandssagan einkennist af margskonar áföllum, hvort sem um er að ræða slys, náttúruhamfarir eða harmleikir af mannavöldum. Í þessum fyrirlestri verður greint frá verkefni sem er í vinnslu sem skoðar einkum slys á áraskipum við suðurströndina á 19. og 20. öld en kastljósinu verður sérstaklega beint að syðstu (og lengst af einni einangrðuðustu) sveit landsins — Mýrdal. Á tímabilinu 1841-1941 urðu 14 slys í lendingu á hafnlausri brimströndinni sem gerði það að verkum að alls 95 týndu lífi, eða að meðaltali sjö í hverju slysi, sem að mestu var heimafólk. Síðasta slysið varð í lendingu í Víkurfjöru þann 6. mars 1941 en þá drukknuðu sex menn en fjöldi fólks úr Víkurþorpi voru þá stödd í fjörunni. Í þessu erindi er stuðst við sagnfræðilegar heimildir af þessum fjórtán slysum, viðtöl við eldra fólk í Mýrdal, sem og afkomendum og ættingjum þeirra sem týndu lífi í slysinu 1941, í því skyni að varpa ljósi á hvaða áhrif þetta slys hafði á fjölskyldulíf og afkomu eftirlifenda. Frumniðurstöður benda til þess að orsakir þessara slysa mátti oft rekja til reynsluleysis þeirra sem veittu skipunum formennsku, óvenjulegra veðuraðstæðna eða annarra mannlegra mistaka. Í rituðum heimilidum sem og viðtölum við eldra fólk kemur skýrt fram hvað þögnin spilaði stóran þátt í að glíma við áföll — málin voru ekki rædd eða um þau hvíslað í hálfum hljóðum og svo virðist sem áföllin hafi meðvitað eða ómeðvitað lifað með samfélaginu; þ.e. litað líf afkomenda og ættingja þeirra sem létust og haft óttablandin áhrif á afstöðu sumra Mýrdælinga til sjávarins.

## Dýroníur og markalausar matarhefðir

Kristinn Schram

Námsbraut í þjóðfræði - Félagsfræði- mannfræði og þjóðfræðideild - Háskóli Íslands

Matarmenning og framsetning hennar leikur stórt hlutverk í mótun sjálfsmynda. Hér verður spurt hvort líta megi á „framandi" og „þjóðlega" matarmenningu sem leið til þess að kanna óljós mörk á mótum fólks og dýra, liðinna tíma og komandi stundar. Oft eru það matarhefðir á barmi útrýmingar sem lyft er á stall menningararfs og þá er jafnvel hinu ólífvænlega gefið sérstakt gildi (Kirshenblatt-Gimblett 1995). Þá má spyrja af hverju slíkir matargjörningar reyni stundum á mörk þess sem telja megi viðsættanlegt í samfélögum nútímans. Hvort sem við sitjum augliti til auglitis við dýrshöfuð á disknum, rennum niður súrum hrútspungum eða öndum að okkur kæstum hákarli geta margar íslenskar matarhefðir talist krefjandi fyrir óvana og jafnvel innvígða. Tökum við slátur til þess að tengja við fábreytni og sparsemi liðinna kynslóða? Má finna eitthvert öryggi á óvissutímum í þáþráhyggjulegri framsetningu á fortíðinni? Þótt ágengt kjöt- og fiskát af ýmsu tagi sé brottrekstrarsök í einu samhengi myndar það ákveðinn kjarna í samheldni hópa í hátíðarhöldum á borð við þorrablót og Þorláksmessu. Það er einnig hluti af gagnvirku þverþjóðlegu samtali innflytjenda, ferðamanna og markaðsetningar. Frásagnir af veiðum, landbúnaði og framleiðslu minna okkur einnig á uppruna matarins í dýrum og örverum sem oft virðast utan seilingar. Sá leikræni blær sem slíkar matarhefðir taka á sig kunna einnig að gefa til kynna ákveðna íroníu sem gjarnan fylgir því að mæta óvissu, þverstæðum og óljósum mörkum (Huber and Fernandez 2001).

## Sjálfbærnieldhúsið – sköpun og miðlun þekkingar í þágu umhverfis og heilsu

Auður Viðarsdóttir

Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild

Hvernig getur vísindasamfélagið stuðlað að heilsusamlegri og umhverfisvænni matarháttum? „Sjálfbært heilsusamlegt mataræði – Vísindi sem vegvísir í átt að sjálfbærri framtíð" er þverfaglegt rannsóknarverkefni við Háskóla Íslands sem beinir sjónum að mataræði Íslendinga með áherslu á umhverfisáhrif og heilsu. Markmiðið er að auka við þekkingu sem auðveldar almenningi og stefnumótandi aðilum að taka ákvarðanir í átt að aukinni sjálfbærni í matarvenjum og matvælaframleiðslu, í takt við síaukna þörf á aðgerðum gegn loftslagsbreytingum.Sjónum hefur m.a. verið beint að menningar- og félagslegum þáttum og hefur sú greining leitt í ljós mikilvægi félagslegra tengsla þegar kemur að breytingum á mataræði. Sjálfbærnieldhúsið er viðburður sem hannaður var út frá þeim forsendum og er vettvangur til að skapa og deila þekkingu. Vísindafólk, almenningur og matvælaframleiðendur mætast í eldhúsinu, afla hráefna úr nærumhverfi sínu, elda máltíð og eiga samtal um sjálfbæra og heilsusamlega matarhætti og möguleika nærsamfélagsins til að stuðla að frekari þróun í þá átt. Markmiðið er að skoða hvernig samtal þvert á hópa, bein snerting við hráefni, hagnýt reynsla og sköpunargleði geta hjálpað okkur að móta í sameiningu ný gildi og heilbrigðara samband við umhverfi, náttúru og okkar eigin líkama.Í þessu erindi verður í máli og myndum sagt frá fyrsta Sjálfbærnieldhúsinu sem fram fór í Hallormsstaðaskóla síðastliðið vor. Rætt verður um gildi viðburðarins sem félagsvísindalegs rannsóknarvettvangs og lifandi tengingar milli vísinda og almennings.

## Staða innflytjenda á vinnumarkaði hérlendis á krepputímum eftir byggðamynstri og atvinnugreinum

Bjarki Þór Grönfeldt[1], Vífill Karlsson[2]

[1] Viðskiptadeild, Háskólinn á Bifröst
[2] Viðskiptadeild - Háskólinn á Bifröst

Atvinnuleysi var meira meðal innflytjenda hérlendis en Íslendinga í Covid-kreppunni og er sú staða áhyggjuefni í ljósi þess hve fjölmennur og hratt vaxandi hópurinn er. Í ágúst 2022 kom út rannsóknin Innflytjendur og staða þeirra á vinnumarkaði í Covid-kreppu (Vífill Karlsson, 2022). Staða Íslendinga á vinnumarkaði þess árs var borin saman við innflytjendur og staða innflytjenda skoðuð landfræðilega á tvo vegu: 1) Borin var saman staða innflytjenda á höfuðborgarsvæðinu við restina af landinu. 2) Borin var saman staða innflytjenda á vinnumarkaði á Vesturlandi við restina af landinu. Markmiðið hér er búa nú þessa rannsókn til birtingar í fræðatímariti en framkvæma landfræðilegu greininguna með öðrum hætti og brjóta hana upp á milli höfuðborgarsvæðisins, Akureyrar, stórra bæja, milli stórra bæja, lítilla bæja og dreifbýlis. Ánægja með búsetu verður einnig skoðuð í þessari grein og þannig freistast til að sjá hvort staða innflytjenda á vinnumarkaði endurspeglist í ánægju með búsetu. Gögnin eru úr íbúakönnunum landshlutanna árið 2020 þar sem rúmlega 10.000 íbúar tóku þátt. Tæplega 1.300 innflytjendur fóru inn í könnunina (þó svo virk svör hafi verið færri). Tilviljunarkenndu úrtaki var aflað af öllum landshlutsamtökum nema að á höfuðborgarsvæðinu var svokallaðri snjóboltaaðferð beitt. Helstu niðurstöður benda til þess að staða innflytjenda á atvinnumarkaði sé verri en Íslendinga og að innflytjendur njóti ekki svokallaðs borgarhagræðis (t.d. hærri launa í þéttbýli) eða velgengni sumra atvinnugreina eins og t.d. sjávarútvegs.

## Fjölbreytileiki á íslenskum vinnumarkaði.

Guðjón Helgi Egilsson

Viðskiptafræðideild, Háskóli Íslands

Þessi eigindlega rannsókn kafar ofan í margþætta virkni fjölbreytileika meðal erlends starfsfólks á Íslandi og ferli aðlögunar, aðgreiningar og jaðarsetningar innan íslensks vinnuafls. Á Íslandi, sem jafnan er þekkt fyrir einsleitann hóp einstaklinga og menningu, hefur orðið mikil aukning í viðveru erlends starfskrafst, sem kallar á víðtækan skilning á reynslu þeirra og áhrifum á íslenskan vinnumarkað.Samlögun einkennist af því að hve miklu leyti erlent vinnuafl tileinkar sér íslensk menningarviðmið og gildi sem er einn mikilvægur þáttur í þessari rannsókn. Mat á aðlögunarstigi meðal þessara starfsmanna upplýsir okkur ekki aðeins um menningarferil þeirra heldur varpar einnig ljósi á menningarlegar aðlögunaráskoranir.Samþætting er önnur lykilvídd, kannar að hve miklu leyti erlent vinnuafl tekur virkan þátt í íslensku samfélagi, bæði efnahagslega og félagslegaAðskilnaður og jaðarsetning skoða hins vegar þau tilvik þar sem erlendu starfsfólki kann að finnast það vera útskúfað eða sett á jaðar íslensks samfélags. Þetta felur í sér að kanna mögulegar tungumálahindranir, mismunun og félagslega einangrun sem þeir gætu upplifað.Einangrun skapast þegar engin tengsl myndast milli nýrrar menningar. Einstaklingurinn heldur þá fast í þjóðmenningu sína.Meginrannsóknarspurningin sem liggur til grundvallar rannsókninni er: Hvernig hefur ferill aðlögunar, samþættingar, aðskilnaðar og jaðarsetningar áhrif á reynslu og árangur erlends starfsfólks á Íslandi?Með því að takast á við þessa spurningu er verið að auka við þekkingu um fjölbreytileika á vinnustöðum og veita innsýn sem getur upplýst um ákveðnar stefnur og starfshætti sem miða að því að stuðla að aukinni þátttöku og jafnrétti alls starfsfólks á Íslandi, óháð þjóðernis- eða menningarbakgrunni.

# Sjálfboðastarf í Brothættum byggðum

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, Jónína Einarsdóttir

Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild; Háskóli Íslands

Umræður hafa átt sér stað um erlenda sjálfboðaliða sem ganga í störf launafólks hér á landi. Dreifbýlið er vinsæll viðkomustaður þar sem sjálfboðaliðar gegna fjölbreyttum störfum en fá í staðinn fæði og húsnæði. Aðilar vinnumarkaðarins saka þau sem ráða sjálfboðaliða um launaþjófnað, að skekkja samkeppnisstöðu fyrirtækja og að draga úr framboði launaðra starfa. Frásagnir af illri meðferð sjálfboðaliða hafa ratað í fjölmiðla. Samtímis stunda margir sjálfboðavinnu í heimabyggð og þykir það virðingarvert.Markmið erindisins er að skoða ástæður sjálfboðavinnu í brothættum byggðum, áhrif hennar á atvinnumál og afkomu nærsamfélagsins, sem og hvort sjálfboðastörf geti í einhverjum tilfellum talist réttmæt. Gagna var aflað í fjórum fyrstu byggðunum sem tóku þátt í verkefninu Brothættar byggðir. Að auki voru auglýsingar eftir erlendum sjálfboðaliðum á vegum HelpX og Workaway 2017-2023 greindar. Byggðirnar voru heimsóttar í september 2022 og viðtöl tekin við fulltrúa atvinnurekenda, bænda, sveitarstjórnarfólks, verkalýðshreyfingarinnar og Vinnueftirlitsins, og fólk sem sinnir sjálfboðastarfi. Nokkur munur var á milli byggða á umfangi sjálfboðastarfs, bæði hvað varðar innlenda og erlenda sjálfboðaliða. Ástæður þess að ráða sjálfboðaliða og að sinna sjálfboðavinnu voru fjölbreyttar. Nokkur samstaða var um að sjálfboðaliðar, innlendir og erlendir, ættu ekki að ganga í störf þar sem ríkir samkeppni á vinnumarkaði. Sjálfsagt væri að sinna sjálfboðavinnu við störf sem annars yrðu ekki unnin og væru til hagsbóta fyrir samfélagið. Auglýsingum hefur fækkað en það er hlutfallsleg fjölgun auglýsinga eftir aðstoð við heimilisstörf, umönnun gæludýra og barnagæslu. Samstaða var um að sjálfboðastörf væru nauðsynleg í brothættum byggðarlögum og undirstaða félagslífs og velferðar.

## Sjálfboðaliðar á sveitabæjum: er það réttlætanlegt?

Jónína Einarsdóttir, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir

Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild; Háskóli Íslands

Bændur hafa á undanförnum árum ráðið til sín erlenda sjálfboðaliða. Því hefur verið líkt við nútíma þrælahald og fyrirsagnir sem þessar hafa ratað í fjölmiðla: „Íslenskir bændur brjóta lög með því að ráða sjálfboðaliða", „Sjálfboðaliðar spara bændum 108 milljónir á mánuði" og „Bændur koma sér undan launakostnaði með því að auglýsa eftir sjálfboðaliðum". Samtímis hafa Bændasamtökin og Starfsgreinasambandið birt yfirlýsingu um að ekki sé amast við sjálfboðaliðum við störf eins og sauðburð, leitir og réttir „enda byggi þau á langri venju". Markmið erindis er að greina viðhorf bænda til sjálfboðaliðastarfa, áhrif slíkra starfa á afkomu bænda, og hvort sjálfboðastörf geti í einhverjum tilfellum talist réttmæt í sveitum. Byggt er á viðtölum við níu bændur; sauðfjárbændur, kúabændur, grænmetisbændur, hrossabændur og ferðaþjónustubændur frá árunum 2020–2022 og greiningu auglýsinga á HelpX og WorkAway árin 2017–2022. Bændur eru meðvitaðir um þá ímynd sem skapast hefur um sjálfboðavinnu sem þrælavinnu. Þeir reyna að fara ekki fram yfir viðmið um daglegan vinnutíma. Það er þó erfitt því suma daga er ekkert unnið, en aðra daga mjög mikið. Bent er á að búskapurinn leyfi ekki launagreiðslur og því taki sjálfboðaliðarnir ekki launuð störf frá öðrum. Þeir leggja áherslu á að veita sjálfboðaliðunum afþreyingu og lána jafnvel farartæki í ferðalög. Greining auglýsinga sýnir fækkun auglýsinga þar sem beðið er um aðstoð við sjálf sveitastörfin. Bændur segja að „glæpavæðing" sjálfboðavinnu til sveita skapi óöryggi fyrir bændur og sjálfboðaliðana. Því sé mikilvægt að ná sátt um hvað sé ásættanlegt sjálfboðastarf til sveita.

## Eineðli lands- og þjóðaréttar í dómum Hæstaréttar til 1975

Bjarni Már Magnússon[1], Bryndís Torfadóttir[2]

[1] Háskólinn á Bifröst
[2] Norðdahl, Narfi og Silva

Samspil lands- og þjóðaréttar (alþjóðalaga) er margþætt álitaefni sem snertir grundvallaratriði íslenskrar stjórnskipunar og tengsl Íslands við umheiminn. Snemma var gengið út frá því í íslenskum fræðiskrifum að kenningin um tvíeðli einkenndi íslenskan rétt, þ.e. að lands- og þjóðaréttur væru aðskilin fyrirbæri. Sú umfjöllun var alfarið án tengingar við frumheimildir, þ.e. dóma Hæstaréttar fram á síðari hluta 20. aldar. Í erindinu verður rýnt í dóma Hæstaréttar um ólöglegar botnvörpuveiðar erlendra aðila sem féllu á tímabilinu 1920 til 1975 til að varpa ljósi á þau mál. Af þeirri athugun er dregin sú ályktun að skil hafi verið á milli dómaframkvæmdar og fræðiskrifa á tímabilinu sem um ræðir. Á sama tíma og því var lýst í fræðiskrifum að íslenskur réttur einkenndist af tvíeðliskenningunni birtust eineðlissjónarmið, þ.e. að lands- og þjóðréttur myndi eitt réttarkerfi, í 18 af þeim 20 hæstaréttardómum sem dómarannsókn þessi tekur til, en tvíeðlissjónarmið koma hvergi fyrir. Gengur sú niðurstaða þvert á viðtekin sannindi innan íslenskrar lögfræði og vekur upp margvíslegar spurningar um fræðiskrif um íslenska lögfræði almennt sem og hver áhrif þessa hafa verið á umræðu um alþjóðamál hérlendis.

## Bætt úrræði neytenda til sóknar skaðabóta vegna samkeppnislagabrota

Haukur Logi Karlsson

Háskólinn á Bifröst, Lagadeild; Háskóli Íslands, Lagadeild

Samkeppnislagabrotum hefur verið lýst sem samsæri gegn neytendum. Hefðbundna nálgunin á viðurlög við brotum af slíku tagi á Íslandi hefur falist í álagningu sekta á fyrirtæki af hálfu hins opinbera auk þess sem hið opinbera getur höfðað refsimál gagnvart þeim einstaklingum sem ábyrgð bera á alvarlegum samkeppnislagabrotum. Innan ríkja Evrópusambandsins hefur síðasta áratuginn verið lögð aukin áhersla á að gera einkaréttarleg úrræði skilvirkari og einfaldari með það að markmiði að þeim megi beita samhliða hefðbundum opinberum úrræðum þegar upp koma samkeppnislagabrot. Í íslenskri réttarfarslöggjöf er gert ráð fyrir því úrræði að einkaaðilar geti höfðað mál til greiðslu skaðabóta á hendur þeim sem hefur valdið þeim tjóni með samkeppnislagabroti. Auk þess er mögulegt að nýta ramma réttarfarslaga um hópmálsóknir til þess sama. Þessi úrræði hafa hins vegar lítt verið notuð af hálfu neytenda á Íslandi og snýst þessi rannsókn um að leita svara við því hvers vegna svo sé. Til að svara spurningunni verða núverandi réttarfarsúrræði skoðuð með hliðsjón af þeim viðmiðum sem sett hafa verið fram af hálfu Evrópusambandsins og þeirri umræðu sem hefur átt sér stað í fræðunum um hvernig heppilegt sé að stilla slíkum einkaréttarlegum réttarfarsúrræðum upp til þess að þau megi sem best styðja við markmið samkeppnislaga.

## Lærdómar frá Írlandi fyrir íslenska stjórnlagaferlið

**Eiríkur Bergmann**

Háskólinn á Bifröst

Þátttökulýðræði hefur víða rutt sér til rúms og er nú oftlega viðhaft til hliðar við hið hefðbundna fulltrúalýðræði. Almennir borgarar kallaðir til rökræðu og ákvarðanatöku um álitaefni sem síður fæst skorið úr með aðferðum hefðbundinna stjórnmála. Borgaraþing eru á meðal tækja sem brúkuð hafa verið í þá veru og fjöldi slíkra hefur verið nýttur við stjórnlagagerð.Stjórnlagaferlið hérlendis á árunum 2010 til 2013 var ein metnaðarfyllsta tilraunin í þá veru að laða almenna borgara til þátttöku við stjórnarskrárgerð. Og jafnvel þótt frumvarp Stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarsrká hafi steytt á skeri innanlandsátaka hefur íslenska ferlið orðið að fyrirmynd álíka borgaraþinga víða um veröld.Ég hef verið svo lánsamur að fá að taka þátt í undirbúningi sumra þeirra, eftir að hafa setið í Stjórnlagaráði. Árangurríkast er án efa röð írskra stjórnlagaþinga sem í nokkrum lotum hafa leitt til umtalsverðra breytinga á írsku stjórnarskránni.Eftir að starfi Stjórnlagaráðs lauk var ég fenginn til ráðgjafar í tengslum við írska stjórnlagaferlið en þarlendir vildu gjarnan læra af reynslu annarra. Í ljósi þess að íslenska ferlið steytti á skeri en það írska sigldi stolt í höfn er ekki úr vegi að snúa lærdómsstefnunni við og skoða hvort að við gætum nú lært af Írum.

## Stjórnarskráin 1874 – gegn vilja þjóðarinnar?

Þór Martinsson

Sagnfræði

Kynntar verða niðurstöður nýrrar MA rannsóknar í sagnfræði um innleiðingu og innihald Stjórnarskrár Íslands 1874. Rannsóknin beindist að áhrifum stjórnarskrárinnar í innleiðingu nýs stjórnarfars, þar sem íslenska þjóðin fékk smám saman fullveldi yfir eigin sérmálum innan danska ríkisins. Samkvæmt ríkjandi söguskoðun sjálfstæðisbaráttunnar var Stjórnarskráin 1874 inleidd einhliða af dönskum stjórnvöldum gegn vilja íslensku þjóðarinnar. Rannsóknin leiðir aftur á móti í ljós að stjórnarskráin var óhjákvæmileg niðurstaða af löngu pólitísku ferli þar sem tekið var tillit til sjónarmiða fulltrúa íslensku þjóðarinnar. Rannsóknartilgáta:Fullveldisframsalið á grundvelli stjórnarskrárinnar og það lýðræðisfyrirkomulag sem varð til í kjölfarið var bundið tvenns konar sögulegum skilyrðum: Annars vegar af því sem dönsk yfirvöld voru tilbúin að bjóða og því alþjóðlega samtíma-umhverfi sem var í mótun á þeim tíma. Hins vegar af því almannarými sem myndaðist á Íslandi í kjölfar endaloka einveldis. Til þess að almennt fullveldisframsal væri mögulegt, varð þjóðin eða almannarýmið sem tók á móti fullveldinu, að uppfylla þrjú skilyrði: Gagnrýni, umræðu og niðurstöðu.Í kjölfar byltinga á meginlandi Evrópu árið 1848 varð upplausn í danska ríkinu sem leiddi til þess að ólík þjóðarbrot voru felld inn í nýja danska ríkisheild. Segja má að Stjórnarskráin 1874 hafi verið skapandi tilraun danskra embættismanna til að gera einmitt þetta. Í trássi við þann ásetning átti stjórnarskráin eftir aði nýtast sem undirstöðulög fyrir nýtt sjálfstætt ríkisvald á Íslandi tæpri hálfri öld síðar. Heimildagrunnur rannsóknarinnar eru bæði prentaðar frumheimildir frá upphafsskeiði íslenskra stjórnmála á árunum 1848-1874 ásamt síðari tíma fræðilegar greiningar á geópólitískum breytingum á sama skeiði.

## Hugmyndir foreldra ungra barna um hlutverk og gildi tónlistar í uppeldi

**Helga Rut Guðmundsdóttir**

Háskóla Íslands /Menntavísindasvið

Tónlist í einhverri mynd, er talin hafa gegnt mikilvægu hlutverk í uppeldi barna í flestum menningarheimum á ýmsum tímum. Í þessu erindi verður greint frá rannsóknum á hugmyndum ungbarnaforeldra á Íslandi um hlutverk og gildi tónlistar í uppeldi barna. Byggt er á niðurstöðum spurningalistakannana og opinna viðtala við foreldra ungra barna á Íslandi allt frá árinu 2003. Þar á meðal eru viðtöl við foreldra af erlendum uppruna. Niðurstöður benda meðal annars til þess að foreldrar séu undir áhrifum ráðandi hugmynda um hlutverk tónlistar í þroska barna óháð aldri, stétt og stöðu. Einnig eru vísbendingar um að foreldrar af erlendum uppruna á Íslandi þekki til sömu hugmynda um tónlist og uppeldi barna. Vísað verður til sambærilegra rannsókna sem hafa verið gerðar erlendis og rýnt í það sem er líkt eða ólíkt með hugmyndum ungbarnaforeldra milli landa. Ráðandi umræða um áhrif tónlistar á þroska og uppeldi barna byggja oft á gagnreyndum staðreyndum en einnig eru rangfærslur og vinsælar mýtur lífseigar og speglast í hugmyndum foreldra um hlutverk tónlistar í lífi ungra barna. Lífseigar en órökstuddar mýtur einkennast gjarnan af hugmyndum um áhrif tónlistarhlustunar á gáfnafar barna og að ákveðnar tónlistarstefnur geti verið æskilegar eða óæskilegar fyrir þroska og velferð barna.

## Family Musicking and ‘safer space culture’: towards positive social transformation

**Adam Switala**

School of Education – University of Iceland

Family Musicking is a relatively young term used in research literature across different academic fields predominantly as an umbrella term to describe a wide variety of educational programs part of which parents and young children engage in musical activities. Such programs, usually facilitated by one or more trained teachers, aim to provide opportunities for musical exploration, expression, and communication to both adult participants and infants. This paper examines the results of a qualitative study conducted in Iceland in the light of Koop’s Family Musicking Framework and other related concepts. Through a thematic analysis of interviews with immigrant parents participating in Family Musicking programs, key qualities of such programs are being highlighted and positioned within a wider ontological perspective. Moreover, the article provides a thorough interdisciplinary investigation of Family Musicking as an educational tool suitable for addressing the needs of under-represented populations. The potential of Family Musicking for establishing liminal spaces—spaces for individual and societal transformation—through different forms of musicking with and without the use of verbal language is being discussed. The concept of ‘safer space culture’ is used to analyse the possible implications of establishing such transitional spaces within and across communities. The research result indicate that Family Musicking programs need to present a good balance between parenting, relational, musical, and practical goals in order to achieve their transformative potential.

## Opið æskulýðsstarf og siðareglur

Árni Guðmundsson

Menntavísndasvið - Deild heilsueflingar, íþrótta og tómstunda

Erindið byggir á gögnum úr rannsóknarverkefninu Strengthening the Professionalisation of Youth Work through Codes of Ethical Practice. Aðilar að verkefninu voru Háskóli Íslands, Tallinn University í Eistlandi og Victoria University í Ástralíu auk fagfélaga starfsmanna í opnu æskulýðsstarfi í þessum löndum. Markmiðið var að kanna og finna leiðir til að styrkja fagvettvang æskulýðsmála á grundvelli siðareglna. Rannsóknin byggði bæði á eigind- og megindlegum aðferðum. Ítarlegir spurningarlistar voru sendir á félagsmenn í þessum löndum auk rýnihópa- og einstaklingsviðtala í hverju landi fyrir sig.Í þessu erindi, sem byggir á megindlegum gögnum rannsóknarinnar, fjallar höfundur um viðhorf starfsmanna til siðareglna. Það er til þeirra þátta sem þeir telja mikilvæga og hvort þeir falli að siðareglum fagfélaga í viðkomandi löndum. Niðurstöður eru þær að í um og yfir 90% tilfella nefnir starfsfólk atriði eins og valdeflingu; virkni; þátttöku; félagslegt öryggi ungmenna; mannréttindi ungs fólks; virðingu heilsu vellíðan; sjálfstæði; jákvæða vegferð til fullorðinsára og tengsl við fjölskyldu og samfélag. Allt eru þetta atriði sem eiga sér stoð í siðreglum viðkomandi félaga, þó svo að reglur og útfærslur séu mismunandi. Kjarni siðareglna allra þessara félaga byggir á hugtökum eins og valdeflingu (e. empowerment), virkni (e.citizhenship) og mannréttindum (e.human rights). Það vekur athygli að starfsfólk með menntun í tómstunda- og félagsmálafræðum og skyldum greinum þekkir almennt siðareglur betur en þau sem ekki búa að menntun á því sviði. Fyrrnefndi hópurinn telur jafnframt að mikilvægi siðareglna sé meiri og að siðreglurnar styrki fagmennsku almennt.

## Raddir barna í rannsóknum: Vangaveltur um þátttöku og atbeini í heimsfaraldri

Eva Jörgensen

Félagsfræði-, mannfræði-, og þjóðfræðideild

Rannsóknarsnið leikur mikilvægt hlutverk þegar kemur að valdeflingu og sýnileika barna og unglinga í rannsóknum. Þegar COVID-19 heimsfaraldurinn geysaði spruttu ört fram ýmsar rannsóknir sem sýndu fram á margvísleg áhrif á þennan hóp af hálfu stjórnvalds-inngripa víðsvegar um heim. Á sama tíma heyrðust gagnrýnisraddir varðandi hlutverk rannsókna í valdeflingu barna og unglinga, og fræðasamfélagið hvatt til naflaskoðunar og aukinnar áherslu á aðferðir sem efla enn frekar aðgerðahæfni og sýnileika barna þar sem raddir þeirra koma óhindrað fram.Þessi kynning er hluti af kápu doktorsverkefnis sem snýr að áhrifum COVID-19 heimsfaraldursins á börn og unglinga og hvernig réttindum þeirra til þátttöku, heilsu, og velferðar hefur verið háttað. Markmið kynningarinnar er að kanna aðferðafræðilega nálgun í rannsóknum með börnum og unglingum og hvaða áherslubreytingar COVID-19 heimsfaraldurinn hefur borið með sér. Umræðan mun bjóða upp á vangaveltur varðandi hlutverk rannsókna og rannsóknarsniða, sem og rétt barna til þátttöku. Einnig verður rætt um hlutverk og ábyrgð rannsakenda í þessu samhengi. Þátttakendum málstofunnar verður boðið að taka þátt í ígrundun á aðferðafræði og atbeini barna í rannsóknum; hvernig aðferðir og nálgun geta mótað túlkun á sjónarhorni barna. Einnig verður rætt hugsanleg áhrif COVID-19 heimsfaraldursins á þetta málefni.

## Rekjanleikagreiningar og rekjanleikavarnir í grunnskólakönnun Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar

Hans Haraldsson[1], Arndís Vilhjálmsdóttir[2]

[1] Menntavísindastofnun Háskóla Íslands
[2] Hagstofa Íslands

Þegar gögnum hefur verið safnað er æskilegt að sem flestir rannsakendur geti nýtt þau. Þegar gögn samanstanda af athugunum á einstaklingum eða lögaðilum er þó hætta á að af tölfræðigögnum megi ráða ýmislegt um eiginleika einstakra aðila sem koma fyrir í gagnasafninu. Er þá talað um að tölfræðilegur rekjanleiki (e. statistical disclosure) sé til staðar. Aðferðir til að greina og takmarka rekjanleika kallast rekjanleikavarnir (e. statistical disclosure control).Rekjanleikavarnir eru misleitt fræðisvið þar sem oft er ósamræmi í orðanotkun og skilgreiningum. Skýrist það af því að rekjanleikavarnir eru gjarnan þróaðar fyrir tiltekin gagnasöfn og tegundir tölfræðibirtinga en eðli rekjanleika getur verið mjög breytilegt á milli gagnasafna.Í erindinu verður farið yfir flokkun og skilgreiningar á rekjanleika sem unnið er eftir við birtingar á gögnum úr grunnskólakönnunum íslensku æskulýðsrannsóknarinnar (ÍÆ) en gögn ÍÆ eiga að vera eins opin og kostur er á svo lengi sem nafnleynd svarenda er tryggð. Kynntar verða aðferðir sem nýttar eru til að meta rekjanleika, viðmið um rekjanleika og hvernig gögn eru unnin svo viðmið séu uppfyllt.

## Tímaraðalíkön fyrir langt minni

**Helgi Tómasson**

Hagfræðideild Háskóla Íslands

Alþekkt er að ályktanir byggðar á tímaraðagögnum eru almennt villandi ef ekki er gengið út frá viðeigandi líkani sem tekur tillit til þess að mælingar eru háðar og byggja á kviku ferli.Kvikum ferlum sem lýst er með línulegum diffurjöfnum sem hafa þann eiginleika að fortíðin afskrifast mjög hratt, þ.e. með veldis(exponential )hraða. Hefðbundin tímaraðalíkön, ARMA/ARIMA byggja á línulegum diffurjöfnum. Í náttúrunni og hagkerfinu er vel þekkt að fortíðin virðist stundum afskrifast hægar en með veldishraða. Markmið þessa fyrirlestrar er að kynna valkost við slík líkön. Í tímaraðafræðum hafa verið þróuð líkön sem fanga þann eiginleika að fortíðin afskrifist hægar. Þekktustu útfærslurnar hafa verið nefndar ARFIMA líkön(auto-regressive-fractionally-integrated-moving-average) til aðgreiningar frá hefðbundnum ARIMA líkönum(auto-regressive-integrated-moving-average) ARIMA(p,d,q) sem hafa verið mikið notuð í hagrannsóknum í 50 ár. Það sem aðgreinir ARFIMA(p,d,q) frá hefðbundnum ARIMA(p,d,q) er að d getur verið brot. Eiginleikum tímaraðalíkana fyrir langt minni er lýst og nokkur dæmi nefnd, svo sem flóðahæð í Níl, mælingum á hitastigi, sumum vaxtaröðum sem sýna tregbreytilega hegðun. Mat á hreyfimynstri lofthita jarðar síðustu aldir með slíkum líkönum sýnir að tal um mikla hlýnun jarðar eru ýkjur.

## Svarandi og aðlagandi gagnaöflun í endurteknum alþjóðlegum viðhorfakönnunum: Hermirannsókn

Hafsteinn Einarsson

Stjórnmálafræðideild - HÍ

Gagnasöfn byggð á gögnum úr alþjóðlegum viðhorfakönnunum eru meðal mikilvægustu afurða félagsvísindanna. Gagnaöflun í slíkum könnunum getur þó verið afar flókin, þar sem tryggja þarf að skekkjur á borð við mæliskekkjur og brottfallsskekkjur séu ekki breytilegar milli landa. Svarandi (e. responsive) og aðlagandi (e. adaptive) gagnaöflun hefur verið lögð til sem aðferð til að draga úr skekkjum í viðhorfakönnunum, en þær hafa ekki verið skoðaðar í samhengi alþjóðlegra kannana. Í þessari rannsókn er notast við hermanir til að athuga hver áhrif þess að hætta gagnaöflun snemma fyrir tiltekna hópa í Evrópsku samfélagskönnuninni (e. European Social Survey (ESS)). Lýðfræðilegar breytur, ferilsgögn (e. paradata) og fjöldi sambandstilrauna eru notaðar sem forspárbreytur í svarlíkönum sem ráða því hvaða einstaklingar eru valdir til áframhaldandi gagnaöflunar. Átta samsetningar svarlíkana og valskilyrða eru metin út frá samsetningu svarenda, svarhlutfalls, fjölda sambandstilrauna og áhrif á lykilbreytur. Niðurstöður benda til þess að hægt sé að bæta samsetningu svarenda í flestum löndum og að minni háttar breytingar á svarhlutfalli séu mögulegar. Með því að hafa samband við líklega svarendur er sömuleiðis hægt að spara fjölda sambandstilrauna. Hins vegar hefur stöðvun gagnaöflunar fyrir valda einstaklinga takmörkuð áhrif á gildi lykilbreyta. Rannsóknin bendir til tækifæri við notkun svarandi og aðlagandi gagnaöflunar í alþjóðlegum viðhorfakönnunum, en að frekari þróun sé nauðsynleg m.t.t. fylgni milli svarlíkinda, hjálparbreyta og lykilbreyta.

## Áhrif myndbandsviðtala á samsetningu svarendahóps og svarhegðun viðmælenda.

Ævar Þórólfsson, Árni Bragi Hjaltason

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

Á undanförnum árum hefur sífellt dregið úr notkun viðtala augliti til auglits (e: Face-to-face; F2F) í spurningakönnunum. Þetta er sökum síhækkandi kostnaðar við þá aðferð auk þess sem COVID-19 faraldurinn hafði mikil áhrif á framkvæmd slíkra viðtala. Í lotu 10 af European Social Survey (ESS) á Íslandi var svarendum boðið upp á myndbandsviðtal í stað F2F viðtals. Í þessari greiningu er skoðað hvort valkostur um myndbandsviðtal hafi áhrif á annað hvort svarhlutfall eða samsetningu svarendahópsins. Einnig er skoðað að hversu miklu leyti myndbandsviðtöl eru sambærileg við F2F viðtöl þegar horft er til lengdar viðtala, upplifunar viðmælenda og svarbjögunar. Niðurstöður gáfu til kynna að valkostur um myndbandsviðtal hafði hvorki áhrif á svarhlutfall né samsetningu svarendahóps. Aftur á móti virtust myndbandsviðtöl vera að mjög miklu leyti sambærileg við F2F viðtöl því engin merkjanleg áhrif viðtalsaðferðar sáust á þeim þáttum sem voru skoðaðir. Þrátt fyrir að ekki sáust vísbendingar um bætt svarhlutfall má engu að síður mæla með myndbandsviðtölum í stað F2F viðtala. Þau eru mun hagkvæmari kostur og þessar niðurstöður gefa til kynna að hægt sé að nota myndbandsviðtöl án þess að stefna áreiðanleika gagna í hættu.

## „Við erum neydd til að vera heima.“ Áhrif heimsfaraldurs á unglinga í Bissá, Gíneu-Bissá

**Fatou N´dure Baboudóttir[1], Zeca Jandi[2], Bucar Indjai[3], Jónína Einarsdóttir[4], Geir Gunnlaugsson[5]**

[1] Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild - Háskóli Íslands
[2] Instituto Nacional de Estudos e Pesquisa (INEP) Bissá, Guíneu-Bissá
[3] Instituto Nacional de Estudos e Pesquisa (INEP) Bissá, Guíneu-Bissá
[4] Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild - Háskóli Íslands
[5] Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild - Háskóli Íslands

Þegar Covid-19 heimsfaraldurinn stóð sem hæst beittu stjórnvöld víða um heim aðgerðum til að draga úr útbreiðslu veirunnar. Í Gíneu-Bissá var neyðarástandi lýst yfir í mars 2020 sem fól meðal annars í sér strangar samkomutakmarkanir og skólalokanir. Í anda Barnasáttmálans eiga börn rétt á að segja skoðun sína á málum sem varða þau. Markmið rannsóknarinnar var að kanna áhrif, skilning og upplifun unglinga á heimsfaraldrinum í höfuðborginni Bissá við upphaf faraldursins með sérstaka áherslu á hugmyndir þeirra um framtíðina og birtingarmyndir ójöfnuðar. Gagnasöfnun fór fram í fimm hverfum höfuðborgarinnar Bissá á tímabilinu 20.-24. júní 2020. Tveir höfunda tóku hálf-stöðluð viðtöl á kreól við 30 unglinga á aldrinum 15-17 ára sem voru afrituð, þýdd og greind í Atlas.ti. Í frásögnum unglinganna mátti greina fjögur þemu: trúverðuleiki Covid-19, að vera heima, tileinka sér forvarnir og viðkvæmt lífsviðurværi. Allir þátttakendurnir urðu fyrir miklum áhrifum vegna samkomutakmarkana vegna yfirlýsts neyðarástands stjórnnvalda. Þátttakendur í rannsókninni, hér unglingar í Bissá, höfðu skýra hugmynd um tilveru sína og hugsanleg neikvæð áhrif samgöngutakmarkana á framtíð þeirra. Mikilvægt er að hlusta á raddir þeirra og bregðast við því sem þau hafa að segja til þess að að stemma stigu við við neikvæðum áhrifum heimsfaraldursins á líf þeirra. Mikilvægt er að slíkar mótvægisaðgerðir byggist á réttindum barna og þau fái tækifæri til að þroskast og dafna til stuðnings framtíðaráformum um virðingarvert líf.

## Líf hverra skiptir máli? Orðræðugreining á fjölmiðlum í heimsfaraldri

Tinna Ólafsdóttir, Ásta Jóhannsdóttir

Deild menntunar og margbreytileika, Háskóli Íslands

Á árunum 2020-2022 brugðust stjórnvöld á Íslandi við Covid-19 heimsfaraldrinum með sóttvarnaraðgerðum til að draga úr smitum og halda veirunni í skefjum. Settar voru á samkomutakmarkanir, grímuskylda, fjarlægðartakmarkanir og einangrun ef um smit var að ræða. Sóttvarnaraðgerðirnar voru uppfærðar reglulega í takt við smit tölur og álag á heilbrigðiskerfið. Markmið rannsóknarinnar er að skoða samfélagsleg viðbrögð við sóttvarnaraðgerðum stjórnvalda í Covid-19 heimsfaraldrinum, sér í lagi hvernig orðræða í fjölmiðlum þróast á þessum tíma og notum við orðræðugreiningu sem greiningartæki. Við greinum umræðu í íslenskum fjölmiðlum og einskorðum okkur við vefútgáfu fjölmiðla. Til að finna viðeigandi efni voru notuð leitarorð tengd sóttvörnum og faraldrinum. Til þess að varpa ljósi á þessa þróun notum við þriggja skrefa orðræðu færslu (e. discursive shift). Fyrsta skrefið er að kynna nýja orðræðu inn í almannarýmið. Einstaklingshyggja hefur verið ríkjandi hérlendis og orðræðuhefðin ber keim af því. Á þessum fordæmalausu tímum lögðu stjórnvöld því áherslu á samheldni og samfélagslega ábyrgð. Annað skrefið er að festa í sessi nýja orðræðu, til að mynda með daglegum upplýsingafundum þríeykisins. Þriðja og síðasta skrefið væri að samheldni og samfélagsleg ábyrgð myndi verða hið nýja norm en fyrstu niðurstöður sýna hins vegar að orðræðan sem í upphafi faraldurs var "við erum öll Almannavarnir" víkur fyrir orðræðu um frelsi einstaklingsins, mannréttindi og atvinnufrelsi. Eftir því sem heimsfaraldur dróst á langinn urðu þrástef hugmyndakerfis nýfrjálshyggjunnar sífellt meira áberandi en orðræður um samheldni og samfélagslega ábyrgð.

## Þegar þjóð var kölluð til á barnaverndarvaktina: tilkynningar til barnaverndar á tímum COVID-19 faraldursins

Eva Dögg Sigurðardóttir[1], Guðný Björk Eydal[2]

[1] Barna- og fjölskyldustofa; Háskóli Íslands - Deild menntunar og margbreytileika
[2] Háskóli Íslands - Félagsráðgjafadeild

Í íslenskum barnaverndarlögum segir að hver sá sem stöðu sinnar eða starfa vegna hefur afskipti af börnum, er skylt að tilkynna til barnaverndar hafi hann ástæðu til að ætla að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, ofbeldi eða stefni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu. Tilkynningarskyldan nær ekki eingöngu til starfsmanna, heldur einnig til almennings, samkvæmt lögum. Flestar tilkynningar berast frá opinberum aðilum, eða tvær af hverjum þremur. Strax við upphaf COVID-19 faraldursins greip ríkisstjórn Íslands til hinna ýmsu takmarkana á borð við sóttkvík, fjarlægðartakmarkanir, fjöldatakmarkanir og takmarka á skólastarfi með það markmið að draga úr smitum. Snemma vöknuðu áhyggjur af áhrifum slíkra úrræða á börn og háværumræða var um hlutverk almennings í barnaverndarkerfinu sem kjarnaðist í slagorðinu “við erum öll barnavernd”. Þessi grein byggir á gögnum er varða allar tilkynningar sem bárust barnaverndarþjónustum á tímum COVID-19 faraldursins, 12 mánuði fyrir og eftir upphaf heimsfaraldurs. Þá eru niðustöður bornar saman við gögn frá tímum efnahagshrunsins. Gögnum var safnað af hverri og einni barnaverndarþjónustu en tekin saman af Barna- og fjölskyldustofu. Niðurstöður greiningarinnar eru þær að tilkynningum fjölgaði á tímum kórónuveirunnar en breyting var á samsetningu þeirra sem tilkynntu. Almenningur og nánasta umhverfi barnsins tók að tilkynna í auknu mæli á sama tíma og tilkynningum frá skólum fækkaði. Þá má finna margt sammerkt með viðbrögðum almennings í kjölfar hrunsins og kórónuveirufaraldursins. Hér er sjónum beint að áfallastjórnun á krísutímum sem og á hlutverk almennings í hinu óformlega barnaverndarkerfi.

# Kvik greining á félagslegu taumhaldi í Covid-19 faraldrinum

Magnús Þór Torfason[1], Jón Gunnar Bernburg[2]

[1] Viðskiptafræðideild
[2] Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild

Þegar Covid-19 faraldurinn reið yfir var gripið til samkomutakmarkana í því skyni að draga úr smitum. Þessar takmarkanir voru studdar af lögum og regluverki, en ekki síður var byggt á óformlegri leiðum til að hafa áhrif á hegðun fólks. Eftirminnilegum slagorðum á borð við að „ferðast innanhúss“ um páska og halda jólin hátíðleg í „jólakúlum“ var beitt, en einnig var byggt á félagslegu taumhaldi þar sem hegðun einstaklinga mótast af hegðun annarra. Í þessari rannsókn er sjónum beint að því hvernig félagslegt taumhald þróaðist eftir því sem á leið faraldurinn. Sér í lagi er athugað hvaða viðmiðunarhópar höfðu mest áhrif á hegðun einstaklinga á mismunandi stigum faraldursins. Byggt er á kannanagögnum sem safnað var í rauntíma á meðan faraldrinum stóð og aðhvarfsgreiningu beitt til að kanna hvernig skynjun einstaklinga á hegðun annarra hafði áhrif á þeirra eigin hegðun. Niðurstöðurnar gefa til kynna að væntingar um áhrif samkomutakmarkana, skynjuð hegðun annarra almennt og skynjuð hegðun náinna hafi allar haft áhrif á hegðun einstaklinga. Hlutfallsleg áhrif þessara þátta breyttust þó með tímanum og vísbendingar eru um að í upphafi faraldurs hafi fólk frekar litið til samfélagsins sem heild, en þegar á leið horfði fólk frekar til nærumhverfis. Þetta má hugsanlega rekja til þess að í mikilli óvissu líti fólk til heildarviðmiða (e. global norms) en þegar það telur sig hafa betri skilning á aðstæðum líti það frekar til breytilegra og staðbundinna viðmiða (e. local norms).

## Samspil sérfræðinga og almennings við stjórnarskrárbreytingar

Kári Hólmar Ragnarsson

Lagadeild

Á árunum eftir hrun hafa mismunandi leiðir verið reyndar til þess að gera breytingar á stjórnarskránni. Það ferli sem kennt er við stjórnlagaráð, sem skilaði tillögum sínum árið 2011, hefur fengið mesta umfjöllun og vakið mikla athygli á alþjóðavettvangi, þótt ekki hafi það skilað sér í breytingum eða nýrri stjórnarskrá. Í kjölfarið var skipuð stjórnarskrár-nefnd 2013-2017 sem skipuð var fulltrúum stjórnálaflokka undir formennsku sérfræðings og síðan fór vinna fram á vettvangi formanna stjórnmálaflokkanna 2018-2021, ásamt því að ákveðið almenningssamráð átti sér stað. Með því að nú hefur sérfræðingum verið falið að setja fram, hver í sínu lagi, tillögur að breytingum á stjórnarskrá er því enn reynd ný leið, í þetta sinn án aðkomu almennings eða kjörinna fulltrúa. Í erindinu verður fjallað um þetta samhengi hinna nýju tillagna og sérstaklega hvernig tillögurnar tengjast tillögum stjórnlagaráðs frá árinu 2011 og upplýsingum úr almannasamráði 2019. Í hinum þremur greinargerðum sérfræðingana árið 2023 birtist að nokkru leyti mismunandi sýn á hlutverk sérfræðinga við mótun tillagna og er fyrri tillögum, m.a. tillögum stjórnlagaráðs, ljáð mis-mikið vægi. Verður þessi mismunandi nálgun greind og sett í samhengi við hugmyndir úr samanburðarstjórnskipunarrétti um aðkomu almennings að stjórnarskrárgerð. Þá verður varpað ljósi á nokkrar af mögulegum hindrunum við næstu skref í átt að stjórnarskrárbreyt-ingum.

## Hver er þýðing tillagna um nefndar um breytingar á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar?

Hafsteinn Dan Kristjánsson

Lagadeild

Í erindinu verða tillögur nefndar um breytingu á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar greindar með það fyrir augum í fyrsta lagi að meta hvað felist í þeim og þá hverjar myndu verða afleiðingar þeirra fyrir íslenskan rétt verði þær að lögum. Í öðru lagi að draga fram hvort og þá hvar kunni að vera réttaróvissa fyrir hendi. Í þriðja lagi hvort og þá hvers konar vandkvæði kunna að rísa í framkvæmd við að beita tillögunum. Í fjórða lagi hvort tilefni sé til að gera aðrar breytingar en þær sem eru lagðar til af hálfu nefndarinnar. Samandregið mynda þessi atriði grundvöll fyrir almenna ályktun um þýðingu tillagnanna fyrir íslenskan rétt og íslenskt samfélag verði fallist á þær.

## Stjórnarskrárákvæði og umhverfismál

Aðalheiður Jóhannsdóttir

Lagadeild Háskóla Íslands

Hugmyndir um að rétt sé að stjórnarskrárákvæði fjalli með einhverjum hætti um umhverfismál eru ekki nýjar af nálinni hérlendis. Þótt stuðningur við breytingar í þá átt hafi mælst mikill í skoðanakönnunum hafa engar breytingar verið gerðar. Í ýmsum öðrum ríkjum, svo og á vettvangi þjóðaréttar, hefur hins vegar veruleg þróun orðið í átt til aukinnar verndar umhverfis og auðlinda, m.a. í gegnum réttindaákvæði. Í upphafi árs 2023 fól forsætisráðherra sérfræðingum að fjalla um mögulegar breytingar á mannréttindakafla íslensku stjórnarskrárinnar. Var þeim sérstaklega falið að fjalla um svokölluð „þriðju kynslóðar mannréttindi", en í þann hóp eru oft flokkuð réttindi tengd umhverfinu. Var sérfræðingunum einnig falið að gefa gaum áhrifum loftslagsvandans og örri tækniþróun. Í erindinu verða nýframkomnar tillögur sérfræðinganna teknar skoðunar, einkum hvað varðar umhverfismál í víðum skilningi. Tillögurnar verða settar í samhengi við þróun annars staðar, svo og fyrri hugmyndir hér á landi um stjórnarskrárákvæði af þessum toga. Leitast verður við að leggja mat á hvernig tillögurnar horfa við gagnrýni sem sett hefur verið fram á fyrri tillögur og hvers megi vænta í áframhaldandi þróun þessara tillagna.

## Stjórnarskrárbreytingar, auðlindir

Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir

Lagadeild

Stjórnarskrárbreytingar hafa í gegnum tíðina einkum varðað þingkosningar og kosningarétt auk mannréttindaákvæði stjórnarskrár. Í upphafi árs 2023 fól forsætisráðherra sérfræðingum að fjalla um mögulegar breytingar á kaflanum um Alþingi og mannréttindakafla íslensku stjórnarskrár. Meðal atriðia sem forsætisráðherra óskaði að yrðu reifuð eru þriðju kynslóðar mannréttindi og hvers konar sess eigi að tryggja þeim í stjórnarskránni. Einnig að gerðar yrðu frumtillögur að breytingum á stjórnarskránni eftir því sem sérfræðingarnir teldu tilefni til. Fjallað verður um nýframkomnar tillögur sérfræðinganna um endurskoðun á ákvæðum stjórnarskrár einkum greinargerð um hvort sé þörf á breytingum á mannréttindakafla stjórnarskrár. Að því er varðar mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar, fór fram heildarendurskoðun á þeim kafla stjórnarskrárinnar árið 1995. Ári áður, árið 1994 hafði Mannréttindasáttmáli Evrópu verið lögleiddur hér á landi líkt og gert var á hinum Norðurlöndunum á 10. áratugnum. Þær tillögur um breytingar á mannréttindakafla stjórnarskrárinnar sem sérfræðingarnir setja hér fram verða skoðaðar og sérstaklega horft til þróunar þriðju kynslóðar réttinda og sjónum beint að tillögu að ákvæði um náttúruauðlindir.

## Ástarkraftur og arðrán hans: Kenning Önnu Guðrúnar Jónasdóttur og aðdragandi hennar

**Berglind Rós Magnúsdóttir**

Háskóli Íslands / Menntavísindasvið; Formaður Hins íslenzka ástarrannsóknafélags

Fyrir rúmum 30 árum setti Anna Guðrún Jónasdóttir fram kenningu sína um ástarkraftinn og þróaði vettvang rannsókna sem kallast ástarrannsóknir (e. love studies) en kenningar hennar hafa verið nýttar víða innan ólíkra rannsóknarhefða og fræðigreina. Markmið greinarinnar er að varpa ljósi á kenninguna sjálfa um ástarkraftinn og hennar akademíska feril, þ.e. innsýn í mótun þeirra kenninga og hugmynda sem birtust í heild sinni í doktorsritgerð hennar árið 1991. Hver er þessi kona, hverju hefur hún áorkað í fræðunum og hvernig fór hún að því? Gögnin sem nýtt eru í greininni eru byggð á viðtölum við hana á vormánuðum 2022 sem og hennar eigin skrifum (ræðum, greinum og bókum). Hennar þekkingarfræðilega nálgun í doktorsritgerðinni byggir á gagnrýnni raunhyggju, sögulegri efnishyggju og sögulegri stofnanahyggju (e. historical institutionalism). Hún hefur gagnrýnt ríkjandi áherslur innan femínískra fræða sem byggja á póststrúktúralisma og hversu illa hann nýtist til að svara spurningum um kerfislægt kynjamisrétti. Hún telur að ekki sé hægt að skýra tilvist feðraveldisins eingöngu með kynskiptum vinnumarkaði, misnotkun karla á vinnukrafti kvenna, gamaldags hugmyndum um eðli kvenna, eða með ofbeldi karla gegn konum, en hugtak hennar ástarkraftur þarf að hennar mati að bætast við þessa upptalningu til að skilja betur yfirráð karla yfir konum í norrænum samfélögum sem byggja þó kerfi sín á kynjajafnrétti.

# Rómantísk ástarsambönd og konur í stjórnendastöðum: Tvíhöfða þurs?

Ólöf Júlíusdóttir[1], Guðbjörg Linda Rafnsdóttir[2]

[1] Háskóli Íslands, félagsvísindastofnun
[2] Háskóli Íslands, félagsfræði, mannfræði- og þjóðfræðideild

Um heim allan eru karlar í meirihluta þegar kemur að áhrifastöðum á vinnumarkaði og það sama gildir um Ísland. Þrátt fyrir að mörg mikilvæg skref hafi verið tekin í átt að auknu jafnrétti kynjanna í íslensku samfélagi þá má að hluta skýra valdamuninn á vinnumarkaði með hugmyndafræðilegri vísan í rómantísk ástarsambönd sem á sér rótgrónar rætur í valdatengslum ástarinnar. Í þessu erindi er ástarkrafturinn notaður sem ein skýring á ójöfnuði karla og kvenna í stjórnendastöðum. Greiningin byggir á 61 viðtali, tekin á árunum 2009 – 2016. Niðurstöðurnar gefa til kynna að ástarkrafturinn eigi þátt í að fleyta körlum áfram í atvinnulífinu og geti frelsað þá frá fjölskylduábyrgð á meðan sá sami kraftur festi konur í ástar- og umönnunarfjötrum. Fyrirtækjamenning gerir oft ráð fyrir löngum vinnudegi sem karlar eiga frekar færi á að sinna vegna virðisaukans sem ástin færir þeim. Karlar í framkvæmdarstjórnarstöðum eiga að meðaltali fleiri börn en konur í sömu stöðu, en þó verja þeir mun minni tíma í að sinna fjölskyldu og húsverkum en kvenkyns stjórnendur. Þar sem náin sambönd kynjanna hafa í för með sér að karlar í áhrifastöðum fá meiri stuðning til að sinna sjálfum sér og starfsframanum en gildir um konur í sömu stöðu, þá hefur sú ályktun verið dregin að ástin valdefli þá umfram það sem gerist meðal kvenna.

## Orðræðan um fjölástir

**Jón Ingvar Kjaran**

Menntavísindasvið, HÍ

Í erindinu verður fjallað fræðilega um fjölástir og fjölástasambönd. Gerð verður grein fyrir rannsóknum sem fjallað hafa um efnið síðastliðin ár. Markmið erindis er því að gefa fræðilegt yfirlit yfir það sem rannsakað hefur verð um fjölástir og fjölástarsambönd, einkum þá erlendis. Ekki verður því byggt á neinum eiginlegum rannsóknargögnum heldur kynnt til sögunnar helstu nálganir þegar kemur að rannsóknum á fjölástum/fjölástarsamböndum og hvernig hin fræðilega orðræða um þetta efni hefur þróast undanfarin ár. Einhver dæmi verða þó tekin úr fjölmiðlaumræðunni á Íslandi og kynnt til sögunnar fyrirhuguð rannsókn um efnið þar sem leitast verður eftir að safna frásögnum einstaklinga um fjölástir/fjölástasambönd og þá hvernig þeir upplifa þau. Að lokum verður rætt hvernig þess háttar sambandsform gefur okkur færi á að hugsa út fyrir hinn gagnkynhneigða/normatífa ramma og koma með nýjar og ögrandi lausnir á ríkjandi viðmiði þegar kemur að nánum samböndum og tilhugalífi fólks. Leitast verður að svara fjórum spurningum. Í fyrsta lagi hvað er fjölást / fjölástarsambönd? Til að svara þeirri spurningu þá þarf að skoða fræðin og þau hugtökin sem fræðimenn sem skrifað hafa um efnið hafa þróað og notað. Í öðru lagi hvers konar sambandsform eru fjölástarsambönd? Í þriðja lagi hvaða breytingar hafa orðið á samfélaginu í dag sem ýtt hafa undir umræðuna um fjölástir og ólík sambandsform? Og í fjórða lagi hvernig ögrar fjölkær ást ríkjandi sambandsviðmiðunum? Erindið mun byggja eins og áður segir á fræðilegum skrifum og frumgreiningu á orðræðu í fjölmiðlum um fjölástir og fjölástarsambönd.

## Siðferðilegar hugmyndir ungs fólks um ást í kjölfar Metoo

**Katrín Pálmad. Þorgerðardóttir**

heimspekideild

Markmið rannsóknarinnar, sem er hluti af stærra verkefni um siðfræði og #Metoo, er að kanna viðhorf ungs fólks á Íslandi til ástar, nándar og sambanda í kjölfar mikillar umræðu um kynferðisofbeldi síðustu ár. Hreyfingar á borð við #Metoo hafa haft gríðarleg áhrif hér á landi og m.a. krafið samfélagið til að taka skýra afstöðu þegar kemur að kynferðisofbeldi á margvíslegan hátt. Haustið 2022 vöktu framhaldsskólanemar athygli með mótmælum vegna aðgerðaleysis í kynferðisbrotamálum sem upp komu innan skólanna og augljóst er að forvarnir og fræðsla hafa skilað einhverju þegar kemur að jafnréttismálum. Hugtök á borð við samþykki og mörk birtast ítrekað í fræðsluefni fyrir ungmenni en merking slíkra hugtaka er margslungin og flókin, ekki síst ef reynsluna skortir. Ætlunin er að kanna hvort tveggja; jákvæðar væntingar og siðferðilegar hugmyndir sem ungt fólk hefur í huga þegar það stígur sín fyrstu skref í ástarmálum. Í rannsókninni mun ég beita aðferðum úr fyrirbærafræði og kenningum úr siðfræði og þekkingarfræði til að skoða þessi hugtök og fleiri, og setja í samhengi við skilning íslenskra ungmenna á þeim.

## Tilhugalíf og ástarsambönd ungmenna: Kynjaður samningur um ástfrelsi?

Unnur Edda Garðarsdóttir, Berglind Rós Magnúsdóttir

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Losnað hefur um hefðir og viðmið tilhugalífs og rómantískra ástartengsla og ungum konum, körlum og kvárum er almennt frjálst að njóta nándar og kynlífs á ástarvettvangi og safna sér fjölbreyttri reynslu án væntinga um tilfinningatengsl eða skuldbindingu til lengri tíma. Erindið gefur innsýn í doktorsrannsókn höfundar um míkró-pólitísk valdatengsl í gagnkynhneigðu tilhugalífi kynjanna og markmið erindisins er að kanna hvernig tiltekin sannleiksveldi móta val og gerendamátt kynjanna þegar kemur að iðkun og samningum á ástarvettvangi. Gögnin er m.a. greind með hliðsjón af kenningum Önnu Guðrúnar Jónasdóttur þar sem ástin; sú styrkjandi og endurnærandi orka sem gefin er og þegin í einkarýminu, mótar almennan gerendamátt einstaklinga og því hefur misskipting hennar víðtæk áhrif og afleiðingar langt út fyrir upprunalegt samhengi. Greiningin byggir á 14 hálf-stöðluðum viðtölum við ungt fólk sem allt hefur reynslu af gagnkynhneigðri iðkun. Frumgreining bendir til að ungar konur mæti frekar mótsagnakenndum væntingum um að vera ástarveitur í skuldbundnu ástarsambandi á sama tíma og þeim er gert að neyta og njóta á ástarmarkaði án væntinga um tengsl eða gagnkvæmni. Hrif-bundnar orðræður kvennanna einkennast þannig af mótsögnum og sífelldu rási frá einni sjálfsverustöðu til annarrar. Flestar þeirra hafa upplifað meðvitað og ómeðvitað einhvers konar arðrán á ástarkrafti og leita ýmissa leiða til þess að vernda sig frá því. Ungir karlar upplifa frekar að stækka og styrkjast sem sjálfsvera í gegnum samskipti sín við margar konur. Þannig fellur sjálfsverustaða þeirra betur að viðmiðum nýfrjálshyggjunnar sem gengur út frá sífelldri betrun sjálfsins í gegnum frjálsa neyslu á ástarmarkaði.

## Þjónustuhlutverk leikskóla. Gömul umræða og ný

Anna Elísa Hreiðarsdóttir

Háskólinn á Akureyri

Sagan sýnir að allt frá því fyrstu hugmyndir um leikskóla koma fram opinberlega var honum ætlað margvíslegt hlutverk sem hefur kannski ekki breyst svo mjög ef vel er að gáð. Hlutverkin hafa meðal annars snúist um að hann sé öruggur og heilsusamlegur staður fyrir börn, hann sé tæki til jöfnuðar og jafnréttis og hann hafi umönnunar-, uppeldis- og menntahlutverk. Menntahlutverk leikskóla var síðan lögfest árið 1994. Í erindinu verður litið yfir lykiltímabil í sögu leikskóla út frá hugtökunum menntun og þjónusta og sagan notuð til að varpa ljósi á stöðuna í samtímanum, hvað hefur breyst og hvað ekki. Aðferðafræði rannsóknar er orðræðugreining á umræða í fréttamiðlum í kjölfar ákvarðana um leikskólamál. Umræða á milli kennarasambandsins og starfsfólk leikskóla annars vegar en hins vegar sveitarfélaganna, samtaka atvinnulífsins og foreldra. Gögnin voru þemagreind og dregin fram þrástefin í umræðunni. Niðurstöður sýna að í gegnum leikskólasöguna alla má finna dæmi um að samfélagið ætlar leikskólanum bæði mennta - og þjónustuhlutverk og jafnvel þó að leikskólinn sé fyrsta skólastigið þá virðist ganga brösulega að leggja þjónustuhlutverkið til hvíldar. Þær ályktanir eru dregnar að það virðist vera tilhneiging til að horfa fram hjá menntahlutverki leikskóla þegar á reynir, starfinu í leikskólunum er ekki alltaf sýnd nægileg virðing og fólk utan skólanna hefur á stundum lítinn skilning á starfinu sem þar fer fram.

## Hröð uppbygging leikskóla. Áhrif á gæði menntunar.

**Jórunn Elídóttir**

Háskólinn á Akureyri

Leikskólinn er fyrsta skólastigið (Lögin um leikskólana, 1. gr. nr. 90/2008) en þrátt fyrir það er oft talað um þjónustuhlutverk leikskóla gagnvart foreldrum og atvinnulífi en ekki mennta- og umönnunarhlutverk skólans eins og það er samkvæmt lögum og námskrá. Það er margt sem gerir leikskólastarfið krefjandi í dag, en leikskólar á Norðurlöndum eiga undir högg að sækja sem m.a. tengist skorti á fagmenntuðu starfsfólki, barnahóparnir fara stækkandi, mikið álag er í skólunum og oft skortir fjármagn fyrir starfið.Erindið byggir á fræðilegri samantekt. Upplýsinga var aflað úr nýlegum rannsóknum í viðurkenndum gagnagrunnum og úr opinberum gögnum. Litið er á stöðu leikskólans í ljósi hraðrar uppbyggingar hans hér á landi, sem er oft án ígrundunar um inntak og faglega starfshætti. Markmiðið er að draga fram mikilvægi þess að huga betur að yngstu börnunum. Rýnt verður rannsóknir er snúa að ungum börnunum og dregin upp mynd af því sem þarf að vera til staðar í lífi barna til að efla og styðja við þroska þeirra og getur virkað sem fyrirbyggjandi áherslur til að stuðla að farsæld barnanna.Niðurstöður rannsókna gefa vísbendingar um að huga þurfi betur að líðan ungra barna hér á landi og að ýmsar þær áskoranir sem leikskólinn tekst á við í dag geta stuðlað að því að skólarnir megna ekki alltaf að uppfyllt skyldur sína er snýr að þörfum barnanna. Sérstaklega er hér horft til yngstu barnanna og þeirra sem eru í viðkvæmri stöðu og standa enn þá frekar höllum fæti er snýr að námi og þjálfun innan skólanna.

## Samfélagslegt hlutverk leikskóla: Skiptir máli hvort leikskólinn sé fyrsta skólastigið?

Svava Björg Mörk[1], Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir[2]

[1] Háskólinn á Akureyri
[2] Háskóli Íslands

Leikskólar eru samfélagslega mikilvægir, bæði fyrir börn og foreldra. Hlutverk þeirra er margslungið og tekur það breytingum eftir samfélagslegri þörf hverju sinni. Það má sannarlega segja að í heimsfaraldrinum fann íslenskt samfélag hversu mikilvægir leikskólarnir eru fyrir ýmsa anga þess. Á einni nóttu varð leikskólastarfsfólk í framvarðasveit í samfélaginu og það reyndi á hæfni og kunnáttu leikskólakennara og stjórnenda til að geta sett starfið sitt í samfélagslegt samhengi. Tekin voru eigindleg einstaklingsviðtöl við 11 leikskólastjórnendur. Í niðurstöðum rannsóknarinnar mátti greina að sumum fannst hlutverk leikskólans sem fyrsta skólastigið víkja en allir viðmælendur voru sammála um mikilvægi hans í samfélaginu. Fagmenntun leikskólakennara kom berlega í ljós þegar samfélagslegt hlutverk leikskólans og viðhorf annarra til hans voru rædd. Niðurstöður okkar gefa vísbendingar um togstreitu hjá leikskólakennurum varðandi menntunar og þjónustu hlutverk leikskólans. Niðurstöðurnar draga fram mikilvægi þess að fá viðurkenningu á sérfræðiþekkingu sinni fyrir leikskólakennara. Þeim finnst mikilvægt og kominn tími til að samfélagið líti á þeirra fagmennsku sem mikilvæga fyrir menntun ungra barna ekki bara sem gæsluúrræði. Upplifun viðmælenda var að á tímum Covid hafi samfélagslegt hlutverk leikskólans eingöngu snúið að þjónustu við atvinnulífið og foreldra en ekki menntun barna. Margir fundu því fyrir vonbrigðum og fannst eins og farið væri aftur í tímann og þróun síðustu áratuga hafa gufað upp. Þó er vert að taka fram að stjórnendur í þessari rannsókn nýttu sér fagmennskuna til að takast á við nýjar fordæmalausar aðstæður með þarfir barna að leiðarljósi.

# Átök um fagmennsku leikskólastjóra

Kristín Dýrfjörð[1], Berglind Rós Magnúsdóttir[2], Valgerður S. Bjarnadóttir[3]

[1] Háskólinn á Akureyri, Hug- og félagsvísindasvið, kennaradeild.
[2] HÍ, Menntavísindasvið,
[3] HÍ, Menntvísindasvið

Samkvæmt kenningum Evetts um fagmennsku er hægt að skipta henni í stórum dráttum í fagtengda og stofnanatengda fagmennsku. Þar sem hin fagtengda er í fyrirrúmi er áhersla meðal annars á skuldbindingu við starf, faglegt samstarf og siðareglur. Stofnanatengd fagmennska er hins vegar lituð af tryggð við stofnunina sem skipulagsheild, staðlað verklag, ytri reglusetningar og ábyrgðarskyldu. Markmið rannsóknarinnar var að skoða þá togstreitu sem leikskólastjórar standa frammi fyrir í starfi tengdu annars vegar að verja starfsemina og stuðla að fagmennsku þeirra sem þar starfa með velferð barna að leiðarljósi og hins vegar þess að vera aðalfulltrúi rekstraraðila innan stofnunar og standa vörð um hagsmuni þeirra. Þetta eru hlutverk sem geta skapað togstreitu hjá leikskólastjórum og haft mótandi áhrif á starfsímynd þeirra. Hugmyndir Evetts voru nýttar til að móta spurningalista sem sendur var til allra leikskólastjóra á Íslandi og var svarhlutfallið 59%.Helstu niðurstöður sýna að leikskólastjórar standa frammi fyrir fjölþættum verkefnum sem reyna mismikið á báðar hliðar fagmennskunnar. Sem dæmi er vinnutímastytting starfsfólks flókið viðfangsefni sem krefst fagmennsku, annað dæmi eru erfiðleikar við að fá til starfa fólk sem hefur lágmarksfærni í íslensku. Sem getur leitt til þess að leikskólastjórar standa frammi fyrir því að velja á milli þess að halda leikskólum opnum til að tryggja börnum og foreldrum lágmarks þjónustu og þess að fórna eigin hugmyndum um hvað sé gott og öflugt leikskólastarf.

## Þjónustugæði og Orðspor

Magnús Haukur Ásgeirsson

Viðskiptafræði

Þjónustugæði og orðspor hafa hvor í sínu lagi verið taldir þeir þættir sem stjórnendur í ferðaþjónustufyrirtækjum ættu að leggja áherslu á til að bæta árangur í formi ánægju og tryggðar viðskiptavina. Þegar árangur skipulagsheilda er skilgreindur með þessum hætti er gjarnan horft til þess að leggja mat á frammistöðu í öðrum þessara þátta, þ.e.a.s. annað hvort þjónustugæða eða orðspors. Mat á frammistöðu í þjónustugæðum er gjarnan mælt með upplifun gesta og tengslum ákveðinna frammistöðuþátta við heildaránægju og/eða tryggð viðskiptavina. Þegar orðspor er metið fer allajafna fram orðræðugreining og/eða litið til stjörnugjafar á þar tilgerðum vefsíðum eða smáforritum sem eru sjaldnast í tengslum við árangursvísa sem snúa að heildaránægju og/eða tryggð viðskiptavina. Þetta hefur það í för með sér að þrátt fyrir að sýnt hafi verið fram á tengsl þjónustugæða og orðspors, þ.e. jákvætt orðspor hefur áhrif á vænt þjónustugæði og aukin þjónustugæði hafa áhrif á jákvætt orðspor, þá hefur ekki verið sýnt fram á tengsl orðspors við árangur, eða samverkandi tengsl orðspors og þjónustugæða við árangur.Að því sögðu verður kynnt til leiks nýtt mælitæki QuReP sem leggur upp með að sameina mælingar á þjónustugæðum, orðspori og árangri til þess að kanna tengsl á milli þessara þátta og áhrifa þeirra fyrrnefndu á breytileika árangurs. Þá verður farið yfir frumniðurstöður úr prófunum á líkaninu, en þær benda til þess að orðspor vegi þyngra en þjónustugæði í að útskýra breytileika í árangri og að sterk innbyrðis tengsl séu á milli orðspors og þjónustugæða.

## Exploring the Impact of Gender Discrimination on Job Applicant Advantages in Nordic Bank Recruitment Processes

Unnar Freyr Theodorsson

University of Iceland, Department of Business Administation

This study aims to investigate whether gender discrimination can serve as an advantage for job applicants during the recruitment processes within Nordic banks. As the global financial sector experiences ongoing expansion and the complexity of financial products and services increases, banks face substantial challenges in attracting and retaining qualified personnel. Historically, the banking industry has faced criticism for its male-dominated composition, a situation that has persisted since its inception. The absence of sustained efforts in gender-equality recruitment strategies has contributed to a gender imbalance in staffing. Notably, the Nordic countries have garnered recognition as trailblazers and staunch proponents of gender equality and women's rights in society. Therefore, a study of Nordic banks offers a strategic vantage point for informing global advancements in this critical area. The cases chosen for the research are large commercial banks in Iceland and Denmark. A qualitative study consisting of 4 pilot interviews and 32 semi-structured interviews is the data foundation. Examining whether gender discrimination can be used as an advantage for job applicants in recruitment processes in Nordic banks is virtually non-existent. The research gives more certitude in evaluating if there are extended opportunities that women could utilize in the cultural climate of the banking industry, as there is a lack of women represented in the industry. The study discerned conspicuous prospects for women to capitalize on prevailing gender-related biases within the occupational distribution. These opportunities are particularly salient for women occupying specialized roles and ascending into middle and upper managerial positions.

## Samræmd ásýnd borga og bæja í sátt við nærumhverfið

Brynjar Þór Þorsteinsson, Haraldur Daði Ragnarsson

Háskólinn á Bifröst

Mörkun landa, borga, bæjar- og sveitarfélaga (place branding) um allan heim er algengt verkefni þar sem helsta ástæðan er að laða til sín fleiri íbúa, fyrirtæki, fjármagn og ferðamenn. Samræmd ásýnd er talin vera mikilvæg til að varpa fram viðeigandi ímynd sem er mikilvægur þáttur í mörkun og staðfærslu. Rannsóknir benda á að slík mörkun þarfnist heildrænnar nálgunar þar sem ferlið snýst um að skapa og varpa fram ímynd sem er nátengd trúverðugum, huglægum og tilfinningalegum þáttum staðarins. Áskorunin er því að koma auga á viðeigandi ímynd til að varpa fram og yrði samþykkt af ólíkum hópi hagaðila þeirra. Reykjavíkurborg stóð frammi fyrir því að samræma ásýnd og birtingamynd gagnvart ólíkum hagaðilum sínum. Reykjavíkurborg samanstendur af margþættri stjórnsýslu og fjölbreyttum stofnunum sem veitir íbúum, fyrirtækjum, starfsfólki, ferðamönnum o.fl. fjölþætta þjónustu. Markmiðið var því að finna og koma auga á viðeigandi birtingamynd samþykkta af innri hagaðilum til að skapa samræmda ásýnd í markaðssamskiptum. Tilgangur erindisins er að kynna niðurstöður hagnýtrar rannsóknar sem snerust um að greina gögn frá viðtölum (N=42), fimm rýnihópum og viðhorfskönnun (N=606) og koma auga á og draga fram ákjósanlega birtingamynd fyrir Reykjavíkurborg sem væri gerð í sem mestri sátt við ólíka hagaðila. Niðurstöður leiddu í ljós á að þátttakendur skynjuðu sterka ímynd af Reykjavíkurborg sem var annars vegar neikvæð og hins vegar jákvæð. Hin jákvæða ímynd leiddi til þess að hægt var að koma auga á þætti sem hægt var að nýta til að birta samræmda ásýnd sem samþykkt var af ólíkum hópum hagaðila.

## Gæði, orðspor, ímynd og frammistaða

**Þórhallur Örn Guðlaugsson**

Viðskiptafræðideild Háskóli Íslands

Markmið rannsóknarinnar er að meta að hve miklu leyti hægt er að útskýra breytileika í frammistöðu út frá þjónustugæðum, orðspori og ímynd og hvort einn af þessum þáttum sé mikilvægari en aðrir. Rannsóknin byggir á viðhorfskönnunum meðal viðskiptavina banka á Íslandi vorin 2021 (n = 480) og 2023 (n = 640) en alls fengust 1.120 gild svör (vigtuð út frá aldri og kyni). Spurningalistinn leggur mat á gæði, orðspor, ímynd og frammistöðu. Niðurstöður sýna að líkanið útskýrir 65% af breytileikanum í árangri (r2 = 0,65) og að þátturinn þjónustugæði 1 hefði mest vægi ($\beta$ = 0,36) en sá þáttur ein og sér útskýrir 6,4% af breytileikanum í árangri (P2 = 0,064). Þar á eftir kemur orðspor ($\beta$ = 0,31; P2 = 0,047), þá ímynd ($\beta$ = 0,23; P2 = 0,032) og loks þjónustugæði 2 ($\beta$ = 0,05; P2 = 0,002). Niðurstöður sýndu að ásættanleg tengsl voru á milli óháðu breytanna (> 0,3) og í öllum tilvikum voru efri mörkin ásættanleg (< 0,7). Ef horft er til hlutfallslegs mikilvægis óháðu breytanna þá má sjá að gæði 1 og orðspor hefur 71% útskýringarvægi á meðan að gæði 2 hefur aðeins 5% vægi. Niðurstöður eru í samræmi við eldri sambærilegar rannsóknir þar sem þjónustugæði hefur meira vægi en orðspor og ímynd en mikilvægt er að þróa aðferðina frekar og leggja fyrir í fleiri geirum atvinnulífsins.

## Frá Hofsósi til handanheima. Orðræðan um Bíbí í Berlín

Guðrún Valgerður Stefánsdóttir

Háskóli Íslands, deild menntunar og margbreytileika

Sjálfsævisaga Bíbíar í Berlín (Bjargey Kristjánsdóttir 1927-1999) kom út vorið 2022. Bókin hlaut strax mikla athygli almennings, ekki síst ættingja Bíbíar og samtímafólks á Hofsósi og Blönduósi. Gögnin sem byggt er á í þessu erindi eru þríþætt. Í fyrsta lagi er opinber orðræða um sjálfsævisöguna greind. Í öðru lagi voru tekin viðtöl við ættingja og samtímafólk Bíbíar og í þriðja lagi höfðu nokkrir aðilar sem þekktu Bíbí samband við mig eftir að sjálfsævisagan kom út, bæði í gegnum tölvupóst, síma og bréfaskrif. Í erindinu er leitast við að rýna í eðli þeirrar orðræðu sem fram fór og til þess nýttar aðferðir sögulegrar orðræðugreiningar. Reynt er að svara eftirfarandi spurningum: Hver voru helstu einkenni orðræðunnar um Bíbí? Hvaða sameiginlegu þræði mátti greina í orðræðunni og hvaða mótsagnir? Þá verður einnig skoðað hvort og þá með hvaða hætti greina má albleisma og öráreitni í orðræðunni. Öráreitni (microagression) er ein birtingarmynd ableisma og er hugtakið notað yfir áreitni eins og endurtekna neikvæða framkomu og skilaboð sem fatlað fólk upplifir í sínu daglega lífi. Orðræðan um Bíbí var margþætt og í henni endurspegluðust töluverðar mótsagnir. Sem dæmi má nefna að á meðan margir töldu að sjálfsævisaga Bíbíar væri mikilvægt innlegg í umræðu um sögu fatlaðs fólks og stöðu þess í dag sökuðu aðrir Bíbi um að segja ekki satt og rétt frá ýmsum atburðum og fólki sem hún lýsir. Þá bar orðræðan annars vegar merki um samkennd með Bíbí en í mótsögn mátti greina ableisk viðhorf og öráreitni í hennar garð.

## Bíbí var „í skapi örgu. Tilfinningasamfélög utan og innan stofnunar.

Sólveig Ólafsdóttir

Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands. Rannsóknarverkefnið Bíbí í Berlín; Miðstöð einsögurannsókna hjá Háskóla Íslands

Rituð sjálfstjáning Bjargeyjar Kristjánsdóttur (Bíbí í Berlín) í bundnu og óbundnu máli liggur til grundvallar fræðilegrar ævisögu hennar sem gefin verður út hjá bókaforlaginu Routhledge inn næstu tveggja ára. Í erindi mínu verður einblínt á umskiptin þegar Bíbí, sem var skilgreind sem fáviti af samtíma sínum, flutti af æskuheimili sínu á algerlega nýjan stað þar sem hún hafði engin tilfinningatengsl. Í stuttu máli, missti hún öll sín tilfinningasamfélög og var skilin eftir ein á elliheimili, fjarri öllum sem hún þekkti í lífi sínu. Þar upplifði hún skelfilega einangrun, einsemd og leiðindi sem skilgreina má sem hægfara ofbeldi.Greiningarhugtökin tilfinningar, tilfinningaorð og tilfinningasamfélög koma úr smiðju bandaríska sagnfræðingsins dr. Barböru Rosenwein og hvetja til nýrrar nálgunar á tilfinningalíf fatlaðra einstaklinga í fortíðinni. Hugtakið hægfara ofbeldi er skilgreint sem er langvarandi streituástand sem liggur undir yfirborðinu.Spurningin er: Hvernig og með hverjum tókst Bíbí að byggja upp ný tilfinningasamfélög innan og utan þeirrar stofnunar sem hún var hýst á frá aldrinum 30 ára til 46 ára? Bíbí lýsir íbúum og öðrum, ásamt starfsfólki hjúkrunarheimilanna, í miklum smáatriðum. Hún skrifar einnig mjög tilfinningaþrungið um innra líf sitt á elliheimilinu en hún flutti þangað 30 ára gömul. Umskiptin frá heimili foreldra hennar yfir á elliheimilið voru stærsta breytingin í lífi hennar; grundvallarröskun á daglegu lífi hennar sem setti mark sitt á þau tilfinningasamfélög sem hún var hluti af upp frá því.

# „Viðhorfin voru það sem leiddi til útilokunar“

**Helena Gunnarsdóttir**

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Í erindinu verður sjónum beint að samvinnurannsókn sem unnin var um Bíbí í Berlín og þeim viðhorfum og fordómum sem leiddu til útilokunar Bíbíar frá samfélaginu og eiga sér enn stað í nútímanum. Það sem einkennir samvinnurannsóknir er aukið sjálfstæði fólks með þroskahömlun í rannsóknum og þátttaka í öllu rannsóknarferlinu. Rannsóknin var unnin í samvinnu við fjórar konur með þroskahömlun. Tilgangurinn er að skapa dýpri þekkingu og skilning á lífi Bíbíar og aðstæðum, draga fram lærdóma af sögunni og yfirfæra á stöðu kvenna með þroskahömlun í nútímanum. Helstu niðurstöður benda til þess að konurnar í rannsóknarhópnum spegli sig að sumu leyti í sögu Bíbíar. Sameiginlegir þættir í lífi Bíbíar og kvennanna í rannsókninni endurspegluðust gjarnan afableískum viðhorfum, öráreitni og mismunun sem lýsti sér með fjölbreyttum hætti í lífikvennanna allra og hafa leitt til útilokunar. Þá tengdukonurnar við sögu Bíbíar er varðar þörfina fyrir að segja sögu sína, mannréttindabaráttu, mikilvægi stuðnings, frelsið og nauðsyn þess að fá að vera maður sjálfur. Þessi hugtök og hugsun komsterkt fram í öllu sem hópurinn komst að og vildi koma á framfæri. Konurnar í rannsóknarhópnum bentu á þá margþættu mismunun, ofbeldi og útskúfun sem Bíbí varð fyrir, þannig túlkuðu þær sögu hennar ásamt því að læra af henni. Þeim finnst einnig mikilvægt að samfélagið læri af sögu Bíbíar og að raddir fatlaðs fólks fái að heyrast. Þannig megi hafa áhrif á ráðandi samfélagsleg viðhorf sem hafa í gegnum tíðina skert lífsgæði fatlaðs fólks.

## Á samfélagsmiðlum er bilið brúað. Netvinátta unglinga í félagslega viðkvæmri stöðu

**Eyrún María Rúnarsdóttir**

Háskóli Íslands, menntavísindasvið

Tengsl finnast á milli mikillar skjá- og samfélagsmiðlanotkunar unglinga og aukinna kvíða- og þunglyndiseinkenna. Jafnframt sýna rannsóknir að samfélagsmiðlar skapa unglingum tækifæri til að stofna til samskipta, til sjálfsmyndarþróunar og auka tilfinningu þeirra fyrir að tilheyra. Tekist er á um orsök og afleiðingu í þessu efni og er kallað eftir rannsóknum þar sem samfélagsmiðlanotkun unglinga er greind eftir tilgangi og eðli hennar. Markmið rannsóknarinnar er að kanna líðan unglinga eftir fjölda vina í raunheimi og netheimi. Til rannsóknar eru tengsl vinafjölda unglinga og líðanar eftir því hvort uppruni unglinga er íslenskur eða ekki og eftir félagslegum kvíða þeirra. Gögnum var safnað með spurningalistakönnun sem lagður var fyrir í 8.—10. bekk níu grunnskóla. Alls svöruðu 806 unglingar listanum og var svarhlutfall 82%. Niðurstöður sýna marktæka en veika fylgni vanlíðanar og fjölda vina á netinu. Þetta samband er síður til staðar meðal unglinga sem hafa erlendan uppruna en líðan félagskvíðinna ungmenna er betri eftir því sem vinir í raunheimi eru fleiri. Niðurstöðurnar verða skoðaðar í ljósi tilgáta um félagslega uppbót og ríkur verður ríkari sem báðar fjalla um netsamskipti. Þegar fjallað er um og hlúð að félagslegum tengslum ungmenna er mikilvægt að hafa hugfast að dýrmæt vinatengsl geta skapast jafnt í raunheimi og netheimi.

## Staða og réttindi barna sem eiga foreldra í fangelsi

**Daníel Kári Guðjónsson**

Lund University

Börn fanga hafa verið nefnd hin þögulu eða ósýnilegu fórnarlömb fangelsunar af fræðasamfélaginu, en rannsóknir hafa bent til þess að afleiðingar fangelsunar foreldris geta haft mikil neikvæð áhrif á félagslega og geðræna heilsu barna. Markmið þessarar rannsóknar er því að varpa ljósi á þær aðstæður og þjónustu sem börnum fanga býðst á Íslandi.Verkefnið er unnið af frumkvæði Umboðsmanns Barna sem í samstarfi við fræðimenn í HÍ vildi kanna aðstöðu barna sem eiga foreldra í fangelsi, en fáar rannsóknir voru til á málaflokknum hérlendis. Niðurstöður rannsóknarinnar eru byggðar á spurningalistakönnun, átta hálfstöðluðum viðtölum við fanga sem eiga börn, vettvangsheimsóknum og erlendum rannsóknum. Helstu niðurstöður benda til þess að börn sem eiga foreldra í fangelsi hafa ekki fengið nægilega athygli og aðstoð við að kljást við þessar erfiðu aðstæður. Fangelsaðir foreldrar lýsa skorti á öryggisneti fyrir börn sín, lélegri heimsóknaraðstöðu og óhentugum heimsóknartíma fyrir börn þeirra. Ennfremur gefa niðurstöður til kynna að Ísland stendur höllum fæti í málaflokknum í samanburði við Norðurlöndin

## Orðræðan um kynbundið ofbeldi í íslensku menntakerfi

**Benedikta Sörensen Valtýsdóttir**

Deild menntunar og margbreytileika - Háskóli Íslands

Á undanförnum árum hefur umræða um hlutverk menntakerfisins í forvörnum gegn kynbundnu ofbeldi aukist, einkum í kjölfar í #metoo byltingarinnar. Menntakerfið er í valdastöðu gagnvart nemendum enda má segja að það sé hinn opinberi miðlari hlutlægrar þekkingar. Orðræðan innan þess er því til þess fallin að skapa mynd af því hvað beri að skilja sem kynbundið ofbeldi og hvað ekki. Þá getur einsleit ríkjandi orðræða innan þess orðið til þess að jaðarsetja minnihlutahópa enn frekar. Í þessu erindi er gerð grein fyrir rannsókn sem miðar að því að skoða hvernig skilningur á hugtakinu kynbundið ofbeldi er mótaður gegnum orðræðu í íslensku menntakerfi.Gerð var orðræðugreining á náms- og fræðsluefni um forvarnir gegn kynbundnu ofbeldi fyrir unglingastig grunnskóla og framhaldsskóla, sem og á aðalnámsskrá, þingsályktunum og lögum sem mynda það umhverfi sem námsefnið er samið í. Niðurstöðurnar sýna að sú mynd sem dregin er upp af kynbundnu ofbeldi snýr fyrst og fremst að hvítu, ófötluðu millistéttarfólki í einhverskonar parasamböndum, eins og í ríkjandi orðræðu í samfélaginu. Orðræðan er einstaklingsmiðuð þar sem gerandi er settur fram sem valdamikill og ábyrgur.Í námsefninu fer lítið fyrir umfjöllun um kynbundið ofbeldi gagnvart til að mynda fötluðu fólki eða fólki með dökkan húðlit. Umfjöllun um áhrif menningar sem lituð er af kynjatvíhyggju, kynþáttafordómum og fötlunarfordómum á birtingarmyndir fellur í skugga einstaklingsmiðaðrar orðræðu. Birtist þar ákveðin þversögn við ríkjandi viðhorf innan inngildandi feminisma þess efnis að ofbeldið sé kerfisbundið samfélagsmein og að þau sem tilheyra minnihlutahópum séu útsettari gagnvart kynbundnu ofbeldi en aðrir.

## Strákar á samfélagsmiðlum: Kynjuð uppvaxtarár í netheimum.

Þórður Kristinsson

Menntavísindastofnun, deild menntunar og margbreytileika.

Í þessu erindi er litið til þess hvernig íslenskir unglingsstrákar á grunnskólaaldri túlka og taka þátt í að móta viðmið og væntingar varðandi kynbundnar birtingarmyndir á samfélagsmiðlum. Kenningarrammi Judith Butler um kyngervi sem gjörning og hrif kenningar líkt og Sara Ahmed og Kalle Berggren hafa nálgast þær eru grunnurinn að greiningu á kynjuðum og heterónormatívum birtingarmyndum karlmennskuhugmynda sem drengirnir eru að kljást við í tengslum við samfélagsmiðla. Gögnin sem þessi rannsókn byggir á voru fengin með vinahópaviðtölum, sögulokaaðferð (e. story-completion method) og netnógrafíu. Niðurstöðurnar gefa til kynna að hegðun drengjanna á samfélagsmiðlum stýrast að miklu leiti af hefðbundnum hugmyndum um karlmennsku. Enn fremur kemur í ljós að strákar á netinu eru útsettir fyrir skaðlegum hugmyndum um karlmennsku og samþykki þeirra eða höfnun á þessum hugmyndum fer að miklu leiti eftir samskiptum þeirra við jafningja í kjötheimum. Samfélagsmiðlarnir bjóða þó einnig upp á jákvæðar birtingarmyndir karlmennsku og tækifæri fyrir drengina til þess að sýna sig sjálfa í jákvæðu ljósi. Með því að kanna samspil samfélagsmiðla, og karlmennskuhugmynda varpar þessi rannsókn ljósi á mikilvægi þess að skilja hvernig drengir fóta sig í flóknu landslagi samfélagsmiðla. Þessi rannsókn er hluti af stærra rannsóknarverkefni sem snýr að börnum á tímum kynlífsvæðingar og stafrænni tækni. Rannsóknin er hluti af doktorsverkefni Þórðar.

## Endar dýraverndin í fjöruborðinu? Um dýraverndarstefnu á Íslandi í tilviki sjávarspendýra.

**Unnur Birna Karlsdóttir**

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Austurlandi

Í erindinu sem er á sviði umhverfissagnfræði (Environmental History) er fjallað um meginatriði í hugmyndafræði og löggjöf um dýravernd á Íslandi almennt og sértækt eins og efnið gefur tilefni til. Litið verður til upphafs og þróunar dýraverndarhugmynda hér á landi á frá því um eða fyrir 1900 og fram til þessa og hvort og hvernig þær hafa skilað sér í löggjöf um veiðar og friðun. Áherslan mun liggja á að rekja tiltekna þræði í þessari sögu með fókus á viðhorf Íslendinga til sjávarspendýra, einkum hvala en einnig sela, í ljósi umræðu um þessar tegundir og stefnu varðandi veiðar eða friðun á þeim á síðustu árum og áratugum. Rannsóknarspurningar eru þessar: Hvaða viðhorf hafa verið ríkjandi á hverjum tíma fyrir sig? Hvað hefur breyst í aðalatriðum og hvernig endurspeglast tiltekin sýn á sambúð manns og náttúru hér á landi í afstöðunni til veiða eða friðunar hvala og sela? Fjallað er um hvernig þróun í vestrænni dýraverndarstefnu um og eftir 1970 og til þessa dags setur svip á breytt viðhorf til sambúðar manna og villtra dýra hér á landi, nánar tiltekið breytingin frá áherslunni á dýravelferð (animal welfare) yfir í áherslu á réttindi dýra (animal rights) og hvernig það skapar árekstra milli hefðbundinna mannhverfra sjónarmiða varðandi veiðar og lífhverfrar náttúruverndar þar sem dýr teljast hafa réttindi til tilveru óháð hagsmunum mannsins. Nálgunin byggir á umhverfis- og hugmyndasögulegum grunni, heimildir eru bæði frumheimildir og eftirheimildir, fræðilegt efni og dægurmálaumræða, prentað efni og ljósvakamiðlar.

# Unglæknirinn skoski, hvalveiðar, selveiðar og karlmennskan. Sir Arthur Conan Doyle á Grænlandsmiðum sumarið 1880

Ingibjörg Ágústsdóttir

Mála og menningardeild, HÍ; Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur

Sir Arthur Conan Doyle er þekktastur sem höfundur hinna vinsælu sagna um leynilögreglumanninn Sherlock Holmes. Færri vita að árið 1880 réði Doyle sig sem skipslækni á skoska hvalveiðiskipinu Hope frá Peterhead í Skotlandi og sigldi með þeim á Grænlandsmið. Doyle hélt merkilega dagbók í ferðinni og teiknaði þar einnig margar myndir af því sem fyrir augu bar. Ferðin veitti honum að auki skáldlegan innblástur sem kemur fram í a.m.k. tveimur smásögum skáldsins, og hann skrifaði síðar blaðagreinar og endurminningar um upplifun sína í ferðinni. Fyrir utan bandaríska skáldið Herman Melville (höfund Moby Dick) er Doyle eini þekkti rithöfundurinn (a.m.k. á enska tungu) sem lýsti nítjándu aldar hvalveiðum út frá eigin reynslu í skrifum sínum.Hvalveiðitúrinn sem Doyle tók þátt í snérist þó ekki einungis um hvalveiðar, heldur voru selveiðar einnig mikilvægur hluti hans (og töluvert var líka drepið af öðrum dýrum). Þessum sjávarspendýraveiðum lýsir Doyle nákvæmlega og oft á tilkomumikinn hátt, og skráir einnig niður veiðitölur. Brennandi áhugi unga læknisins á veiðum og mikil kappsemi í þeim efnum eru gegnumgangandi stef í dagbókinni. Greinilegt er að hér er um að ræða mikla ofveiði á sjávarspendýrum og heimsmyndin sem dregin er upp er mannhverf í meira lagi. Síðar kallaði Doyle þessar veiðar mikið „sport", þá sérstaklega hvalveiðarnar.Hér verður fjallað um þá sýn sem birtist í skrifum Arthurs Conan Doyle um veiðar í norðurhöfum, þá sérstaklega hvernig hún endurspeglar ríkjandi viðhorf á nítjándu öld varðandi nýtingu sjávarspendýra en afhjúpar um leið rótgrónar hugmyndir um karlmennskuna.

# Ísland sem hvalveiðiþjóð

**Kristín Ingvarsdóttir**

Mála- og menningardeild

Á undanförnum áratugum hefur ímynd Íslendinga sem hvalveiðiþjóð fest sig í sessi bæði hér á landi og á alþjóðavettvangi. Fjölmörg dæmi sýna að viðhorf umheimsins til hvalveiða Íslendinga hafa breyst og orðið gagnrýnari. Þannig hefur umheimurinn í auknum mæli farið að líta á Íslendinga sem "alræmda"hvalveiðiþjóð vegna einbeitts vilja til þess að halda hvalveiðum til streitu þrátt fyrir mikla andstöðu víða um heim. Jafnframt hefur langvarandi og yfirgnæfandi stuðningur landsmanna við hvalveiðar vakið mikla athygli. Í fyrirlestrinum verður rýnt í hugtakið "hvalveiðiþjóðog m.a. leitast við að svara spurningum á borð við: Hvað felst í hugtakinu hvalveiðiþjóð?; Hvernig og hvenær urðu Íslendingar að hvalveiðþjóð? Í umfjölluninni verður bæði horft til íslenskra og erlendra rannsókna sem fjalla um sögulega þróun hvalveiða í atvinnuskyni og rýnt í íslensk frumgögn þar sem hugmyndir um Ísland sem hvalveiðiþjóð koma við sögu. Ýmis dæmi úr m.a. íslenskum fjölmiðlum verða notuð til að sýna hvernig orðræða og hugmyndir um hvalveiðiþjóðir hafa breyst síðan um miðja 20. öld, bæði á Íslandi og alþjóðlega. Sýnt verður fram á hvernig hvalveiðar fengu aukið vægi í sjálfsmynd og ímynd Íslendinga frá og með níunda áratugnum, en jafnframt hvernig hugmyndin um Ísland sem hvalveiðiþjóð hefur verið síbreytileg. Hér ber einnig að hafa í huga að afstaða Íslendinga til hvalveiða hefur tekið örum breytingum á undanförnum árum, en tíminn á eftir að leiða í ljós hvaða áhrif þær kunna að hafa á ímynd landsins viðvíkjandi hvalveiðar.

## Sjálfsþurftarhlunnindi eða markaðsvara? Selveiðar á Íslandi í sögulegu samhengi

Vilhelm Vilhelmsson

Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands

Selveiðar hafa verið stundaðar í einhverju formi á Íslandi allt frá landnámi. Margvíslegar heimildir vísa til mikilvægis veiðanna á ólíkum tímabilum. Engu að síður hafa sagnfræðingar og aðrir fræðimenn lítið gefið þessum veiðum gaum. Ýmist hefur verið gert ráð fyrir slíkum veiðum sem sjálfsögðum hlut sem ekki þarfnist frekari orða við eða þá að litið hefur verið á hlunnindanýtingu á borð við selveiðar sem ómerkilega hliðarbúgrein sem litlu máli hafi skipt. En sagnfræðilegar rannsóknir á selveiðum og annarri nýtingu hlunninda geta þó varpað ljósi á margt fleira heldur en gildi veiðanna fyrir þjóðarbúskapinn. Í nýtingu landsmanna á náttúrunnar gæðum birtast í senn sögulega breytileg viðhorf til umhverfisins, breytingar á efnahagslífi og verslun í tímans rás og afkoma landsmanna. Í þessu erindi verður fjallað um þróun selveiða á Íslandi frá sautjándu öld til síðari hluta tuttugustu aldar í því skyni að draga fram helstu einkenni þessarar þróunar og hvernig mótun þjóðfélagsgerðar nútímans birtist í þeirri sögu. Rætt verður um umfang veiðanna og félagslegt og efnahagslegt gildi þeirra og rýnt í þær breytingar sem urðu á veiðunum eftir því sem samfélagsgerðin tók breytingum. Niðurstöður rannsókna höfundar á selveiðum við Húnaflóa á þessu tímabili sýna að forsendur selveiða höfðu í upphafi 20. aldar breyst frá almennum búdrýgindum til kerfisbundinna veiða fyrir sölu á markaði en að slíkar veiðar hafi ekki verið sjálfbærar til lengri tíma.

## „Ég fann að hún treysti mér ekki“: Áskoranir hjúkrunarfræðinga frá Filippseyjum á íslenskum vinnustað

Þóra H. Christiansen[1], Erla Sólveig Kristjánsdóttir[2], Unnur Dís Skaptadóttir[3]

[1] Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands; Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild Háskóla Íslands
[2] Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands
[3] Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild Háskóla Íslands

Skortur á hjúkrurnarfræðingum er ekki séríslenskt fyrirbrigði og keppast nú lönd heimsins um að ráða til sín hjúkrunarfræðinga erlendis frá. Þrátt fyrir þessa eftirspurn mæta hjúkrunarfræðingar af erlendum uppruna margháttuðum hindrunum á vinnumarkaði, sem víða um heim litast af niðurskurði, auknu álagi og versnandi starfsaðstæðum. Til að varpa ljósi á stöðuna hér á landi var gerð eigindleg rannsókn þar sem tekin voru djúpviðtöl var við tíu hjúkrunarfræðinga frá Filippseyjum sem starfa við sitt fag hér á landi. Fyrirbærafræðilegri greiningaraðferð var beitt og komu fram fjögur þemu sem lýstu reynslu þátttakenda af þeim mótsagnakenndu kröfum sem filippseysku hjúrunarfræðingarnir upplifðu frá yfirmönnum, samstarfsfólki, sjúklingum og fjölskyldum sjúklinga. Þátttakendur upplifðu þrýsting frá umhverfinu um að koma fram sem hinn fullkomni innflytjandi, fullkomni starfsmaður, fullkomni samstarfsmaður og fullkomni hjúkrunarfræðingur, sem aldrei kvartar, leiðir hjá sér fordóma, vinnur af hörku og gengur í öll störf. Þátttakendur upplifðu togstreitu fólgna í að reyna að uppfylla kröfurnar og að eiga á sama tíma að standa með sínu samstarfsfólki í baráttu þeirra fyrir bættum starfskjörum hjúkrunarfræðinga á Íslandi.

## Invisible barriers: Perceptions of individuals of foreign origin towards prejudice in the Icelandic labor marketing.

**Sigurður Guðjónsson**

Háskóli Íslands Viðskiptafræði

In 2021, 57,126 immigrants were registered in Iceland, which accounts for about 15% of the population. Additionally, there were 14,499 Icelanders with at least one foreign parent and 6,117 individuals from second generation of immigrants. In total, these amount to 77,742 individuals, or 21% of the population, who are of foreign origin. These individuals are more likely to experience prejudice, lack of respect, and discrimination in their daily lives.The purpose of this research is to examine and measure the experiences of individuals of foreign origin regarding prejudice in the Icelandic labor market. It explores how individuals perceive the concept of discrimination, which has been defined as a conscious decision to exclude specific individuals and/or groups in society. Different experiences often depend on individuals' backgrounds and their visible foreign characteristics. The experiences of individuals regarding prejudice have not been extensively researched, making this study a valuable scientific contribution and innovation in this field. This research is a quantitative study that gathered data through a questionnaire using a convenience sampling method. The results of the study indicate that individuals of foreign origin encounter prejudice in the Icelandic labor market and perceive unequal opportunities. Those individuals who bear names or physical characteristics that indicate foreign origin experience more prejudice than those who do not.

## Othering and racialization of Polish migrants in Iceland

**Anna Wojtynska**

University of Iceland

Recently Icelandic society has been transforming from a relatively homogeneous society into a multi-ethnic one. Just within last thirty years, the immigrant population in Iceland increased from 2% to 16% of the total populations. Polish migrants are by far the largest group of migrants in Iceland, making about 34% of all migrants, and 6% of the total population. They are typically evoked in public discussions about immigrants in Iceland and hence they tend to embody the idea of "foreigner" in the dominant discourse. Poles have been arriving to Iceland since the 1990s mostly to work in fish processing and gradually in other jobs, such as in services and the construction industry. Recently many have found employment in the expanding tourism sector. They are predominantly concentrated in low wage jobs in an increasingly ethnically segmented labour market, which further contributes to the growing ethnic segmentation of the society. In the paper - based on extended ethnographic study, I examine the othering and racialization of Polish migrants in Iceland. I look at their transitive social position applying theories of whiteness and degrees of whiteness produced by continues cultural othering of Eastern Europeans (Fox et al, 2012; Dzenovska, 2018). I further consider processes of racialization as interlinked with structural discrimination and class hierarchies inherent to neoliberal economy (Roberts, 2016). Thus, I critically engage with views in Iceland limiting racism only to migrants of colour, which in turn, normalizes "whiteness" as well as helps to maintain Icelandic claims of "innocence" (Loftsdóttir, 2016).

# Reynsla einstaklinga sem starfa með flóttafólki og umsækjendum um alþjóðlega vernd á Íslandi

**Gyða Margrét Kristjánsdóttir**

Félagsvísindasvið - Háskóli Íslands

Í þessari rannsókn voru málefni flóttafólks skoðuð út frá sjónarhorni þeirra sem sinna þjónustu við þann hóp og eru í beinum samskiptum við þau. Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á hvaða hindranir mæta starfsfólki þegar þau sinna þjónustunni og hvernig reynsla þeirra og dagleg störf veita þeim innsýn í bæði hvernig kerfið virkar og hvað sé ábótavant þegar kemur að þjónustu við flóttafólk og umsækjendur. Til að svara rannsóknarspurningum var notast við eigindlegar rannsóknaraðferðir og tekin viðtöl við níu einstaklinga sem sinna þjónustu við flóttafólki og/eða umsækjendur um alþjóðlega vernd hjá ólíkum stofnunum og samtökum. Niðurstöður voru greindar með aðstoð grundaðrar kenningar. Niðurstöður leiddu í ljós að reynsla einstaklinga af starfi er fjölbreytt. Starfið er krefjandi en eflir þau og mótar sem fagaðila og á persónulegum grundvelli. Vinnan opnar þeim stærri heim. Helstu áskoranir sem þau höfðu rekið sig á gagnvart kerfi mótttöku flóttafólks voru tengd húsnæðisvanda, mögulegri þátttöku skjólstæðinga á vinnumarkaði og því að fá aðgang að því að læra íslensku. Væntingar skjólstæðinga eru oft miklar og varpa niðurstöður ljósi á takmörkuð úrræði þátttakenda til að mæta þeim og álagi á innviði. Rannsóknin er skýr leiðarvísir til úrbóta í málaflokki flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd á Íslandi. Ábendingar sem komu frá þátttakendum hvað þetta varðar tengdust vöntun á samtali milli stofnana, óskýrri stefnumótun, og of mikilli áherslu á rafrænan heim fyrir þau sem ekki hafa kennitölu eða rafræn skilríki. Þrátt fyrir þessa annmarka fannst þátttakendum mikið hafa áunnist og voru bjartsýn um þróun málaflokksins á Íslandi.

## Bolmagn sveitarfélaga í skipulagsmálum

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir

Stjórnmálafræðideild HÍ; Líf- og umhverfisvísindadeild HÍ

Sveitarfélög gegna lykilhlutverki við stefnumótun í skipulagsmálum og framkvæmd skipulagsmála. Vönduð stefnumótun og ákvarðanir sveitarfélaga í skipulagsmálum eru grundvallarforsenda sjálfbærrar byggðaþróunar, landnýtingar og uppbyggingar innviða. Ákvarðanataka sveitarfélaga í skipulagsmálum er á hendi kjörinna fulltrúa, sem studd er af faglegri ráðgjöf og undirbúningi sérfræðinga í skipulagsmálum. Vísbendingar eru um að faglegur styrkur og bolmagn íslenskra sveitarfélaga í skipulagsmálum sé takmarkað, sem getur haft í för með sér að skipulagsákvarðanir séu byggðar á ófullnægjandi upplýsingum og ómálefnalegum sjónarmiðum. Það getur leitt af sér ósjálfbæra byggðaþróun og landnýtingu og að dýrmæt tækifæri fari forgörðum.Í erindinu eru kynntar fyrstu niðurstöður úr könnun sem framkvæmd var sumarið 2023 meðal sveitarstjórnarfólks og fagfólks sem starfar að skipulagsmálum fyrir sveitarfélög. Könnunin var send út í júní á kjörna fulltrúa í sveitarstjórnum, fulltrúa í skipulagsnefndum sveitarfélaga, sérhæft starfsfólk sveitarfélaga í skipulagsmálum og sjálfstætt starfandi skipulagsráðgjafa, alls tæplega 800 netföng. Könnunin var opin fram í ágúst og var svörun yfir 50%. Í könnuninni var spurt um ýmsa þætti sem varða stjórnsýslu og framkvæmd skipulagsmála í sveitarfélögum á Íslandi. Niðurstöður könnunarinnar draga meðal annars fram viðhorf kjörinna fulltrúa og fagfólks til hlutverks og styrks sveitarfélaga í skipulagsmálum. Einnig hvort kjörnir fulltrúar og sérfræðingar í skipulagsmálum þekkja til fyrirgreiðslu eða að vera beitt þrýstingi við meðferð skipulagsmála.Markmið rannsóknarinnar er að afla upplýsinga um viðhorf framangreindra hópa til skipulagsmála og varpa ljósi á stjórnsýslulegt og faglegt bolmagn íslenskra sveitarfélaga í skipulagsmálum. Jafnframt er markmið verkefnisins að setja fram hugmyndir um viðhald og eflingu stjórnsýslu og faglegs styrks sveitarfélaga í skipulagsmálum.

# Meðalkostnaður og stærðarhagkvæmni í rekstri íslenskra sveitarfélaga

Vífill Karlsson, Stefán Kalmansson

Viðskiptadeild / Háskólinn á Bifröst

Rannsóknarspurning: Er stærðarhagkvæmni í rekstri sveitarfélaga? Almennt er talið að stærðarhagkvæmni ríki í rekstri sveitarfélaga líkt og kenningar hagfræðinnar gera ráð fyrir. Það þýðir að meðalkostnaður lækkar eftir því sem fleiri aðilar njóta viðkomandi þjónustu og því ódýrara að veita 10.000 íbúum þjónustu í einu sveitarfélagi en sama fjölda í tíu 1.000 íbúa sveitarfélögum. Stærðarhagkvæmni er því nauðsynleg forsenda fyrir því að sameiningar sveitarfélaga geti skilað hagræðingu. Gögn Sambands íslenskra sveitarfélaga verða nýtt til að meta stærðarhagkvæmni í rekstri allra málaflokka þeirra. Slík rannsókn, á gögnum eins árs, var framkvæmd árið 2010 og skilaði misvísandi niðurstöðum. Frumniðurstöður á miklu stærra gagnasafni benda til að stærðarhagkvæmni sé til staðar í rekstri sveitarfélaga. Gagnasafnið nær til allra íslenskra sveitarfélaga árin 2004-2020 og því góður grunnur á byggja á. Þar er að finna heildarrekstrarkostnað allra málaflokka í nánast öllum sveitarfélögum þessi árin. Upplýsingar yfir íbúafjölda, þéttbýlishlutfall, fjarlægð frá höfuðborginni og launakostnað sveitarfélaga voru lykil skýribreytur. Niðurstöður benda til að stærðarhagkvæmni sé í átta málaflokkum sveitarfélaga af tólf: Fræðslu- og uppeldismálum, æskulýðs- og íþróttamálum, sameiginlegum kostnaði, menningarmálum, umhverfismálum, bruna- og almannavörnum, skipulags- og byggingarmálum og hreinlætismálum. Vísbendingar fyrir stærðarhagkvæmni í atvinnumálum voru misvísandi og ómarktækar í tilfelli umferðar- og samgöngumála auk heilbrigðismála. Stærðaróhagræði mældist hins vegar í félagsþjónustu sveitarfélaga.

## Stefnumótun og menntaforysta ríkis og áhrif á menntaforystu á sveitarstjórnarstigi

Sigríður Margrét Sigurðardóttir

Háskólinn á Akureyri, Hug- og félagsvísindasvið

Miklar sviptingar hafa orðið og eru að eiga sér stað í stjórnskipan ríkisins í tengslum við nýtt ráðuneyti, farsældarlögin og nýja stofnun sem ætlað er að taki við af Menntamálastofnun og sinni skólaþjónustu meira en verið hefur. Erlendir rannsakendur hafa í auknum mæli beint sjónum að menntaforystu umdæma og sveitarfélaga og tengslum þessa við stefnu og aðgerðir ríkis. Fram til þessa hefur lítið farið fyrir slíkum rannsóknum hérlendis. Í því ljósi er markmið erindisins að varpa ljósi á og ræða stefnumótun um menntamál, stjórnsýslu og menntaforystu ríkis og áhrif þessa á menntaforystu á sveitarstjórnunarstigi. Erindið er byggt á tilviksrannsókn þar sem litið var á menntaforystu á sveitarstjórnarstigi sem tilvik og blönduðum aðferðum beitt við öflun gagna og úrvinnslu. Gögn voru meðal annars löggjöf, stefnuskjöl, vefsíður sveitarfélaga um skólaþjónustu, spurningakönnun til fræðslustjóra og skólastjóra á landsvísu og viðtöl við fræðslustjóra og deildarstjóra á skólaskrifstofum og skólastjóra grunnskóla í sjö sveitarfélögum. Í erindinu verða ræddar helstu niðurstöður rannsóknarinnar. Þær benda til þess að pólitískur óstöðugleiki, skortur á samræmi í stjórnsýslu, stuðningi og forystuhæfni ríkis hafa haft áhrif á mótun menntaforystu á sveitarstjórnarstigi á Íslandi og ýtt undir að sveitarfélög eigi erfitt uppdráttar við að þróa menntaforystu sína. Það er því brýnt að ríkið hugi vel að þeim skrefum sem nú eru tekin í menntamálum þannig að efla megi þessa þætti á ríkis- og sveitarstjórnarstigi.

## Fullorðisnfræðsla á Íslandi: Tengsl raunfærnimats og námsleiða innan símenntunarmiðstöðva

Margrét Einardóttir[1], Hildur Betty Kristjánsdóttir[2]

[1] Fræðslumiðstöð atvinnulífsins
[2] Fræðslumiðstöð atvinnulífsins; Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Æ meiri áhersla er lögð á ævinám og fullorðinsfræðslu. Þess er vænst að fræðslan hækki menntunarstig þeirra sem ekki káruðu framhaldsnám í æsku og þar með samkeppnishæfni landsins. Raunfærnimat er mikilvægur þáttur fullorðinsfræðslunnar. Markmið þess er að meta þá færni sem einstaklingur býr yfir og hvort eitthvað vanti upp á til þess að viðkomandi geti sinnt ákveðnu starfi/störfum eða öðlast starfsréttindi. Íslenskar rannsóknir á raunfærnimati skortir hins vegar og lítið vitað um frekara nám þeirra sem í gegnum það fara.Markmið rannsóknarinnar er að skoða þýðisgögn um fullorðinsfræðslu á árunum 2017 – 2022 um annars vegar raunfærnimat og hins vegar námsleiðir innan símenntunarstöðvanna og í hve miklum mæli einstaklingar ferðast á milli þessara tveggja leiða fullorðinsfræðslunnar.Niðurstöðurnar sýna um átta prósent þeirra sem hafa farið í raunfærnimat hafa verið skráð tvisvar eða oftar í í slíkt og um 17 prósent þeirra sem hafa verið skráð í námsleið hafa farið í tvær eða fleiri námsleiðir. Þá hefur fjórðungur þeirra sem skráð hafa verið í raunfærnimat líka farið í að minnsta kosti eina námsleið. Hlutfallið er þó breytilegt eftir raunfærnimatsflokkum. Um 45 prósent þeirra sem hafa farið í raunfærnimat innan starfsnámsbrauta hafa einnig farið í námsleið en einungis fimm prósent þeirra sem hafa farið í raunfærnimat innan iðngreina. Munurinn gæti skýrst af því að raunfærnimat í iðngreinum kalli aðallega á frekara framhaldsskólanám. Sú ályktun er dregin að mikil þörf sé á frekari rannsóknum á sviðinu, þá sérstaklega á tengslum raunfærnimats við frekara nám í framhaldskóla.

## Forvarnir gegn kynferðisleg áreitni í ferðaþjónustu á Norðurlöndum

**Magnfríður Birnu Júlíusdóttir**

Háskóli Íslands, námsbraut í landfræði og ferðamálafræði

Alþjóðlegar og íslenskar rannsóknir á kynferðislegri áreitni á vinnustöðum benda til þess að hátt hlutfall starfsfólks í ferðaþjónustu og veitingageira hafi reynslu af slíkri áreitni í starfi. Í erindinu verða kynntar áherslur í norrænu rannsóknarverkefni á árunum, 2022-2023, Kynferðisleg áreitni í ferðaþjónustu og veitingageira: Að nýta fortíð og nútíð til að fræða í framtíð. Þátttakendur eru frá Svíþjóð, Noregi og Íslandi. Verkefnið beinist að bættum forvörnum gegn kynferðislegri áreitni á mismunandi tegundum vinnustaða þessara stóru atvinnugreina, sem að tekur tillit til fjölbreytni starfsmanna, þ.e. samþættingu þátta eins og kyngervis, aldurs, þjóðernisuppruna og kynhneigðar. Eins og heiti verkefnisins gefur til kynna er áherslan bæði á greiningu á því sem hefur verið gert í forvörnum og hvað má betur gera. Auk kynningar á áherslum verkefnisins verða dregnar fram niðurstöður fyrri rannsókna á kynferðislegri áreitni og forvörnum í umræddum atvinnugreinum og hvar þekkingu er ábótavant, bæði erlendis og hér á landi. Einnig verður gerð grein fyrir íslensku samhengi, bæði forvarna gegn kynferðislegri áreitni á vinnumarkaði og samsetningu starfsfólk í greinum tengdum ferðaþjónustu. Meðal niðurstaðna fyrri rannsókna er að hátt hlutfall kynferðislegrar áreitni í greininni megi rekja til nálægðar við gesti, en gerendur er einnig að finna meðal samstarfsfólks og yfirmanna. Valdaójafnvægi í samskiptum gesta og starfsmanna og innan starfsmannahópsins er einnig áhrifaþáttur. Þar hefur mest verið horft til þátta eins og kyngervis og aldurs, en skortir rannsóknir sem að samþætta fleiri þætti og gefa vísbendingar um árangursríkar forvarnir.

## Kynbundið mat á sérfræðiáliti

Ingólfur V. Gíslason[1], Ásdís Aðalbjörg Arnalds[2]

[1] Háskóli Íslands, Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild
[2] Félagsvísindastofnun

Alþjóðlegar mælingar hafa í mörg ár sýnt Ísland meðal fremstu þjóða heims þegar kemur að jafnrétti karla og kvenna. Samanburður milli landa byggir fyrst og fremst á fyrirliggjandi tölfræðilegum gögnum, t.d. um atvinnuþátttöku kynjanna, menntun og stjórnmálaþátttöku, en niðurstöður viðhorfakannana benda í sömu átt. Margar félagssálfræðilegar rannsóknir hafa hins vegar sýnt að ekki er sjálfgefið að viðhorf sem birtast í viðhorfskönnunum endurspeglist í hegðun. Við framkvæmdum tilraun meðal þátttakenda í netpanel Félagsvísindastofnunar með það að markmiði að kanna hvort Íslendingar meti kynin jafnt á tveimur sviðum, fjármálum og fjölskyldulífi.Þátttakendur lásu viðtöl annars vegar við fjármálaráðgjafa og hins vegar við barnalækni og var þátttakendum sagt að tilgangurinn væri að meta þátttöku sérfræðinga í opinberri umræðu. Viðtölin voru eins að öðru leyti en því að helmingur þátttakenda fékk viðtal við konu og hinn helmingurinn viðtal við karl. Sérfræðingarnir tjáðu sig um umdeild mál á sínu sérfræðisviði. Eftir lestur viðtalanna voru þátttakendur spurðir 4 spurninga um trúverðugleika sérfræðinganna. Fjölbreytu dreifigreining var nýtt til að meta hvort munur væri á mati á trúverðugleika sérfræðingana eftir kyni sérfræðingsins og kyni svarenda.Meginniðurstöður eru þær að kyn sérfræðinga skipti litlu sem engu máli við mat á fullyrðingum þeirra. Þegar einhverju munaði var það með þeim hætti að konur voru ívið líklegri til að meta sérfræðing af karlkyni trúverðugri en þann af kvenkyni. Kyn skipti karla engu máli.Það virðist því mega álykta að Íslendingar meti sérfræðiálit ekki á grundvelli kyns.

## Kynsegin nýyrði: með eða á móti, málfar eða mannréttindi?

Laufey Axelsdóttir, Þorgerður Einarsdóttir

Stjórnmálafræðideild Háskóli Íslands

Ísland mælist meðal fremstu þjóða í Evrópu í málefnum hinsegin fólks eins og lög um kynrænt sjálfræði frá 2019 gefa til kynna. En lagabreytingin kallar á breytingar á tungumálinu sem virðast vera umdeildar, einkum breytingar á persónufornöfum. Í erindinu er kynnt könnun um viðhorf til nýyrða í íslensku í tengslum við veruleika kynsegin fólks og til laganna um kynrænt sjálfræði. Gögnin byggja á lagskiptu tilviljunarúrtaki úr netpanel Félagsvísindastofnunar. Könnunin var framkvæmd í nóvember 2022 og var svarhlutfall 50,7%. Kannaður var skilningur og samþykki á orðum sem tengjast tilveru kynsegin fólks svo sem hán, bur, kvár, stálp og fleira, sem og til undirliggjandi viðhorfa til laganna um kynrænt sjálfræði. Niðurstöðurnar benda til að munur sé á skilningi á hugtökum og stuðningi við lögin eftir kyni, aldri, menntun og pólitískum skoðunum. Þegar tungumálið á í hlut togast á íhaldssemi og frjálslyndi, og kynsegin nýyrði ögra bæði málkerfinu og kynjatvíhyggjunni. Í erindinu er spurt hvort andstaðan og stuðningurinn snerti einungis málfar eða hvort þetta risti dýpra og endurspegli einnig viðhorf til mannréttinda kynsegin fólks.

## The Queer Futurities amongst young queer people in Indonesia

**Jón Ingvar Kjaran, Mohammad Naeimi**

University of Iceland, School of Education

Drawing on ethnographic data (10 interviews with male gay Indonesians and field notes collected during fieldwork in 2019 and 2020) this paper examines what 'queer futures' can and might mean for queer youth in Indonesia. Since 2016, the queer population in Indonesia has experienced increased negative social reaction and queer-phobia. This has further limited their space for action, social interactions and self-development. In the paper we therefore examine three interrelated aspects that influence queer youth in envisioning their futures within a social / national context which has increasingly disavowed queer subjectivities. These are: 1) spatial and material arrangements; 2) social relationships with families, and other important institutions/ actors (i.e., work colleagues, neighbours, queer communities, friends etc.); 3) affective dispositions arising from their connections with the spatial, material, and social arrangements. The data was organised and analysed with the help of thematic analysis and interpreted by drawing primarily on Sara Ahmed's queer phenomenology, Jose Esteban Munoz's queer utopia, Lauren Berlant´s analysis of optimism, and Eva Illouz of happiness and love, along with other forms of queer and affect theory. In so doing, we want to complicate the binary construction of the empowered vis-a-vis the oppressed by examining the situated agencies of queer youth that emerge through and within the spatial-material-and social arrangements in contemporary Indonesia. Equally important, we also aim to explore various forms of 'affirmative optimisms' arising from the entanglements between the participants and those spatial-material-social arrangements, which subsequently enable them to envision of 'queer futures´.

## Eru svör daufra svarenda verri?

Anton Örn Karlsson

Hagstofa Íslands

Vaxandi brottfall í úrtaksrannsóknum um allan heim hafa leitt til þess að leitað er allra leiða til að fá sem flest svör í úrtaksrannsóknum. Af því leiðir að til að ná að viðhalda háu svarhlutfalli þarf að tala um fyrir og hvetja til þátttöku þá sem hafa lítinn eða engan áhuga á að svara viðkomandi spurningalista. Getur það því leitt til dvínandi gæða þeirra svara sem veitt eru. Það er vel þekkt vandamál að um leið og reynt er að takmarka áhrif tiltekinnar villu í kannanagerð þá geta áhrif annarrar villu aukist. Í þessari rannsókn er þess freistað að leggja mat á þetta samband í Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands og hvernig það hefur þróast frá 2003. Ýmsar rannsóknir hafa bent til sambands af þessu tagi en þessi rannsókn veitir nýtt innlegg í fræðin. Í fyrsta lagi er um að ræða stórt úrtak yfir langan tíma þar sem hægt er að skoða allnákvæmlega hvernig svörun hefur þróast og hvernig mælivillur hafa verið. Í öðru lagi er í rannsókninni reiknað svarlíkindalíkan út frá aðgengilegum hágæða skráargögnum sem til eru fyrir allt þýðið. Í þriðja lagi er um að ræða spurningarannsókn þar sem spurt er um hegðun svaranda en ekki viðhorf eða önnur hugræn fyrirbæri.Niðurstöðurnar nýtast fyrir aðferðafræði úrtaksrannsókna og þá sérstaklega til að leggja mat á hvort svör þeirra sem ekki vilja svara séu þess virði að safna. Ennfremur er rannsóknin innlegg í rannsóknir sem snúa að því að meta mælivillur í hegðunarspurningum og hvaða þátt svarendur sjálfir eiga í slíkum villum.

# Brottfall og bjagi í úrtaksrannsóknum

**Ólafur Már Sigurðsson**

Hagstofa Íslands

Undanfarna áratugi hefur þátttaka í úrtaksrannsóknum á meðal almennings minnkað verulega. Þessi minnkanid þátttaka hefur skapað áskorunað finna aðferðir sem virka til að draga úr þeim bjaga sem hlýst að ójöfnu svarhlutfalli hjá hópum sem lenda í úrtaki. Markmið rannsóknarinnar var að greina brottfall í stórri úrtaksrannsókn úr íbúaskrá Þjóðskrár (Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands) og þá mögulegan bjaga vegna þess. Var þetta gert með því að greina brottfallsbjaga, umfang hans og þróun yfir tíma, og skoða leiðir til að bregðast við honum. Niðurstöður greiningarinnar sýna að brottfall í Vinnumarkaðsrannsókn hefur aukist á síðustu sex árum, sérstaklega meðal innflytjenda. Áhrif brottfallsins má greina í bjöguðum niðurstöðum í lykilbreytum Vinnumarkaðsrannsóknar, það er að segja í tölum fyrir fjölda starfandi, atvinnlausa og þá sem eru utan vinnumarkaðar. Til þess að draga úr áhrifum brottfallsins voru nýjar vogir búnar til á grundvelli hjálparbreyta úr skrám og niðurstöðum svarlíkindalíkans. Samanburður á eldri vogum og nýjum vogum sýnir að töluvert dró úr bjaga í þessum lykilbreytum Vinnumarkaðsrannsóknar þegar miðað er við sambærilegar upplýsingar úr skrám. Niðurstöður greiningarinnar sýna fram á mikilvægi þess að nýta svarlíkindi þegar vogir fyrir úrtaksrannsóknir eru búnar til. Þannig mætti hafa þessar niðurstöður til hliðsjónar til þess að bregðast við brottfalli í öðrum úrtaksrannsóknum og til þess að finna aðferðir sem hægt er að nota til þess að draga úr brottfalli á gagnasöfnunarstigi

## Þátttaka ungs fólks í íslenskum viðhorfakönnunum

Hafsteinn Einarsson

Stjórnmálafræðideild - HÍ

Þátttaka Íslendinga í viðhorfakönnunum hefur minnkað verulega á undanförnum árum. Lægra svarhlutfall yfir tíma er hluti af alþjóðlegri þróun, en dræm þátttaka ungs fólks (18-35 ára) er sérstaklega áberandi á Íslandi. Lágt svarhlutfall meðal tiltekinna lýðfræðilegra hópa getur valdið skekktum metlum ef ekki er brugðist við með viðunandi hætti. Í þessu erindi er þátttaka í könnuninni Ungt fólk á Íslandi skoðuð út frá kenningaramma um heildarvillu í könnunum (e. total survey error framework). Kostir og ókostir blandaðrar gagnaöflunar (e. mixed-mode surveys) verða skoðaðir sem viðbragð við lækkandi þekjuhlutfalli (e. coverage rate) í könnun þar sem aðeins er stuðst við einn svarkost. Þá verður skoðað hvernig megi draga úr neitunum um þátttöku með margvíslegum hætti. Gangaöflunarferill könnunarinnar verður greindur með tilliti til þess hvort sambandstilraunir með öðrum svarkostum en þeim sem upphaflega er reyndur auki svarhlutfall og bæti samsetningu svarenda. Þá er gerð grein fyrir því hvernig draga má úr svarendabyrði (e. respondent burden) í kynningarefni kannana. Sérstakri athygli verður beint að áhrifum textalengdar og staðsetningar tengla í prentuðum bréfum sem send er á þátttakendur í vefkönnunum. Niðurstöður benda til þess að ungt fólk sé viðkvæmt fyrir aukinni svarendabyrði og að blönduð gagnaöflun geti verið sérstaklega gagnleg til að fjölga svörum frá þessum aldurshópi.

# Áhrif útsendingartíma á svörun í netkönnun

**Ævar Þórólfsson**

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

Með lækkandi svarhlutfalli í netkönnunum er mikilvægt að greina hvernig hægt sé að hámarka svarhlutfall. Í þessari rannsókn var kannað hvort ólíkir útsendingardagar og útsendingartímar könnunar hefðu áhrif á svarhlutfall meðlima í netpanel, auk þess sem áhrif bakgrunnsþátta voru greind. Notast var við gögn frá 10.446 meðlimum netpanels Félagsvísindastofnunar, eða alls 57.447 þátttökuboða, úr ferilkönnun þar sem könnun var send á 200-1000 manna slembivalið úrtak daglega í nærri heilt ár. Áhrifin voru greind með aðhvarfsgreiningu og sýndu niðurstöður að vikudagur útsendingar hefur einhver, þó lítil, áhrif á heildarsvarhlutfall. Áhrifin voru hins vegar talsverð á svörun innan 24ra og 62ja klukkustunda frá þátttökuboði. Allra síst ætti að senda könnun út á föstudegi og helst á sunnudögum eða mánudögum, en áhrifin voru þó ólík eftir aldurshópum. Tími útsendingar hafði þau áhrif að örlítið dregur úr svörun ef þátttökuboð berst á kvöldin, þá sérstaklega undir lok vikunnar, auk þess sem svartími lengist ef sent er út á kvöldin. Ekki var munur á því hvenær fólk svaraði eftir bakgrunnsþáttum, nema að þau sem eru með vinnu-/nemendanetfang svara síður á föstudögum og um helgar. Frekari rannsókna er þörf á áhrifum annarra bakgrunnsþátta á svörun ólíkra daga auk þess sem kanna þarf tímasetningu útsendinga betur.

## Eru fötin þín í rusli? Viðhorf til fataneyslu í ljósi umhverfissjónarmiða

Þorgerður Einarsdóttir, Laufey Axelsdóttir

Stjórnmálafræðideild Háskóli Íslands

Umhverfismál eru meðal brýnustu viðfangsefna samtímans og þar skiptir fataneysla verulegu máli því textíll er fjórði stærsti álagsþáttur umhverfismála vegna einkaneyslu, á eftir húsnæði, samgöngum og matvælum. Framleiðsla á fötum hefur nær tvöfaldast á undanförnum tveimur áratugum á sama tíma og fatnaður endar sífellt hraðar í ruslinu. Hraðtískan er þar einn sterkasti áhrifavaldurinn en henni fylgir aukið framboð og oft lægra verð. Í erindinu er greint frá könnun á viðhorfum Íslendinga til fataneyslu og hvernig fólk skýrir eða réttlætir eigin neyslu með hliðsjón af umhverfissjónarmiðum. Gögnin byggjast á spurningakönnun sem framkvæmd var af Gallup fyrir Umhverfisstofnun frá desember 2020 til janúar 2021, úrtak var 1568 einstaklingar og svarhlutfall var 54,5%. Niðurstöðurnar sýna að nokkrir þættir hafa afgerandi þýðingu fyrir viðhorf til eigin neyslu, og ber þar hæst kyn, aldur og menntun. Ljóst er að aukin þekking og fræðsla er forsenda þess að brugðist verði við umhverfisvanda af völdum textíls. Til að slík fræðsla verði markviss og árangursrík þarf að taka mið af neyslumynstri og viðhorfum fólks til hennar. Kynningin er hluti af H2020 verkefninu CENTRINNO sem Háskóli Íslands tekur þátt í ásamt Textílmiðstöð Íslands.

## Sjálfbærni í textíl, heimsmarkmiðin og íslenskt orðasafn um fatagerð

Ásdís Ósk Jóelsdóttir

Deild fagreinakennslu MVS HÍ

Markmiðið með rannsóknarverkefninu sem tengt var við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna; 9, 11 og 12, var að ná utan um þá helstu þætti sem textílgreinin hefur upp á að bjóða í umhverfisvænum aðgerðum. Niðurstöður sýna að grunnþekking í textílaðferðum og -fræðum er mikilvæg leið til að virkja hugsun í verki gegn sóun og mengun frá textílheiminum. Niðurstöðum er skipt niður í þrjá hluta; Neyslu í merkingunni endurhugsun, Nýtingu í merkingunni endurnotkun og Nýsköpun í merkingunni endurnýting og að skapa eitthvað alveg nýtt. Í framhaldi af þessari rannsókn sem gefin hefur verið út í bókarformi hefur höfundur unnið að íslensku orðasafni fyrir fatagerð. Markmiðið með því er að samræma orðanotkun og útskýra í orðum yfirgripsmikið fræðasvið fatagerðar enda á fjölbreytt fataflóra sér djúpa tengingu við sögu og samfélag aftur í aldir og þeirrar offramleiðslu og ofneyslu sem mótað hafa þær aðstæður sem við lifum við í dag. Orðasafnið sýnir fram á flókið ferli fatagerðar frá hugmynd að fullvinnslu og mun þannig auka við þekkingu, kunnáttu og virðingu fyrir fatagerð. Þær áherslur eru einnig tengdar við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og fatasóun, það að velja vel þegar versla á fatnað, nota hann lengur og endurnýta aftur og aftur. Samræmt orðalag eykur einnig og samræmir virkni bæði í huglægum og líkamlegum skilningi þar sem nauðsynlegt er að hugur og hönd vinni vel saman, en til þess þarf rökstuddan vilja og virkni. Í erindinu verður farið nánar um uppbyggingu á innihaldi rannsóknanna og samtengingu þeirra.

## Aðgerðir stjórnvalda til að auka sjálfbærar fjárfestingar: Fræðilegt yfirlit

Bjorg Jonsdottir, Þröstur Olaf Sigurjónsson

Félagsvísindasvið; Viðskiptafræði

Veruleg aukning í sjálfbærum fjárfestingum (SF) hins opinbera og einkaaðila er nauðsynleg til að efla sjálfbæra þróun á heimsvísu. Þar af leiðandi beita stjórnvöld auknum aðgerðum, eins og lagasetningu, efnahagshvötum, upplýsingaveitu og/eða samstarfi við hlutaðeigandi aðila. Rannsóknir eru hins vegar takmarkaðar á aðgerðum stjórnvalda í tengslum við SF. Þetta fræðilega yfirlit kannar þess vegna með hvaða aðgerðum evrópsk stjórnvöld hafa stuðlað að aukningu SF. Höfundar söfnuðu gögnum frá Web of Science vísindagagnagrunni, sem er einn stærsti og mest notaði gangagrunnur í vísindalegum rannsóknum. Þá notuðu höfundar gagnagreiningarhugbúnaðinn NVivo til þess að flokka og greina gögnin út frá fyrirfram ákveðnum kóðum. Helstu niðurstöður benda til þess að 1) aðgerðir stjórnvalda í tengslum við SF þróuðust frá aðgerðum stjórnvalda til að auka samfélagsábyrgð fyrirtækja (CSR), 2) lykilstaðlar og leiðbeiningar fyrir SF eru útgefnar af alþjóðastofnunum og Evrópusambandinu (ESB) og eru að þróast frá því að vera valfrjálsar yfir í að vera lögboðnar, 3) SF er leiðandi fjárfestingastefna í Evrópulöndum þar sem stjórnvöld beita blöndu af lagasetningu með efnahagslegum hvötum, upplýsingaveitu og/eða samstarfi.Fræðilegt framlag yfirlitsins er dýpri þekking á þróun lykilstaðla og leiðbeininga fyrir SF. Þá sýnir rannsóknin hvaða aðgerðir stjórnvöld í Evrópu nota til þess að stuðla að aukningu SF. Niðurstöðurnar eru hagnýtar fyrir stjórnvöld, fjárfesta og fyrirtæki sem taka þátt í sjálfbærri þróun. Lykilorð: sjálfbær fjárfesting, Evrópa, stjórnvöld, inngrip, fræðilegt yfirlit.

# „þetta er bara ég að vera ég“: Sjálfbær tilvist í handverki.

Soffía Valdimarsdóttir[1], Svanborg Rannveig Jónsdóttir[2]

[1] Félagsfræði- mannfræði- og þjóðfræðideild FVS HÍ
[2] Deild menntunar og margbreytileika MVS HÍ

Handverk og handverksþekking hafa undanfarið verið í miklum vexti, ekki einungis sem menningararfur og tómstundaiðkun, heldur einnig sem starfsval. Samkvæmt UNESCO eru skapandi greinar nú sá geiri efnahagslífsins sem vex hvað hraðast. Nýlegir hagvísar sýna að sú er raunin á Íslandi. Minni fyrirsjáanleiki á vinnumarkaði veldur því að fólk sækir í störf sem það telur merkingarbær og gefa færi á persónulegri sjálfbærni. Að starfa sjálfstætt hefur því færst mjög í vöxt, t.d. á sviði handverks. Tilgangur þessarar rannsóknar var að öðlast skilning á því hvernig sjálfstætt starfandi handverksfólk á Íslandi sér skynsemi í því að fara út í svo tímafrekan og fjárhagslega áhættusaman rekstur. Gagnasöfnun miðaði því sérstaklega að sameiginlegum hvataþáttum og merkingu. Helstu gögn eru 15 hálf-stöðluð djúpviðtöl. Viðbótargögn eru vettvangsathuganir og -nótur, samfélagsmiðlasíður og ljósmyndir. Með aðferðum sífellds samanburðar og ígrundaðri þemagreiningu voru þróuð þrjú meginþemu sem þykja endurspegla rökstuðning þátttakenda. Þau eru: Annað tækifæri, náttúrulegt val og sjálfsbjargarviðleitni. Helstu jákvæðu hvatar voru sjálfstæði, sjálfræði og rými fyrir sköpunarþörf. Óvænt algengir neikvæðir hvatar voru áföll á starfsferli. Greining leiddi í ljós að handverksþekking hefur reynst þátttakendum mikilvægt bjargráð í viðleitni til aukinnar sjálfbærni í lífi og starfi. Rannsóknin eykur skilning á gildi handverks og handverksþekkingar í samfélagi síðnútíma. Í málstofuerindi verða spurningar um hugsanlegt vanmat þessa gildis í formlegri menntun settar fram og ræddar.

## Hvernig mælum við innleiðingu heimsmarkmiðanna?

**Kristín Ósk Ingvarsdóttir**

Hagstofa Íslands

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun eru ákall til aðgerða í þágu hagsældar. Ísland hefur skuldbundið sig til að vinna markvisst að innleiðingu markmiðanna, en þau eru 17 talsins og hafa 169 undirmarkmið sem mæld eru með 231 mælikvarða. Hagstofa Íslands heldur utan um mælikvarða heimsmarkmiðanna og sér um að miðla tölulegum upplýsingum um stöðu Íslands til almennings, stjórnvalda og alþjóðlegra stofnana.Árið 2023 markar tímamót þar sem gildistími heimsmarkmiðanna er nú hálfnaður. Þetta er því góður tími til að greina áskoranir við innleiðingu heimsmarkmiðanna og leggja fram tillögur að bættum aðgerðum fyrir seinni hluta tímabilsins. Hluti af þeirri vinnu er að ná utan um tölulegar upplýsingar sem lýsa stöðu Íslands á réttmætan hátt.Í erindinu verður farið yfir aðferðafræðilegar áskoranir sem fylgja því að nota alþjóðlega mælikvarða til að meta innleiðingu heimsmarkmiðanna á Íslandi. Kynnt verður þróunarverkefni á vegum Hagstofu Íslands sem snýr að gerð sjálfbærnimælikvarða sem aðlagaðir eru að íslensku samfélagi. Í verkefninu voru norrænir mælikvarðar fyrir sveitarfélög hafðir að leiðarljósi og útbúið var safn mælikvarða sem samsvöruðu heimsmarkmiðunum 17. Mælikvarðasafnið var síðan gæðametið af sérfræðingum Hagstofunnar og könnun var send á fulltrúa sveitarfélaga sem röðuðu mælikvörðum eftir mikilvægi. Afurð þróunarverkefnisins er safn innlendra sjálfbærnimælikvarða sem valdir voru út frá eftirspurn og gæðum. Ljóst er að Ísland stendur fyrir miklum áskorunum þegar kemur að innleiðingu heimsmarkmiðanna og því er þörf á innlendum mælikvörðum sem styðja við stefnumótun og framgangi heimsmarkmiðanna á seinni hluta gildistímabilsins.

## Þekktar innlendar krísur í ljósi kenninga SCCT um krísustjórnun

**Jón Snorri Snorrason**

Háskólinn á Bifröst

Þrjár skipulagsheildir hafa verið í kastljósinu s.l. ár vegna hneykslismála sem tengist starfsemi þeirra og falla undir það sem við skilgreinum sem krísur. Knattspyrnusamband Íslands (KSÍ) hafði verið kunnugt um en hylmt yfir meintum kynferðisbrotum innan sambandsins. Samherji hefur verið til rannsóknar vegna meintra sviksamlegra viðskipta í Namibíu og loks er það vinnu- og viðbrögð Íslandsbanka í tengslum við sölu á hluta ríkisins í bankanum. Leitast verður við að varpa ljósi á krísurnar og hvernig skipulagsheildirnar brugðust við samkvæmt kenningum SCCT (Situational Crisis Communication Theory) í krísufræðum.Aðferðafræðin byggir á dæmisögu / tilviksrannsóknum (e. single case studies), sem er raundæmisrannsókn, sem byggir á staðfestum tímasettum gögnum og greiningar eru út frá raundæmum.Niðurstöðurnar sýna að krísustjórnun þessara skipulagsheilda var með ólíku sniði en féllu vel að kenningum SCCT og ljóst ef þær hefðu tekið mið af rannsóknum og viðurkenndum aðferðum í krísustjórnun hefðu krísurnar ekki orðið jafn miklar og víðtækar eins og raunin varð.Hér er leitast við að varpa ljósi á hvernig þættir krísustjórnunar voru hjá þessum skipulagsheildum, sem muni leiða af sér betri skilning á því sem gerðist. Fáar rannsóknir hafa verið gerðar hér á landi um raunverulegar krísur, krísuviðbrögð og samanburð við helstu kenningar. Rannsóknin er því framlag til breytingarstjórnunar um hvernig skipulagsheildir geti brugðist rétt við aðstæðum sem kallast krísur.

# „Eftir höfðinu dansa limirnir“: Tilviksrannsókn á samskiptafærni stjórnenda ríkisstofnana

Helga Kristín Gestsdóttir, Inga Jóna Jónsdóttir

Viðskiptafræðideild HÍ

Í þessari rannsókn er ljósi varpað á þarfir, upplifun, viðhorf og reynslu starfsfólks ríkisstofnana hvað varðar samskiptafærni stjórnenda. Einnig er innihald samskiptahluta stjórnendastefnu ríkisins og vinnuskjal tengt stefnunni greint í samhengi við fræðilegt sjónarhorn um samskiptaþátt stjórnendastarfsins og niðurstöður viðtala. Tilgangurinn er að álykta hvort hann endurspegli þær kröfur sem gera þarf til samskiptafærni stjórnenda ríkistofnana. Notast var við eigindlega aðferðarfræði og flokkast rannsóknin sem fjöltilvikarannsókn. Tekin voru átta viðtöl við starfsmenn fjögurra ríkisstofnana og rýnt í fyrirliggjandi gögn.Niðurstöður gefa skýrar vísbendingar um að margt megi bæta hvað varðar samskiptafærni stjórnenda ríkisstofnana. Upplýsingaflæði þarf að vera markvissara og ná til allra starfamanna og huga þarf sérstaklega að upplýsingagjöf í breytingarferli. Ákvarðanataka þarf að vera skilvirkari og gefa þarf ákveðið ákvarðanatökuumboð til stjórnenda á neðri stjórnstigum. Vísbendingar eru um að samskiptafærni stjórnenda hafi áhrif á árangur stofnana. Það sem þarf að bæta er hvernig stjórnendur nýta samskiptahluta stjórnunarstarfsins til að fylgjast með frammistöðu starfsfólks og lesa og greina starfsmannahópinn. Auk þess þarf að bæta það hvernig þeir taka á erfiðum málum á stofnunum og hrósa starfsfólki. Hvað greiningu á samskiptahæfnihluta stjórnendastefnunnar varðar varpa helstu niðurstöður ljósi á að engum þætti sé ofaukið en vöntun virðist vera á ákveðnum hæfniskröfum innan samskiptahlutans, til dæmis hlustunarþættinum, færni við að lesa og greina starfsmannahóp, átta sig á góðum leiðum við upplýsingamiðlun og færni stjórnenda við upplýsingamiðlun í breytingarferli.

# Gagnsemi sjálfsmats stjórnar fyrir tilnefningarnefndir og stjórnarhætti

Arnrún Sæby Þórarinsdóttir[1], Auður Arna Arnardóttir[2], Þröstur Olaf Sigurjónsson[3]

[1] Viðskiptafræðideild
[2] Háskóli Íslands
[3] Viðskiptafræðideild

Skráðum fyrirtækjum er skylt að gera reglulega formlegt mat á frammistöðu stjórna og jafnvel einstakra stjórnarmanna. Tilgangur slíks mats er að stuðla að skilvirkum stjórnarháttum innan fyrirtækja og betri frammistöðu stjórna. Í meira en tvo áratugi hefur starf stjórna verið viðfangsefni erlendra rannsókna. En niðurstöður þessara rannsókna hafa stangast á. Enn fremur er óljóst hvernig á að skilgreina og meta árangur stjórna og stjórnarmanna. Þá er fræðilegur skilningur á mati stjórnar takmarkaður sem og gagnsæi varðandi framkvæmd stjórnarmats. Þess vegna er lítið vitað um hvort stjórnarmat sé í raun að mæla árangur stjórna. Markmið þessarar rannsóknar er að kanna hvort sjálfsmat stjórna sé gagnlegt matstæki fyrir tilnefningarnefndir til að styðjast við störfum sínum. Hlutverk tilnefningarnefnda er að tilnefna einstaklinga eða hóp einstaklinga í stjórnarsæti. Spurningalisti var lagður fyrir einstaklinga sem sitja í tilnefningarnefndum í skráðum fyrirtækjum á Íslandi. Svör bárust frá 33 einstaklingum. Við hönnun spurningalistans var stuðst við rannsóknarlíkan (TAM) í þeim tilgangi að mæla notagildi upplýsinga sem fengnar voru við sjálfsmat stjórnenda. Niðurstöður línulegrar aðhvarfsgreiningar sýna að því jákvæðari sem reynsla er af gagnsemi upplýsinga sem aflað er úr sjálfsmati stjórnar og því jákvæðari sem viðhorf er til notkunar sjálfsmats stjórnar, því líklegra er að tilnefningarnefndir noti upplýsingar sem fengnar eru frá sjálfsmati stjórna. Rannsóknin styður mikilvægi og gagnsemi þess að stjórnir geri reglubundnar skoðanir á starf stjórna.

# How Sustainable Business Models Support Green Bond Issuance: An analysis of Nordic energy companies

Jordan Mitchell[1], Stefan Wendt[2], Þröstur Olaf Sigurjónsson[3], Nikolaos Kavadis[4]

[1] Viðskiptafræðideild
[2] Bifröst
[3] Viðskiptafræðideild
[4] Copenhagen Business School

This study examines how five Nordic energy companies have overcome internal barriers to issue green bonds through sustainable business models. Two research questions are addressed: 1) How can companies remove internal barriers to issuing a green bond through their sustainable business model? 2) How does the sustainable business model change during or after the company issues a green bond? The study investigates these research questions in five Nordic energy firms that have issued green bonds since 2017. It employs a case-based methodology relying on qualitative interviews and secondary published materials to understand the internal conditions, rationale, management viewpoints, and logic on the connection between business models, sustainability, and firm financing. We show how developing the green finance framework as one of the core elements of a sustainable business model supports green bond issuance. Beyond that, green bonds support environmental objectives, facilitate virtuous cycles, and create more value for the company, investors, and society. The main contribution of this research is the deepened understanding of the features of the sustainable business model that help overcome internal barriers to green bond issuance. Moving forward, we propose that sustainable financing should be considered an integral part of sustainable business models to align and reinforce the company's strategy, asset choices, and governance.

## Aukin sjálfbærni í virðiskeðju fyrirtækja með notkun gervigreindar

Þröstur Olaf Sigurjónsson[1], Stefan Wendt[2]

[1] Viðskiptafræðideild
[2] Háskólinn á Bifröst

Rannsökuð er beiting gervigreindar um virðiskeðju fyrirtækja í atvinnugrein matvælaframleiðslu og dreifingu matvæla. Sjónum er beint að því hvernig hægt er að nýta gervigreind til hjálpar markmiðum fyrirtækjum um sjálfbærni. Gerðar eru greiningar á fyrirtækjum í atvinnugreininni, rýni á fræðilegu efni er gerð sömuleiðis og þá eru tekin hálf stöðluð viðtöl við starfsfólk sem starfar á ólíkum stöðum virðiskeðju fyrirtækja í matvælaiðnaði og dreifingu matvæla. Með greiningu á núverandi stöðu og framtíðarhorfum möguleika gervigreindar um virðiskeðju fyrirtækja eru kynntar niðurstöður um kosti og áskoranir sem tengjast samþættingu gervigreindar við virðiskeðju fyrirtækja. Helstu niðurstöður eru þær að staða og framfarir fyrirtækja hvað þetta svið varðar eru mjög ólík. Hagnýting gervigreindar í virðiskeðju er helst að finna þegar kemur að eftirliti með matvælavinnslu. Gæðamál eru þar fyrirferðamest. Ástæða þessa er hversu aðgengilegir möguleikar gervigreindar eru í dag til hagnýtingar myndefnis sem tæknin getur notað. Þá sýna niðurstöður að fyrirtæki hafa samtengd gervigreind og sjálfbærni til þess að auka skilvirkni í ferlum matvælavinnslu og dreifingar matvæla. Þannig spara þau bæði auðlindir og fjármagn.

## Áfallastjórnun á Íslandi

Ásthildur Elva Bernharðsdóttir

Háskólinn á Bifröst, félagsvísindadeild

Í gegnum tíðina hafa Íslendingar þurft að glíma við tíðar náttúruhamfarir. Með þjóðfélagsbreytingum á fyrstu áratugum 20. aldar jókst samstaða Íslendinga og bjartsýni um að þeir gætu sem þjóð tekist á við ógnir og áföll. Að auka öryggi sjómanna var ein mesta áskorunin því mörg og mannskæð sjóslys áttu sér stað á þessum tíma. Buðu sjálfboðaliðar sig fram til þátttöku í björgunaraðgerðum vegna sjóslysa. Sú sjálfboðavinna varð síðar forsenda fyrir mótun almannavarnakerfisins og tilheyrandi stefnu í almannavarnamálum. En aðstæður breytast og íslenskt samfélag stendur sífellt frammi fyrir áföllum sem verða æ flóknari í eðli sínu. Á síðast liðnum tveimur áratugum hafa til dæmis dunið yfir faraldrar og bankahrun auk náttúruhamfara sem meðal annars náðu að lama flugsamgöngur víða um heim. Innrás Rússa í Úkraínu hefur, líkt og í fleiri Evrópuríkjum, fært málefni tengd þjóðaröryggi í brennidepil og þar með kröfuna um bættan viðbúnað í varnar- og öryggismálum. Í erindi verða dregnar fram niðurstöður rannsókna sem varpa ljósi á það sem einkennir áfallastjórnun á Íslandi og þróun hennar. Er erindinu ætlað að vera inngangur að þeim erindum sem eftir fylgja á málstofu. Áfallastjórnun er röð ákvarðana og framkvæmda sem beinast að því að meta, varna og leggja í viðbúnað vegna hugsanlegrar áhættu og verði að henni að bregðast við því áfalli, byggja upp að nýju og læra af áfallinu. Á málstofu verða kynntar niðurstöður rannsókna sem snerta alla þessa mismunandi fasa áfallastjórnunar.

## Tengsl upplýsingamiðlunar og öryggistilfinningar fólks sem býr á skriðuhættusvæðum

Unnur Blær A. Bartsch

Líf- og umhverfisvísindadeild, Háskóli Íslands

Í rannsókninni er viðhorf fólks sem býr á skriðuhættusvæðum til upplýsingamiðlunar kannað, og hvort/hvernig upplifun þeirra af upplýsingamiðlun hefur áhrif á öryggistilfinningu þeirra. Rýnt var í hvernig umgjörð upplýsingamiðlunar er á Íslandi á þeim tíma sem rannsóknin var framkvæmd, þ.e. innan kerfis Almannavarna, sveitarfélaga, Veðurstofu Íslands og fleiri aðila sem eiga þar í hlut. Einnig var skoðað hvernig þeim málum, auk vöktunar, er sinnt í öðrum löndum. Í rannsókninni var sjónum beint að samfélaginu á Seyðisfirði, en hluti bæjarins er á skriðuhættusvæði, auk annarrar ofanflóðahættu. Stuðst var við eigindlegar rannsóknaraðferðir. Framkvæmd var viðtalsrannsókn við íbúa Seyðisfjarðar og viðbragðsaðila sem stóðu vaktina í desember 2020 þegar hamfaraskriður féllu á bæinn. Það var gert í þeim tilgangi að kanna upplifun fólks á upplýsingaflæði á meðan atburðinum stóð, auk þess að reyna komast að því hvað það er sem fólki fannst mátt betur fara og hvar rými er til þess að bæta upplýsingamiðlun til íbúa. Meirihluti viðmælenda var sammála um það að upplýsingamiðlun hefur bæst til muna á þeim þremur árum sem liðin eru frá skriðuatburðinum 2020. Jafnframt benda frumniðurstöður til að íbúar leggja mikið traust til vöktunarkerfis sem sett var upp eftir 2020, og er öryggistilfinning margra viðmælenda beintengd við það kerfi. Enn eru þó hnökrar á því, þar sem mikilvægar upplýsingar eru enn að berast íbúum seint og illa, sem varða m.a. rýmingar. Mikilvægi upplýsingamiðlunar, í báðar áttir þ.e. vísindalegrar- og staðarþekkingar, þegar kemur að tjónnæmi og seiglu samfélaga er undirstrikað og rökstutt af viðmælendum.

## Börn og Eyjafjallajökulgosið 2010: Sýn barna á áhrif gossins og áherslur í bataferlinu

Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir[1], Guðrún Pétursdóttir[2], Deanne Bird[3], Guðrún Gísladóttir[4]

[1] Umhverfis- og auðlindafræði
[2] Umhverfis- og auðlindafræði; Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild
[3] Líf- og umhverfisvísindadeild
[4] Líf- og umhverfisvísindadeild

Rannsóknin beinir sjónum að seiglu samfélaga vegna náttúruhamfara. Áhersla er lögð á hlutverk bindandi og brúandi félagsauðs og félagslegs stuðnings í endurreisn samfélaga.Kannað var hvaða áhrif Eyjafjallajökulgosið árið 2010 hafði á börn búsett undir Austur-Eyjafjöllum og í Vík í Mýrdal og hvers konar stuðning frá sínum nánustu börnin töldu nauðsynlegan fyrir bataferlið.Markmiðið var að öðlast skilning á því hvernig börnin mátu sín félagstengsl og þann félagslega stuðning sem í boði var með tilliti til þarfa þeirra. Stuðst var við eigindlegar rannsóknaraðferðir. Tekin voru viðtöl við 21 íbúa sem voru börn þegar gosið átti sér stað. Börnin tilheyrðu 12 fjölskyldum, sjö undir Austur-Eyjafjöllum og fimm í Vík. Fyrstu niðurstöður sýndu að gosið hafði margvísleg áhrif á börnin og var askan þar í meginhlutverki. Hún olli þeim líkamlegum og andlegum óþægindum og skerti þeirra félagslegu þátttöku. Börnin höfðu jafnframt áhyggjur af heilsufarsáhrifum viðkvæmra fjölskyldumeðlima, hvaða áhrif gosið hefði á dýrin og þeirra nánasta umhverfi. Stuðningurinn frá þeirra nánustu töldu börnin þurfa vera margþættan og þau lögðu mikla áherslu á mikilvægi stuðnings við þau sem sinna börnunum í bataferlinu og enduruppbyggingunni. Rannsóknin eykur þekkingu á hlutverki félagslegs stuðnings við börn og þeirra nánustu þegar tekist er á við afleiðingar alvarlegra atburða og undirstrikar mikilvægi félagsauðs í seiglu samfélaga.

## Þekking og viðbrögð íbúa við eldfjallaáhættu frá Kötlueldstöðinni

**Diana Sól Editudóttir**

Líf- og umhverfisvísindadeild

Sökum mikilla félagshagfræðilegra breytinga sem hafa átt sér stað á undanförnum árum í Vík í Mýrdal miðar þessi rannsókn að því að kanna núverandi þekkingu og skynjun erlendra íbúa sem og aðfluttra Íslendinga á hættum sem fylgja Kötlugosum. Þessi rannsókn mun leitast við að svara eftirfarandi rannsóknarspurningum: 1) Hversu vel þekkja erlendir íbúar og aðfluttir Íslendingar í Vík í Mýrdal til eldstöðvarinnar Kötlu og hætturnar sem af henni geta stafað? 2) Vita íbúarnir hvernig þeir ættu að bregðast við ef Katla skyldi gjósa? 3) Þekkja þeir eitthvað til viðbragðsáætlunarinnar? Þetta er eigindleg rannsókn sem mun afla gagna með rýnihópaviðtölum.Félagshagfræðilegar breytingar í Vík má að hluta til rekja til hins þekkta goss í Eyjafjallajökli árið 2010 þar sem ný atvinnutækifæri tengd ferðaþjónustu sköpuðust. Núorðið er Mýrdalshreppur með hæsta hlutfall erlendra íbúa samanborið við önnur sveitarfélög landsins, eða um 58 % frá og með 1. desember 2022. Fyrri rannsóknir benda til að nýbúar eru líklegri til að verða berskjaldaðir fyrir náttúruhamförum sökum skorts á félags- og fjárhagsauð. Tungumálaörðugleikar geta komið í veg fyrir að mikilvægar upplýsingar nái til minnihlutahópa og gert aðlögun þeirra að nærsamfélaginu erfiðari. Niðurstöður þessarar rannsóknar getur sveitarfélagið, almannavarnanefnd Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, lögreglustjórinn á Suðurlandi sem og aðrir hlutaðeigandi aðilar nýtt til þess að aðlaga og uppfæra núverandi viðbragðsáætlun að þörfum samfélagsins með það að markmiði að auka seiglu þess.

## Áfallastjórnun í Mýrdalshreppi vegna COVID-19 faraldursins

**Hugrún Fjóla Hannesdóttir**

VSÓ Ráðgjöf; Háskólinn á Bifröst/félagsvísindadeild/ MA áfallastjórnun

Erindið fjallar um rannsókn þar sem áfallastjórnun var greind í fámennu sveitarfélagi, Mýrdalshreppi, vegna þess samfélagslega áfalls sem fólst í COVID-19 heimsfaraldrinum. Í úttekt Byggðastofnunar sem unnin var fyrir stjórnvöld var Mýrdalshreppur eitt þeirra sveitarfélaga sem varð fyrir hvað mestum efnahagslegum samdrætti vegna faraldursins. Framkvæmd var eigindleg viðtalsrannsókn, þar sem viðtöl voru tekin við 14 viðbragðsaðila og heimamenn. Áfallastjórnun mótaði fræðilegan grunn sem og greiningaramma rannsóknar. Endurreisnarferli vegna áfalla hefur lítið verið rannsakað á Íslandi en í rannsókninni voru áhrif stuðningsaðgerða stjórnvalda til atvinnulífsins meðal þess sem skoðað var. Fjallað verður sérstaklega um megin niðurstöður rannsóknarinnar, sem voru afgerandi á þann hátt að stuðningur stjórnvalda hefði haft mikla þýðingu, bæði aðgerðir á landsvísu og sértæki stuðningurinn sem Mýrdalshreppi var veittur. Faraldurinn var mikil áskorun fyrir atvinnulífið í sveitarfélaginu en sveitarstjórn tók þá ákvörðun strax við upphaf hans að gefa í hvað framkvæmdir varðaði, sem varð heilladrjúgt. Sýnilegar framkvæmdir höfðu jákvæð áhrif og upplifðu íbúar sértækan stuðning sem viðurkenningu á því að þeirra staða væri sérstaklega erfið. Samstaða íbúa var mikil en áskoranir vegna mikillar íbúaþróunar eru verulegar, til framtíðar litið.

## Viðbragðsáætlanir vegna náttúruhamfara á Reykjanesi

Karen Ósk Lárusdóttir

Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra

Í erindi verður fjallað um rannsókn á stöðu viðbragðsáætlana hjá fyrirtækjum og stofnunum á Reykjanesi vegna hugsanlegra náttúrhamfara. Á undanförnum árum hafa miklar jarðhræringar átt sér stað á Reykjanesi sem hafa þrisvar endað með eldgosi. Vísindamenn hafa líkt atburðunum við Kröfluelda en þeir stóðu frá 1975 til 1984. Verði þetta raunin á Reykjanesinu er ljóst að mörg fyrirtæki og stofnanir á svæðinu þurfa að búa við yfirvofandi hættu á jarðskjálftum og eldgosum á næstu árum og því nauðsynlegt að undirbúningur og forvarnir séu markviss rétt eins og hjá viðbragðsaðilum. Almannavarnanefndir í héraði hafa skilgreint hlutverk í lögum um almannavarnir en þar kemur fram að almannavarnanefndir og lögreglustjóri skulu vinna að gerð hættumats og viðbragðsáætlana í samvinnu við ríkislögreglustjóra Ábyrgð þeirra er því mjög skýr en hins vegar er hvergi í lögum sett sú skylda á einkafyrirtæki að þar skulu vera til viðbragðsáætlanir ef til náttúruhamfara eða annarra hamfara kemur.Í rannsókn var kannað hlutfall stofnana og fyrirtækja á Reykjanesi sem eiga slíkar viðbragðsáætlanir í fórum sínum vegna jarðhræringa sem ógna ekki einungis mannslífum heldur einnig atvinnulífi. Gríðarlegir fjármunir liggja í fyrirtækjarekstri á svæðinu, mikill ferðamannastraumur fer um Reykjanesið daglega og mikilvægir innviðir geta verið í hættu komi til eldgoss á svæðinu. Niðurstöðurnar voru á þann veg að stofnanir voru líklegri en fyrirtæki til að vera með viðbragðsáætlanir í sínum fórum en aðeins lítið hlutfall hafði látið gera áhættugreiningu fyrir sína stofnun, sem verður að teljast áhugavert með tilliti til landfræðilegrar stöðu þeirra.

## Frjálslynt eða norrænt velferðarkerfi í fjölmiðlum?

Birgir Guðmundsson[1], Valgerður Anna Jóhannsdóttur[2]

[1] Háskólinn á Akureyri
[2] Háskóli Íslands

Lengst af hafa grunnrökin fyrir afskiptum ríkisins af fjölmiðlum á hinum Norðurlöndunum snúist um lýðræðislegt hlutverk þeirra og að eins konar velferðarkerfi fjölmiðla sé líklegt til að tryggja og festa lýðræðið í sessi. Opinber stuðningur við einkarekna miðla hefur verið hryggjarstykkið í þessu kerfi. Á Íslandi hefur opinber stuðningur hins vegar að mestu einskorðast við rekstur RÚV og verið litið svo á ríkið ætti að hafa sem minnst afskipti af frjálsum fjölmiðlum og einkareknir fjölmiðlar væru best komnir undir lögmálum markaðarins. Efasemdir um þessa frjálslyndisnálgun hafa á síðustu árum orðið meira áberandi og má segja að hugmyndir um norræna velferðarmódelið í fjölmiðlum hafi skorað hana á hólm með hugmyndum og tillögum sem komið hafa fram á Alþingi á síðustu árum og sem urðu að lögum árið 2020. Í þessu erindi munum við greina frá niðurstöðum eigindlegrar greiningar á umræðum á Alþingi um stuðning við einkarekna fjölmiðla. Þær sýna að stjórnmálaumræðan um stöðu fjölmiðla er römmuð inn sem rekstrarvandi fjölmiðlafyrirtækja sem standi frammi fyrir ósanngjarnri samkeppni. Áhersla á samfélagslegt hlutverk fjölmiðla og stöðu er hverfandi og lítið sem ekkert rætt um t.d. áhrif tæknibreytinga á upplýsingamiðlun og opinbera umræðu, eða áhrif stórfyrirtækja á þeim vettvangi. Í ljós kemur einnig að mjög skiptar skoðanir eru um málið á þingi og framvinda og framtíð fjölmiðlakerfisins getur því ráðist af tiltölulega litlum sviptingum í styrk flokka á þingi. Mikil óvissa er því um hvort norrænt velferðarkerfi fjölmiðlunar muni ná að velta úr sessi því frjálslyndis módeli sem hér hefur ríkt um áratuga skeið.

# Áhrif nýrra siðaregla BÍ á störf blaðamanna

Birgir Guðmundsson[1], Friðrik Þór Guðmundsson[2]

[1] Háskólinn á Akureyri
[2] Háskóli Íslands

Á aðafundi Blaðamannafélags Ísland í mars 2023 voru samþykktar nýjar siðareglur fyrir félagið en reglurnar höfðu verið óbreyttar í 32 ár eða frá 1991. Nokkrar tilraunir höfðu verið gerðar til að breyta reglunum en ekki náðst um það samstaða fyrr en nú. Siðareglur eru grundvallaratriði í starfi fagstétta og þessi breyting því mikilvæg fyrir störf blaðamanna, fjölmiðlaumfjöllun almennt og þar með lýðræðislega umræðu í landinu.Í þessu erindi verður leitast við að svara spurningunni hvaða áhrif munu breytingar á siðareglum blaðamanna hafa á störf blaðamanna? Þetta verður gert með kerfisbundnum samanburði á nýju og gömlu reglunum þar sem breytingarnar eru dregnar fram. Þá verða þessi áhrif skoðuð með vísan til þess hvernig og hvaða áhrif úrskurðir og vinnuferlar siðanefndar hafa hingað til haft á blaðamenn, samanburði við siðareglur helstu nágrannaríkja og alþjóðlegra samtaka blaðlamanna, og breyttra viðhorfa blaðamanna til ýmissa siðferðilegra faglegra álitaefna. Varðandi viðhorf blaðamanna verður stuðst við niðurstöður úr íslenska hluta rannsóknar Worlds of Journalism Study, annars vegar frá 2012 og hins vegar frá 2022.Fyrstu niðurstöður benda til að breyting á siðareglum muni auka völd siðanefndar og að túlkun hennar á reglunum skipti enn meira máli en áður. Líklegt er því að það opnist fyrir þrýsting og gagnrýni á einstaka eða alla siðanefndarmenn. Þá er vægi tillitssemi og persónulegrar ábyrgðar við framsetningu minnkað og ákvæði eða leiðbeiningar um hvað teljist ásættanleg vinnubrögð ekki sett inn í reglurnar nema að litlu leyti.

## Measuring Local News Performance at National Scale: Content Collection, Analysis and Assessment

Gordon N Ramsay

Félagsvísindadeild, Háskólinn á Akureyri

Local news provision is especially vulnerable to the economic pressures and technological transformations affecting journalism across the democratic world. A decline in the provision of local public-interest journalism has significant implications for community knowledge and cohesion at the local level, but is also a system-wide issue given the key function local news plays in national media ecosystems. While there has been an increase in scholarship on local journalism performance over the past decade, empirical research has tended to be limited to smaller geographical areas or restricted samples of newspapers or websites. Public policy interventions to alleviate the impact of local news decline are therefore based on incomplete information. This paper summarizes a new content analysis methodology for collecting and analysing local journalism at the national scale, including benchmarks for the assessment of local news performance. It presents the results of the first nationwide audit of local journalism: a quantitative content analysis of over 70,000 local news articles across 579 news sites in the United Kingdom during the final days of the 2019 General Election campaign. The results indicate that large portions of the legacy local press provided little or no original news content on local constituency campaigns, with widespread duplication of content. The paper also presents the early results of an ongoing pilot project to adapt the methodology and content collection tools to the Icelandic context.

## Afstaða markaðsstjóra til hræringa á auglýsingamarkaði

**Ragnar Már Vilhjálmsson**

Háskólinn á Bifröst

Markaðs- og auglýsingamarkaðurinn hefur gengið í gegnum talsverðar hræringar á undanförnum misserum. Stöðugar umræður um hlutverk RÚV á auglýsingamarkaði, sívaxandi notkun samfélagsmiðla og annarra stafrænna miðla til markaðssamskipta og brotthvarf Fréttablaðsins, Hringbrautar og N4 gefur til kynna að fjölmiðlar eigi á brattann að sækja í samkeppni um markaðsfé auglýsenda á Íslandi. Umræður um hlutverk RÚV á auglýsingamarkaði hafa að mestu verið af pólitískum toga þar sem þingmenn og forsvarsmenn annarra fjölmiðla hafa tjáð sig og kosti og galla þess fyrirkomulags. Viðtækustu áhrifin munu samt eiga sér stað á meðal auglýsenda á markaði sem þurfa að grípa til ráðstafana í birtingaráætlunum sínum ef RÚV verður ekki lengur á meðal valkosta og þetta er hópur sem ekki hafði verið spurður álits á slíkum breytingum. Í þessu erindi verður farið yfir niðurstöður rannsóknar sem gerð var á meðal 100 markaðsstjóra umfangsmikilla auglýsenda á Íslandi. Markmið rannsóknarinnar var að fá fram viðhorf markaðsstjóra til fjarveru Fréttablaðsins af markaði, stöðu RÚV á auglýsingamarkaði og mikilvægi boðleiða í markaðssamskiptum með sérstakri áherslu á hlutverk samfélagsmiðla í auglýsingastarfi fyrirtækja. Svarhlutfall spurningakönnunarinnar var yfir 50%.Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að aðeins hluti birtingafé mun flytjast yfir á aðrar innlendar sjónvarpsstöðvar og mun enn meira markaðsfé fara á erlenda miðla á borð við Meta og Google. Mikill meirihluti auglýsenda notar RÚV til auglýsingabirtinga og er RÚV mikilvægur þáttur í markaðsstarfi fyrirtækja. Einnig gefa niðurstöður til kynna að framleiðsla kvikmyndaðra auglýsinga muni dragast saman, með tilheyrandi áhrifum á íslensk framleiðslufyrirtæki.

## Skilvirkara nám til stúdentsprófs? Reynsla háskólanema og háskólakennara af styttingu námstímans úr fjórum árum í þrjú

Guðrún Ragnarsdóttir, Valgerður S. Bjarnadóttir, María Jónasdóttir

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Þær umfangsmiklu námsskrárbreytingar sem gerðar voru á framhaldsskólastiginu á árunum 2008—2015 eiga rætur sínar að rekja til hugmynda um kosti dreifstýringar, alþjóðlegs samanburðar og aukinnar skilvirkni í menntakerfinu. Öllum framhaldsskólum var gert að endurskoða eigin skólanámskrár og í kjölfarið kom tilskipun um að stytta námsleiðir til stúdentsprófs um eitt ár. Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á sjónarhorn nemenda og kennara í Háskóla Íslands á undirbúningshlutverk framhaldsskólans fyrir nám á háskólastigi í ljósi styttri námstíma til stúdentsprófs. Greinin byggir á viðtalsgögnum frá tíu háskólanemum sem brautskráðust frá ólíkum framhaldsskólum úr þriggja ára kerfinu og 16 háskólakennurum. Niðurstöðurnar gefa til kynna að röskun hafi orðið á jafnvæginu á milli breiddar stúdentsprófsins, sérhæfingu þess og valfrelsi nemenda samfara niðurskurði og þéttingu námsins. Þá draga þær fram ákveðna togstreitu milli annars vegar undirbúningshlutverks framhaldsskóla fyrir nám á háskólastigi og hins vegar hugmynda um valfrelsi nemenda. Viðmælendur veltu fyrir sér hvort stúdentsprófið veitti sama undirbúning og áður. Bæði nemendur og einstaka kennarar ræddu gildi og virði stúdentsprófsins og háskólakennarar af verk- og raunvísindasviði höfðu áhyggjur af auknum skólamun í kjölfar styttingarinnar. Niðurstöðurnar vekja upp áleitnar spurningar um félagslegt réttlæti og það hvort allir framhaldsskólar geti veitt nemendum jöfn tækifæri til áframhaldandi náms á háskólastigi. Þá draga þær fram þversagnakennda mynd af undirbúningshlutverki framhaldsskólans fyrir nám á háskólastigi annars vegar og hugmynda um valfrelsi nemenda hins vegar. Einnig eru þær innlegg í áframhaldandi umræðu um og rannsóknir á styttingu námstíma til stúdentsprófs.

# Framhaldsskólaval á höfuðborgarsvæðinu: Félagsleg lagskipting og stigveldi skóla og náms

Kristjana Stella Blöndal[1], Elsa Eiríksdóttir[2], Guðrún Ragnarsdóttir[3]

[1] Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild, Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
[2] Deild faggreinakennslu, Menntavísindasvið Háskóla Íslands
[3] Deild kennslu- og menntunarfræði, Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Menntastefna á Íslandi leggur áherslu á samfellu á milli skólastiga, jafnrétti til náms og inngildingu. Þrátt fyrir það setja framhaldsskólar sér stefnu um inntöku og velja sér nemendur nánast eingöngu á grundvelli árangurs í völdum bóknámsgreinum. Markmið rannsóknarinnar er að kortleggja hvernig skóla- og námsleiðaval endurskapar félagslega lagskiptingu og viðheldur þannig mismunun í íslensku samfélagi. Val eins árgangs nemenda á höfuðborgarsvæðinu (fæddum 1999; N = 1.956 eða 82% af þýði) á skóla og námsleið var greint á grundvelli félags- og efnahagslegs bakgrunns, námsgengi við lok grunnskóla og væntinga þeirra um áframhaldandi skólagöngu. Einnig voru sömu þættir skoðaðir eftir því hvort nemendur fóru í bóknám eða starfsnám en þá einungis innan þeirra skóla sem bjóða bæði upp á bók- og starfsnám. Niðurstöðurnar sýna skýrt mynstur skóla- og námsleiðavals þar sem nemendur eru valdir inn í suma framhaldsskóla og inn á ákveðnar námsleiðir út frá góðum námsárangri í völdum bóklegum greinum. Þessir nemendur hafa gjarnan sterka félags- og efnahagslega stöðu í þjóðfélaginu og stefna á frekara nám á háskólastigi. Framhaldsskólar sem bjóða upp á starfsnám eru ekki á meðal þessara skóla, en þó má sjá skýra lagskiptingu út frá sömu þáttum innan þeirra. Nemendur á bóknámsbrautum innan þessara framhaldsskóla eru í sterkari félags- og efnahagslegri stöðu en starfsnámsnemendur. Niðurstöðurnar sýna því skýrt stigveldi framhaldsskóla og námsleiða þar sem félagslegri lagskiptingu er viðhaldið af inntökukerfi sem í reynd stangast á við yfirlýst markmið íslenskra menntayfirvalda um jafnrétti til náms og inngildingu.

## Samsetning nemendahópsins í starfsnámi á Íslandi: Áhrif kerfisbreytinga, reglugerða og þjóðfélagsbreytinga

Sæberg Sigurðsson, Elsa Eiríksdóttir

Deild faggreinakennslu, Menntavísindasvið HÍ

Talsverð umræða hefur verið um stöðu starfsnáms á síðustu árum, meðal annars vegna þess að stórir hópar eldri nemenda hafa ekki fengið skólapláss vegna forgangs yngri nemenda að náminu. Einnig má nefna nýlegar hugmyndir mennta- og barnamálaráðuneytis um sameiningu rótgróinna framhaldsskóla þar sem spáð er fyrir um breytt námsval ungra nemenda á komandi árum og áratugum með aukinni aðsókn í starfsnám á kostnað bóknáms. Í þessu erindi verður skoðað hvaða áhrif kerfisbreytingar síðasta áratugar, reglugerðir og þjóðfélagsbreytingar hafa haft á samsetningu nemendahópsins í starfsnámi og hvers sé að vænta á næstu árum. Í erindinu verða kynntar niðurstöður tölfræðilegrar greiningar sem unnin er sem hluti af doktorsrannsókn. Fyrstu niðurstöður sýna að aukin aðsókn í starfsnám virðist ekki vera á kostnað bóknáms og að aðsókn kvenna í starfsnám hefur minnkað jafnt og þétt síðasta áratuginn. Þróun aðsóknar í starfsnám er líka mismunandi eftir starfsgreinum og sveiflur í efnahagslífi virðast þar hafa mikil áhrif. Fjöldi starfsnámsplássa hefur ekki haldist í hendur við aukna eftirspurn eftir námi og því hefur samsetningin nemendahópsins verið að breytast þar sem yngri nemendum fjölgar á kostnað þeirra eldri. Niðurstöður verða ræddar í samhengi við stefnumótun menntayfirvalda varðandi starfsnám.

# Áhrif styttingar námstíma stúdentsprófsbrauta á inntak brautanna og undirbúning nemenda fyrir nám á háskólastigi.

María Jónasdóttir, Elsa Eiríksdóttir, Guðrún Ragnarsdóttir

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Árið 2014 ákváðu stjórnvöld að stytta allar stúdentsprófsbrautir íslenskra framhaldskóla úr fjórum árum í þrjú. Það kom í hlut framhaldskólanna sjálfra að ákveða hvernig styttingin skildi útfærð innan þeirra marka sem aðalnámskrá frá árinu 2011 veitti þeim. Fyrri námskrá innihélt nákvæmar áfangalýsingar og tilgreindi ákveðinn fjölda eininga fyrir hverja námsgrein sem öllum framhaldsskólum var gert að fylgja. Aðalnámskrá frá 2012 er hins vegar mun opnari og telur aðeins upp fimm námsgreinar og námsgreinaflokka þvert á stúdentsprófsbrautir. Hingað til hefur ekki verið til yfirlit yfir það hvernig styttingin fór fram og áhrif hennar á inntak stúdentsprófsbrautanna er að miklu leyti óþekkt. Í erindinu verða kynntar niðurstöður úr grein um áhrifum styttri námstíma til stúdentsprófs innan Háskóla Íslands. Tekin voru viðtöl við reynda háskólakennara um þeirra upplifun á undirbúningi nemenda fyrir nám á háskólastigi í kjölfar styttingarinnar og hvort einhverjar aðgerðir væru fyrirhugaðar á þeirra sviðum til að takast á við breyttan undirbúning nemenda. Niðurstöðurnar benda til þess að styttingin hafi haft áhrif innan háskólastigsins, sérstaklega innan greina sem krefjast beins undirbúnings úr framhaldsskóla, t.d. raungreina og tungumála. Í erindinu verður einnig gerð grein fyrir fyrstu niðurstöðum úr rannsókn á áhrifum styttingarinnar á inntak núgildandi stúdentsprófsbrauta. Inntak núgildandi stúdentsprófsbrauta var kortlagt, fjöldi eininga í einstaka greinaflokkum taldar og kortlagningin borin saman við áðurgildandi stúdentsprófsbrautir. Niðurstöður greiningarinnar benda eindregið til þess að brautirnar hafi verið styttar á mismunandi vegu og að munurinn á því hvernig einstaka stúdentsprófsbrautir undirbúa framhaldsskólanemendur fyrir nám á háskólastigi hafi aukist.

## Innleiðing á Kaizen í hugbúnaðarþróunardeild LS Retail

Jónatan Þór Halldórsson, Eðvald Möller

Viðskiptafræðideild

Í heimi straumlínustjórnunar er hugtakið Kaizen vel þekkt og hefur náð fótfestu víða í atvinnulífinu. Kaizen er aldargamalt japanskt hugtak og hugmyndafræði þar sem áhersla á stöðugar umbætur getur komið í veg fyrir að fyrirtæki staðni. Kaizen er lífsspeki og lífstíll sem þarf að verða að menningu innan fyrirtækisins til að ná fram markmiðum sínum.Markmiðið með þessari rannsókn var að fá innsýn í upplifun starfsfólks þróunardeildar LS Retail af verkefnastjórnun og skoða hvort hún endurspegli innleiðingu Kaizen sem átti sér stað fyrir tveimur árum. Samhliða var markmið rannsóknarinnar að sjá hvort greina mætti tilvist Kaizen menningar innan deildarinnar og hvort sterk Agile hefð geti auðveldað innleiðingu á Kaizen. Rannsóknin var unnin eftir eigindlegri aðferðafræði þar sem stuðst var við hálfopin viðtöl við 12 viðmælendur úr þremur teymum.Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru þær að upplifun starfsmanna af verkefnastjórnun innan þróunarteymanna endurspeglar innleiðinguna á Kaizen og því má segja að Kaizen hafi náð að festa rætur innan deildarinnar. Greina má að innan þróunardeildarinnar sé í gildi Kaizen menning en það endurspeglast í viðhorfi viðmælenda á mikilvægi stöðugra umbóta, stöðlunar og vilja til að leita að skilvirkari og áhrifaríkari leiðum til að skila af sér meiri gæðum til viðskiptavinarins. Niðurstöður sýna að sterk Agile hefð hafi auðveldað innleiðingu á Kaizen inn í teymi þróunardeildarinnar. Jafnframt að ef innleiða á Kaizen sé mikilvægt að flæði og miðlun upplýsinga til teyma sé í föstum skorðum og að dreifing á þekkingu innan teymanna sem og hvatning og efling starfsmanna sé í hávegum höfð.

## Innleiðing rekjanleika á ígræði á Landspítala

Helga Helgadóttir, Eðvald Möller

Viðskiptafræðideild

Evrópureglugerð (EU) 2017/745 um meðferð lækningatækja hefur verið staðfest frá Alþingi Íslendinga. Þar er meðal annars gerð krafa um fullan rekjanleika á ígræði frá framleiðanda þar til það er notað í sjúkling. Ígræði er íhlutur sem notaður er í aðgerð og skilinn eftir í líkamanum til lengri eða skemmri tíma. Til að tryggja rekjanleika var nauðsynlegt að endurskoða heildarferilinn, einfalda hann og fyrirbyggja mistök eins og kostur er. Lean aðferðafræðin, sem hefur verið innleidd í verkefnastjórnun á Landspítalanum, hefur það leiðarstef að einfalda ferla, útrýma sóun og að gera hlutina rétt í upphafi. Leitast var við að svara rannsóknarspurningunni: „Hvernig nýtast verkfæri Lean aðferðafræðinnar við innleiðingu á rekjanleika á ígræði á Landspítala?".Rannsóknin er rauntímarannsókn (e. case study) þar sem ferli rekjanleika á ígræði er rýnt og leitað leiða til að einfalda ferlið. Viðtöl voru tekin við 20 manns sem vinna þá verkþætti sem innleiðingin nær til. Viðtölin voru óformleg og opin (e. open-end) í formi samtala. Gagna var að auki aflað í ganagrunni LSHNiðurstöður benda til þess að Lean aðferðafræðin henti vel í verkefni eins og því sem hér var til rannsóknar. Samkvæmt Lean voru ferlar kortlagðir og framsetning gagna gerð einföld og sjónræn. Þegar rýnt var í ferla kom í ljós að hægt var að stytta þá, einfalda og gera skilvirkari, útrýma sóun og hámarka þannig virðið. Af rannsókninni má draga þann lærdóm að með rýni og samtali við starfsfólk megi beita aðferðafræðinni á fleiri ferla innan Landspítala.

# Hefur vottun verkefnastjóra áhrif á árangur verkefna?

Marta María Skúladóttir, Eðvald Möller

Viðskiptafræðideild

Verkefnastjórnun er nýleg fræðigrein sem blómstrað hefur á síðustu áratugum og hefur verið kennd á háskólastigi í á þriðja áratug á Íslandi.Miklar breytingar hafa orðið á atvinnulífinu í kölfar fjórðu iðnbyltingarinnar. Breytt starfsumhverfi felur í sér flóknari og meira krefjandi verkefni. Verkefnastjórnun verður því sífellt mikilvægara hjálpartæki í heimi á hraðferð og segja má að honum sé fátt óviðkomandi. Því er áhugavert að kanna stöðu íslenskra verkefnastjóra. Hefur það nám sem þeir hafa lagt að baki og þær alþjóðlegu vottanir sem þeir hafa hlotið skipt máli þegar kemur að því að ná árangri í verkefnum?Rannsakendur leituðu svara við spurningum um hvort vottun verkefnisstjóra hafi áhrif á árangur verkefnis, hvort þau heppnast eða hvort þau misheppnast. Til að svara rannsóknarspurningunni var framkvæmd megindleg rannsókn.Svörin við rannsóknarspurningunni voru dregin fram með megindlegri rannsóknaraðferð. Notaður var spurningalisti þar sem skoðanir eða viðhorf þýðis voru greind með tölfræðiúrvinnslu gagna. Úrtakið var 435 starfandi verkefnastjórar og var svarhlutfall ríflega 40% hjá 300 stærstu fyrirtækjum og stofnunum. Spurningalistinn í rannsókninni skoðaði stærð verkefna, hvort verkefni væru árangursrík eða misheppnuð og hvað verkefnastjórar teldu vera helstu áhrifaþætti í verkefnum. Niðurstöður voru skoðaðar með tilliti til menntunar, vottunar og starfsreynslu verkefnastjóra. Niðurstöður voru bornar saman við sambærilega rannsókn framkvæmda í Suður-Afríku.Niðurstöður sýna að engin fylgni er milli vottaðra verkefnastjóra og þess að verkefni teljist árangursrík það að verkefnastjórar hafi vottun hafi engin áhrif á árangur í verkefnum miðað við verkefnastjóra sem ekki voru með vottun. Starfsreynsla skipti þar mestu máli, sem og aðrir þættir.

## Mikilvægi stjórnarhátta í verkefnum

Bryndís Pjetursdóttir, Eðvald Möller

Viðskiptafræðideild

Verkefnavæðing, verkefnamiðað skipulag og stjórnarhættir verkefna eru vinsæl hugtök sem sífellt meiri áhersla er lögð á. Með tímanum hefur verkefnastjórnun þróast frá hefðbundinni hagnýtri nálgun yfir í kraftmeira hugtak sem kallast verkefnavæðing, þar sem ýmsir þættir í rekstri fyrirtækja eru meðhöndlaðir sem verkefni. Þróunin hefur leitt til aukins skilnings og skilvirkni greinarinnar sem hefur kallað á bætt skipulag og stjórnarhætti í verkefnum. Í sífellt flóknara starfsumhverfi fyrirtækja eru þessi hugtök mikilvæg til að ná betri árangri við stýringu verkefna og innleiðingu breytinga. Markmið rannsóknar var að rannsaka hvernig skipulag verkefna fer fram í fyrirtækjum en tekin voru viðtöl við níu viðmælendur í fyrirtækjum sem leggja áherslu á verkefnastjórnun eða verkefnamiðað skipulag til að svara rannsóknarspurningunni „Hefur skipulagning verkefna áhrif á innleiðingu stefna?".Niðurstöður bentu til þess að verkefnavæðing hafi leitt til aukinnar áherslu á verkefni og verkefnamiðað skipulag sem hefur aukið mikilvægi skilvirkrar verkefnastjórnunar. Í slíku skipulagi vinna teymi þverfaglega, deila auðlindum, þekkingu og brjóta niður síló. Verkefni eru ekki lengur einangruð innan deilda heldur er lögð áhersla á val verkefna sem samsvara stefnuáherslum fyrirtækisins og aðra stjórnarhætti í verkefnum. Verkefnastjórnun mun því áfram gegna lykilhlutverki í velgengni fyrirtækja sem felst ekki eingöngu í skipulagningu, framkvæmd og eftirliti verkefna til að tryggja að þeim sé lokið á skilvirkan hátt, innan umfangs, á réttum tíma og innan fjárhagsáætlunar. Áhersla þarf einnig að vera á stjórnarhætti í verkefnum, hvernig skipulagi er háttað, til þess að innleiðing stefnuáherslna fyrirtækja sé skilvirk.

## Er verra að vinna meira en makinn?

Anna Guðrún Ragnarsdóttir, Tinna Laufey Ásgeirsdóttir

Háskóli Íslands, hagfræðideild

Mikill munur er á fjölda vinnustunda karla og kvenna og er það talinn mikilvægur þáttur í kynbundnum ójöfnuði og ein meginorsök kynbundins launamunar. Ástæður þess að konur vinna færri stundir en karlar eru breytilegar eftir löndum en í þessari rannsókn er ástralska gagnasafnið HILDA (e. Household, Income and Labour Dynamics in Australia) nýtt og aðferðum með föstum einstaklingsáhrifum (e. individual fixed effects) beitt til að kanna hvort, og þá af hverju, einstaklingar sem vinna meira en maki sinn séu að meðaltali með lægri lífsánægju en aðrir. Niðurstöðurnar gefa til kynna að lífsánægja karla tengist því ekki hvort þeir vinni meira en makinn. Lífsánægja kvenna sem vinna meira en makinn er hins vegar að jafnaði lægri en kvenna sem vinna minna eða jafnmikið og makinn. Rannsóknin bendir til þess að niðurstöðuna megi ekki rekja til annarrar vaktarinnar (heimilisverka) né þess að konur sem vinna meira en makinn falli ekki að samfélagslegu normi. Sé litið til þess hvort einstaklingar eigi börn eða ekki, benda niðurstöður til þess að bæði mæður og feður séu að meðaltali óánægðari þegar þau vinna meira en makinn en geta þau dregið úr þeim neikvæðu áhrifum með því að eyða meiri tíma í heimilisverk og umönnun barna. Sé áhugi á að draga úr kynbundnum mun á vinnustundum er nauðsynlegt að kanna betur ástæður þess að konur sem vinna meira en makinn mælast með lægri lífsánægju.

# Næmni tekna í tekjuuppbótaraðferðum: Samanburðarrannsókn á mismunandi leiðum til verðmats heilsu

Viktor Andri Kárason, Tinna Laufey Ásgeirsdóttir

Háskóli Íslands - Félagsvísindasvið - Hagfræðideild

Að meta peningalegt virði almennrar heilsu eða lífsgæðaleiðréttra lífára (QALY) felur í sér verulegar áskoranir. Árið 2018 voru birtar tvær vísindagreinar sem notuðu HILDA (Household, Income and Labour Dynamics in Australia) gögn til þess verðmeta heilsu (byggða á SF-6D skalanum) með tekjuuppbótaraðferð. Þrátt fyrir að höfundar greinanna hafi notað sömu gögn til þess að verðmeta heilsu þá voru niðurstöðurnar gjörólíkar.Stærsti aðferðafræðilegi munurinn á milli greinanna var hvernig hvernig þeir heimilistekjur voru notaðar til þess að finna skiptivirði heilsu og tekna. Í annari greininni voru fjárhagslegir skellir notaðir sem hjálparbreyta til að mæla heimilistekjur og í hinni var fjárhagslegur bati notaður í stað samfelldrar tekjubreytu. Annar munur er sá að önnur greinin skoðaði heil QALY en hin skoðaði mismunandi breytingar á heilsufari.Verðmat rannsóknanna var á bilinu A$42.000 til A$ 67.000 fyrir heil QALY samkvæmt einni nálgun og frá A$39,000 fyrir 4\% hnignunar heilsu til A$ 162.000 fyrir 10% hnignun samkvæmt hinni. Við rannsökum þennan mun og reynum að útskýra þessar niðurstöður sem virðast ósamræmanlegar með því að (a) endurgera báðar greinar, til þess notum við HILDA gagnasafnið og aðferðir eins og lýst er í hvorri grein fyrir sig og (b) endurmetum síðan lykilgreiningar úr hvorri grein, en notum aðferðafræðilegar nálganir á tekjum úr gagnstæðri grein. Niðurstöður sýna að meirihluta mismunarins í þessum greinum má skýra með mismunandi meðferð tekna í matinu.

## Eru stærri fjölskyldur ríkari en við héldum?

Guðrún Svavarsdóttir

Hagfræðideild

Til þess að hægt sé að bera saman tekjur misstórra heimila á merkingarbæran hátt þarf að hafa í huga að það er sparnaður í því að búa með öðrum. Jafngildiskvarðar (e. equivalence scales) eru jafnan notaðir til þess að leiðrétta tekjur fyrir stærðarhagkvæmni heimila. Hugmyndin er að heimilistekjum sé ekki deilt jafnt á fjölda fólks á heimili, heldur að hver auka fjölskyldumeðlimur hafi vissa vigt eftir því hvaða kvarði er notaður. Kvarðarnir sem eru oftast notaðir eru OECD-kvarðinn og kvaðratrótarkvarðinn. Kosturinn við þessa kvarða er að ekki þarf meiri upplýsingar en heimilistekjur auk fjölda og aldur heimilisfólks. Gallinn, hins vegar, er að það er ekki ljóst að þær vigtir sem heimilisfólki eru gefnar endurspegli raunverulega stærðarhagkvæmni heimila. Markmið rannsóknarinnar er að meta nýja jafngildiskvarða með því að nota huglægt mat fólks á því hverjar lágmarkstekjur þess þurfi að vera til að það nái endum saman. Evrópsk gögn eru notuð til að meta hversu mikið lágmarkstekjur heimila þurfa að hækka þegar heimilisfólki fjölgar. Í kjölfarið eru huglægir jafngildiskvarðar leiddir út. Til þess að sýna mikilvægi jafngildiskvarðanna er sýnt hvernig hagfræðilegir mælikvarðar breytast eftir vali á jafngildiskvarða. Niðurstöðurnar sýna að hefðbundnu jafngildiskvarðarnir vanmeta stærðarhagkvæmni samanborið við huglægu jafngildiskvarðana með þeim afleiðingum að jafngildar tekjur heimila í Evrópu hækka. Enn fremur er ójöfnuður meiri en fátækt minni ef þessir nýju kvarðar eru notaðir.

## Lífsánægja og líkamsþyngdarstuðull í Ástralíu: Skipta félagsleg viðmið máli?

Kristjana Baldursdóttir, Tnna Laufey Ásgeirsdóttir

Hagfræðideild

Félagsleg viðmið og frávik frá þeim gegna mikilvægu hlutverki í mótun viðhorfa einstaklinga til ýmissa hluta til dæmis líkamsþyngdar. Markmið þessarar rannsóknar er að spá fyrir um félagsleg viðmið (e. social norms) líkamsþyngdarstuðuls og áhrif frávika frá þeim á lífsánægju einstaklinga og hjóna. Greiningin byggir á gögnum frá Household, Income and Labour Dynamics in Australia (HILDA) sem safnað var á árunum 2001 til 2021. Notuð eru tölfræðileg líkön í tveimur þrepum: í fyrra þrepinu eru spágildi líkamsþyngdarstuðuls, fundin með hefðbundinni aðfallsgreiningu (e. ordinary least squares), notuð sem ígildi félagslegra viðmiða og áhrif þátta eins og menntunar, samfélagsstöðu og tekjustigs metin. Seinna þrepið notar aðfallsgreiningu með slembiáhrifum (e. random effects) til að mæla áhrif félagslegra viðmiða og frávika frá þeim á lífsánægju. Niðurstöður sýna að ýmsir samfélagslegir þættir hafa marktæk áhrif á félagsleg viðmið líkamsþyngdarstuðuls sem til dæmis lækka með hækkandi tekjum fyrir konur meðan því er öfugt farið fyrir karla. Lífsánægja einstaklinga er hæst þegar líkamsþyngdarstuðull er jafn félagslegum viðmiðum þeirra. Það dregur óverulega úr lífsánægju kvenna þótt líkamþyngdarstuðull þeirra sé aðeins lægri en félagsleg viðmið, en það á ekki við um karla. Það að líkamsþyngdarstuðull maka sé yfir félagslegum viðmiðum hefur meiri áhrif á lífsánægju karla en kvenna.Að víkja frá félagslegum viðmiðum getur haft bæði jákvæðar og neikvæðar afleiðingar, allt eftir sjónarhorni og samfélagslegu samhengi. Mikilvægt er að varpa skýrara ljósi á það flókna samspil sem er milli líkamsþyngdarstuðuls, félagslegra viðmiða og frávika frá þeim. Slíkar upplýsingar geta reynst verðmætar við stefnumótun innan heilbrigðiskerfisins.

## The effect of having a child with a disability on repartnering

Hjördís Harðardóttir[1], Tinna Laufey Ásgeirsdóttir[2], Johan Jarl[3]

[1] Háskóli Íslands; Hagstofa Íslands
[2] Háskóli Íslands
[3] Lund University

We investigate the impact of having a child with a disability on repartnering of parents. While previous literature has explored the effects of disabilities in children on family dissolution, research on the impact on repartnering has been limited. Particularly little is known about gender differences in repartnering as fathers have not been a focus of previous studies. Our analysis is based on comprehensive data that includes all children diagnosed with cerebral palsy (CP) in Sweden between 1991 and 2014 and their parents, along with a control group consisting of children that have not been diagnosed with CP and their parents. We use survival analysis to study differences in the occurrence of repartnering between single parents of children diagnosed with CP and the control group. Our findings suggest that single mothers with children diagnosed with CP are 16% less likely to repartner than those with children who have not been diagnosed with CP. Repartnering appears unaffected for single fathers. These gendered results indicate that having a child with a disability has a greater impact on the life of single mothers than single fathers. Policymakers can use this information to develop support programs that meet the unique needs of single parents with disabled children, particularly mothers who are often the primary caregivers.

## Samskipti stjórnmálafólks og almennings á samfélagsmiðlum

Jón Gunnar Ólafsson

Stjórnmálafræðideild - Háskóli Íslands

Þegar samfélagsmiðlar voru ennþá tiltölulega nýtt fyrirbæri var iðulega fjallað um þá á jákvæðum nótum. Eitt af því sem var rætt um var að miðlarnir gætu aukið samskipti milli fólks og tengt það betur saman. Hvað varðar stjórnmálaumræðu var bent á að samfélagsmiðlar gætu stuðlað að meiri samskiptum milli kjörinna fulltrúa og almennings og þar með mögulega aukið samtal um mikilvæg málefni á sviði stjórnmálanna. Í framhaldi af þessari umræðu hafa rannsóknarniðurstöður hins vegar sýnt fram á frekar lítil samskipti milli valdhafa og almennings á samfélagsmiðlum. Takmarkanir fyrirliggjandi rannsókna snúa meðal annars að því að þær hafa flestar verið framkvæmdar í stórum löndum eins og Bandaríkjunum og Bretlandi þar sem fjarlægð milli valdafólks og almennings er oft mikil. Í þessari rannsókn er kastljósinu beint að samskiptum milli stjórnmálafólks og almennings á Íslandi. Notast er við 25 hálfstöðluð viðtöl við stjórnmálafólk og könnun meðal almennings (N = 1264). Það er fróðlegt að skoða þessi samskipti í litlu ríki eins og Íslandi þar sem boðleiðir eru styttri en í stærri ríkjum. Auk þess er Ísland áhugavert tilvik (e. case) þar sem samfélagsmiðlanotkun er mjög mikil hér í alþjóðlegum samanburði. Niðurstöður sýna fram á töluverðan eðlismun á samskiptum milli stjórnmálafólks og almennings á Íslandi í samanburði við stærri ríki. Samskiptin fara fram á „ opinberu“ svæði á samfélagsmiðlum en einnig í rýmum sem eru lokaðri eins og á Facebook Messenger. Nauðsynlegt er að skilja mismunandi hliðar þessara samskipta til að átta sig á mikilvægu hlutverki samfélagsmiðla á stjórnmálasviðinu á Íslandi.

## Ungir kjósendur. Er þeim treystandi fyrir lýðræðinu?


**Hulda Þórisdóttir**

Stjórnmálafræðideild



Þessi rannsókn notar gögn úr Íslensku kosningarannsókninni (ÍSKOS) til þess að leggja mat á stjórnmálaþátttöku og lýðræðisviðhorf ungs fólks. Þó tilhneiging sé til þess að skýra lakari og minnkandi kjörsókn ungmenna með sinnuleysi og tortryggni í garð stjórnmálakerfisins er því haldið fram hér að seinkun fullorðinsára og veikari tengsl við stjórnmálaflokka séu mun líklegri skýringar. Þrátt fyrir minni kjörsókn meðal ungs fólks en þeirra sem eldri eru þá er hún tiltölulega há í alþjóðlegum samanburði. Þá sýna íslensk ungmenni viðhorf til samræmis við frjálslynt lýðræði og bera traust til lýðræðis og stjórnmálakerfisins. Niðurstöður benda til þess að í ljósi minnkandi flokkshollustu, flókins flokkalandslags og mikillar samkeppni um athygli ungs fólks, sé mikilvægt að auðvelda ungum kjósendum fyrstu skrefin sem kjósendur. Sérstaklega ætti að huga að ungu fólki af erlendum uppruna og þeim sem ekki eru í námi.Efling lýðræðisvitundar og þátttöku krefst samvinnu stjórnmálaflokka, menntakerfis, almennra fjölmiðla og heimila. Stjórnmálaflokkar verða að taka á málefnum ungs fólks og velja frambjóðendur sem tengjast þeim, en borgaraleg fræðsla og vefsíður sem hjálpa fólki að staðsetja sig gagnvart flokkunum gegna einnig hlutverki. Auðveldara aðgengi að kjörstöðum gæti einnig aukið kjörsókn, þó óvíst sé um langtímaáhrif þess. Að lokum ættu aðferðir til að stuðla að pólitískri þátttöku ungmenna að fela í sér að rætt sé við ungt fólk en ekki bara um það.

# Gagnsæi á tímum óvissu: Upplýsingamiðlun íslenskra og bandarískra stjórnvalda í fyrstu bylgju Kóvid-19

Reynir Bragi Ragnarsson[1], Eva H. Önnudóttir[2], Jón Gunnar Ólafsson[3]

[1] Utanríkissþjónusta Íslands
[2] Háskóli Íslands
[3] Háskóli Íslands

Í fyrstu bylgju Kóvid-19 faraldursins árið 2020, tóku nær allar vestrænar þjóðir upp einhvers konar stefnu í að miðla upplýsingum til almennings um faraldurinn og viðbrögð við honum. Í þessari grein berum við saman og greinum upplýsingamiðlun íslenskra og bandarískra stjórnvalda í fyrstu bylgju Kóvid-19 (frá febrúar árið 2020 til lok maí). Bornir eru saman valdir upplýsingafundir Almannavarna á Ísland við blaðamannafundi Hvíta hússins í Bandaríkjunum frá janúar til loka maí, eða alla fimmtán talsins frá hvoru ríki fyrir sig. Við beitum textagreiningu þar sem við berum við saman trúverðugleika, gagnsæi og skýrleika upplýsingamiðlunar um faraldurinn sem og aðkomu mismunandi hagsmunaaðila að upplýsingamiðluninni og hvort að rangar og misvísandi upplýsingar væru leiðréttar. Fyrstu niðurstöður sýna meðal annars að til að byrja með var upplýsingamiðlunin nokkuð gagnsæ, skýr og nákvæm í báðum ríkjum, en þegar á leið urðu skilaboð bandarískra stjórnvalda óskýrari, minna nákvæm, minna gagnsæ, á meðan að mun meira samræmi var upplýsingamiðlun Almannavarna heilt yfir. Jafnframt benda fyrstu niðurstöður til þess að röngum og misvísandi upplýsingum var vísað frá með mun meira afgerandi hætti á Íslandi heldur en gert var í Bandaríkjunum.

## Sátt í sjávarútvegi?

**Þórólfur Geir Matthíasson**

Hagfræðideild

Kvótakerfið Íslenska var samþykkt sem bráðabirgðarráðstöfun á nokkrum fundum milli jóla og nýjárs árið 1983. Útlínur kerfisins komu frá hagsmunaaðilum á Fiskiþingi. Andstaða meðal þingmanna var talsverð, þó létu nægjanlega margir sig hafa það að greiða málinu atkvæði, jafnvel gegn eigin sannfæringu („…ég treysti mér ekki til að mæla með annarri leið hér á Alþingi en þeiri, sem hagsmunaaðilar sjávarútvegsins vilja fara, þó ég sjálfur hefði kosið að öðruvísi yrði staðið að málum", Halldór Blöndal í 2. umræðu um málið). Heildarúttekt á áhrifum kerfisins á félagslegt jafnvægi og efnahagslega afkomu ólíkra aðila var ekki gerð, enda um bráðabirgðarráðstöfun að ræða. Engar heildarúttektir á félagslegu áhrifum kerfisins (e. social impact analysis).Til samanburðar má nefna að tekjustreymi tengt norska olíuauðnum rennur til landsmanna allra, ekki jafnt, en samkvæmt reglum sem meirihlutinn sættir sig við. Á það sama við um tekjustreymi frá íslensku sjávarauðlindinni? Umræða um og viðbrögð við samþjöppun í greininni bendir til að almenningur óttist að regluverkið hygli litlum hópi útvalinna einstaklinga, bæði hvað varðar ráðstöfunarrétt auðlindarinnar og tekjustreymi henni tengt.

## Landings control in ITQ fisheries; misreporting of catch in the Icelandic fisheries

Birgir Þór Runólfsson, Daði Már Kristófersson

Hagfræðideild/Háskóli Íslands

For any system of fisheries management an accurate measure of landings is essential. In Iceland fisheries management builds on Individual transferable quotas (ITQs) and all catch is weighed on officially approved scales at landing and recorded by certified persons. Emphasis in recent times on improving quality of landings, where fishing vessels use ice to chill the catch, complicates the weighing of landings and the gross weights must be adjusted. Many fish buyers have permission to reweigh the fish they buy, to separate ice from fish and then report the net weight. This maintains the incentive for vessels to use ice. About half of all landings go through reweighing. Reweighing opens the opportunity of overreporting ice in the landings. The incentive would be high for integrated firms, who both harvest and process the catch. Although the Directorate of fisheries (DiF) monitors some reweighing, their ability to detect fraudulent reporting is limited. We present a case-control analysis of monitored reweighing of landings versus unmonitored reweighing of landings based on DiF data to estimate the extent of misreporting of ice in 2012-2022. Results indicate that there is much fraudulent reporting but limited to a small group of firms. Analysis of the effects of various factors, such as vessel type, location, fishing season, and integration level of firm, are presented and the effectiveness of initiatives to reduce the level of misreporting. The results have policy implications regarding how best to combat this problem while maintaining the incentive for to use ice for catch quality.

## Félagslegir töfrar – og hvernig þeim er ógnað af tæknilegri skynsemishyggju

**Viðar Halldórsson**

Háskóli Íslands

Inngangur: Félagslegum þáttum hversdagslífsins er sjaldan gefið það vægi sem þeir eiga skilið. Ein ástæða þess er órðæðni þess félagslega sem hefur ekki hlutlæga tilvist. Hið félagslega umhverfi hefur þó fjölbreytt áhrif á einstaklinga og hópa, í formi nokkurs konar ósýnilegs afls. Félagslegur veruleiki fólks getur þannig orðið útundan við umfangsmiklar breytingar á skipulagi og högum umhverfis þess. Í þessu erindi dreg ég fram mikilvægi félagslega samskipta fyrir einstaklinga og samfélag og þær ógnir sem þau standa frammi fyrir í samfélaginu.Efniviður: Erindið er byggt á greiningu á hugtaki sem ég kalla félagslega töfra (e. social magic). Ég set fram skilgreiningu á hugtakinu og færi rök fyrir mikilvægi félagslegra töfra fyrir einstaklinga og samfélag, sem og hvernig félagslegum töfrum hversdagslífsins er ógnað af tæknilegri skynsemishyggju. Niðurstöður: Samskipti fólks eru að færast í meiri mæli frá augliti-til-auglitis samskiptum (e. human-to-human interaction) til samskipta fólks við tæki og tól (e. human-to-machine interaction). Þessa þróun má til dæmis sjá í vaxandi áherslum til sjálfvirkni (e. automation), fjarvinnu, fjarnáms, heimsendinga, og streymislausna, svo dæmi séu tekin. Þó hver þessara þátta sé hugsaður með skilvirkni og þægindi að leiðarljósi þá hafa þeir ýmsar ótilætlaðar og óæskilegar afleiðingar þegar þeir safnast saman. Þeir grafa undan félagslegum tengslum fólks og veikja grunnstoðir nærsamfélagsins, ýta undir angist og firringu, draga úr félagsauði, auka skautun og ójöfnuð, og kvarna upp úr grunngildum nærsamfélagsins. Ályktanir: Erindið endurspeglar hvernig tæknilega skynsemisvæðingin dregur úr tækifærum fólks til að upplifa félagslega töfra, og dregur þar með úr heilbrigði einstakling og samfélags.

## Sociocultural Production of Top-level Iranian Wrestlers

Saeed Shamshirian, Vidar Halldorsson

University of Iceland

Sports performance is the collective product of place. Using Durkheim's concept of social facts, we argue that individuals' dispositions, attitudes, and thoughts on engaging in sports are marked by invisible social forces encompassing them at a given time and place. We further make use of Alexander's notion that the power of a culture, its efficiency and continuity, manifests itself in being acted upon and performed. To make our argument empirically applicable, we conducted a case study of internationally successful Iranian men's wrestlers. The study reveals how the success of Iranian wrestling is rooted in cultural foundations, social organizations, multiple cooperative networks, and a set of social relations that are collectively arranged and coordinated to create a strong sports tradition for delivering world-class wrestlers. It is within a given social, cultural, and organizational context that culture is performed through a series of collective performances and agency. Such successful cultural performances further reinforce the meaning of specific cultural practices, which link the past to the present and give rise to the cultural continuity of the given cultural practices for others to follow and sustain, resulting in a tradition of collective sport achievement.

# Dægurtónlistarmenning á Íslandi: „Þorpseinkennið“, kostir og gallar

**Arnar Eggert Thoroddsen**

Háskóli Íslands, félagsfræði

Erindið byggir á doktorsritgerð höfundar og leitast við að útskýra þá samfélagslegu krafta sem knýja heim íslenskra dægurtónlistarmanna. Kenningar Pierre Bourdieu um veruhátt og menningarframleiðslusviðið, rit Howard Becker um eðli listheima (Art Worlds) og rannsókn mannfræðingsins Ruth Finnegan á tónlistarlífinu í enska bænum Milton Keynes liggja til grundvallar rannsókninni. Aðferðafræði byggðist á hálfopnum viðtölum við 30 íslenska tónlistarmenn, etnógrafískri þátttökurannsókn, sögulegum heimildum auk reynslu höfundar og innsæis eftir um tuttugu ára starf sem tónlistarblaðamaður. Lagt var upp með grundaða (e. „grounded“) kenningu en rannsóknarspurning var þríþætt: a) af hverju þarftu að búa til tónlist?, b) koma henni á framfæri?, og c) á hvaða hátt spilar íslenskt samfélag inn í starfsemina? Niðurstöður ríma við þá staðreynd að Ísland er örsamfélag. Fimm grunnþemu komu í ljós, sum þeirra tengd almennu/alþjóðlegu hegðunarmynstri dægurtónlistarmanna á meðan önnur tengdust íslenskum raunveruleika einvörðungu. „Þorpseinkennið“ felur það í sér að boðskipti eru hröð og óformleg, talsvert er um tengsl á milli tónlistarmanna úr ólíkum geirum og mörk á milli atvinnumennsku og áhugamennsku eru óljós. Flestir viðmælendur lýstu þessari nálægð sem jákvæðri en nefndu einnig að hún ætti það til að vera kæfandi.

# Merking steinstyttnanna á Rapa Nui.

Sveinn Eggertsson

Félagsfræði, mannfræði og þjóðfræðideild

Í þessu erindi mun ég reyna að svara þeirri spurningu hvort nálgast megi merkingu Rapanui steinstyttnanna (moai) með því að greina þær út frá sjónarhóli mannfræði skynjunar. Kveikjan að greiningunni eru frásagnir sem ég heyrði í rannsóknarferð á eynni árið 2002 og síðan aftur í stuttri heimsókn 2018. Við greininguna hef ég stuðst við etnógrafíur rannsakenda fyrri tíma, Katherine Routledge og Alfred Metraux, skrif munksins Englerts, sem dvaldi á eynni um áratuga skeið auk þeirra heimilda sem ég hef sjálfur aflað. Það voru hátt í þúsund styttur gerðar á árabilinu 1250 til 1500 og þeim svipar flestum saman - þær eru gerðar samkvæmt ákveðinni forskrift. Greining mín beinist að því að ráða í þessa forskrift og svara spurningunni: Hvað voru eyjaskeggjar að tjá með formi styttnanna? Niðurstöður þessarar greiningar eru meðal annars þær að stytturnar vísa í skiptingu Rapanui fólksins í æðri og lægri stéttir. Sú skipting tengist aftur ólíkum áherslum í skynjun, sem endurspegla tengsl efri stéttarinnar við hið andlega og guðlega og lægri stéttarinnar við hið líkamlega og jarðbundna. Í samsetningu styttnanna koma þessir tveir áhersluþættir fram sem ein heild og þá um leið sem tákngervingar þess hags sem menn töldu vera af samvinnu stéttanna.

## Drivers in regional cooperation: “Nordic identity in Japan.”

Bryndís Ólafsdóttir, Erla Sólveig Kristjánsdóttir

Viðskiptafræðideild - Háskóli Íslands

Environmental conditions such as industry, technology, regulatory framework, and multiple stakeholders, serve as external drivers that ‘push’ organizations towards cooperation. At the political platform, external stakeholders can initiate or enable cooperative relations for strategic purposes, gaining collective competitive advantage by enhancing their joint position. Cooperative interrelations among organizations are well documented in various social science research, specifically in coopetition and branding literature, while less is known about external drivers. This includes regional stakeholders (i.e., Nordic Council of Ministers) that initiate joint branding policies in supranational branding initiatives and the corresponding experience of the intended beneficiaries. In this study we direct attention to the role of policy makers, culture, and shared group identity and explore the effect on home country institutional actors that cooperate at the regional macro level in a host country context (Japan). The methodology used is constructivist grounded theory approach, conducting and analyzing multiple in-depth interviews with Nordic institutional actors operating in embassies, chambers of commerce and other governmental or non-governmental organizations. We demonstrate how external drivers, emanating from historic-cultural legacy and supranational strategy, together with relation-specific drivers, from closeness and collective identity, push those actors to collaborate. Nevertheless, despite recognized cooperative interaction and opportunities from their unified brand, it does not appear to be fully capitalized, based on their fledgling joint initiatives. The findings indicate that while there are opportunities there is a need for higher-level institutional support, to enforce the policies and improve the collective competitive advantage.

## Nýsköpunararlandið Ísland: Vistkerfi frumkvöðla verður til

**Hannes Ottósson**

Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið, Viðskiptafræði

Vistkerfið frumkvöðla er sá jarðvegur sem frumkvöðlar, sprotar og nýsköpun vex úr og nær yfir allt umhverfi og alla þá aðila sem styðja við ferlið. Rannsóknir á vistkerfi nýsköpunar og frumkvöðla hafa vaxið hratt alþjóðlega á síðustu árum, en mjög takmarkaðar rannsóknir hafa farið fram á vistkerfinu hér á landi. Fræðimenn flokka slík vistkerfi venjulega upp í nokkrar víddir t.d; menningu, hugarfar, fjármagn, markaðsaðgengi, tengslanet, umgjörð og mannauð. Markmið þessarar rannsóknar er að svara spurningunni: Hvaða aðilar tilheyra vistkerfi frumkvöðla hér á landi og hvernig hefur það þróast frá síðustu aldamótum? Í þessum fyrsta áfanga stærri rannsóknar er vistkerfið kortlagt, aðgengileg gögn greind og niðurstöðum miðlað með einföldum hætti. Frumniðurstöður gefa til kynna að flestar víddir vistkerfis frumkvöðla hafi á síðustu árum þróast með afar hagfelldum hætti. Rannsóknin er fyrsti hluti stórrar rannsóknar á vistkerfi frumkvöðla. Nú þegar er höfundur í rannsóknarsamstarfi við Klak-Icelandic Startups og á í viðræðum við aðra aðila vistkefisins um metnaðarfullar rannsóknir á sviðinu. Fyrstu niðurstöður gefa til kynna að mikið tækifæri leynist í að rannsaka alla aðila vistkerfisins á heildrænan hátt með fjölbreyttri aðferðafræði. Slík rannsókn gæti skilað verðmætum hagnýtum og fræðilegum niðurstöðum innan lands og utan.

## Tengslanet í erlendum samfjármögnunarverkefnum: áhrif á vistkerfi nýsköpunar.

Guðjón Helgi Egilsson, Gunnar Óskarsson

Viðskiptafræðideild - Háskóli Íslands

Nýsköpun gegnir lykilhlutverki í framþróun fyrirtækja og samfélags, þar sem hún knýr áfram þróun nýrra vara og þjónustu, aðlögun vegna loftslagsbreytinga, sjálfbærni og nýsköpun tekur á þörfum í heilbrigðisþjónustu. Til að hvetja til nýsköpunar hafa stefnumarkandi aðilar, svo sem stjórnendur opinberra styrktarsjóða, lagt áherslu á samstarf yfir landamæri meðal styrkþega rannsóknar- og þróunarverkefna. Þessi rannsókn skoðar áhrif þessarar kröfu styrkveitanda á samstarf yfir landamæri, framvindu verkefna og vistkerfi nýsköpunar samanborið við styrki sem veittir eru fyrirtækjum án krafna um erlent samstarf. Í rannsókninni er notast við eigindlega aðferðafræði og viðtöl tekin við tólf þátttakendur sem hlutu styrki úr Tækniþróunarsjóði Íslands, þar af fengu sex styrki frá Eurostars og sex staðbundna styrki. Niðurstöður benda til þess að samstarf yfir landamæri bjóði upp á breiðari þekkingargrunn og leiði til skilvirkara tengslanets. Styrkþegar Eurostars þróuðu tengslanet sín á breiðari og skilvirkari grunni, efldu nýsköpunarhæfileika sína og stuðluðu að viðvarandi nýsköpun. Enn fremur nutu þátttakendur í vistkerfi nýsköpunar góðs af þeirri þekkingu sem aflað var og gæti það leitt til framfara erlendis. Rannsóknin hefur þó takmarkanir, þar sem hún byggir á viðtölum við aðeins 12 einstaklinga frá sama landi. Enn fremur geta styrkþegar Eurostars almennt haft meiri reynslu og þekkingu á styrkjakerfinu, sem gæti gert þá hæfari í að nota þekkingu samstarfsaðila. Á heildina litið veita þessar rannsóknir fyrst og fremst dýrmæta innsýn í samstarf yfir landamæri í nýsköpunarverkefnum.

## Umbætur í rekstri, hvernig skal meta?

**Einar Guðbjartsson**

Viðskiptafræðideild

Umbætur í rekstri tengjast öllum fyrirtækjum á einn eða annan hátt. En hvað er átt við með umbætur í rekstri? Umbætur í rekstri, þ.e. rekstrarhagræðing, snýst mikið um fjárhagslegar upphæðir er tengjast tekjum og/eða gjöldum. Hvernig endurspeglast rekstrarhagræðing í fjárhagsbókhaldinu? Rætt verður um mismun á framsetningu fjárhagsupplýsinga eftir því hvort sé um að ræða stjórnendabókhald eða fjárhagsbókhald. Tímalengd hefur hér mikil áhrif hvað varðar skilgreiningu á hugtakinu rekstrarhagræðing og framsetningu fjárhagsupplýsinga. Mikilvægt er að gera grein fyrir hvernig ákvörðunartaka vegna umbóta í rekstri endurspeglast í fjárhagslegum tölum. Oftar en ekki er notast við útreikninga er byggjast á núvirðisgreiningu þegar umbætur í rekstri er annars vegar. Árangur stjórnenda er hins vegar oftar en ekki dæmt eftir þeim fjárhagslegu upplýsingum er birtast í ársreikningi. Fjárhæðir í ársreikningum hafa ekki sama verðgildið, þó svo að fjárhæðirnar eru lagðar saman t.d. heildar eignir eða skuldir. Tölugildi fjárhæða í ársreikningum byggjast á mismunandi forsendum. Sem dæmi má nefna; kostnaðarverð, markaðsverð, gangvirði, núvirði, bókfært verð o.fl. Nauðsynlegt er fyrir ákvörðunarhafa að þekkja forsendur fjárhæða og áhrif þess á tölugildi í framtíðinn. Umbætur í rekstri, þ.e. rekstrarhagræðing, er mjög tengt tíma, þ.e. hversu langan tíma rekstrarhagræðingin á að taka, þ.e. áhrifin að koma fram. Stjórnendabókhald og fjárhagsbókhald hafa sitt hvorn hugtakagrunninn. Í fyrirlestrinum er fjallað um fræðilegt dæmi þar sem árangursmat sjórnenda er ranglega metið og veikar hliðar á mati rekstrarhagræðingarinnar kemur upp á yfirborðið. Fjárhagslegur árangur endurspeglast á ólíkan hátt, eftir því hvort er horft til stjórnendabókhalds eða fjárhagsbókhalds.

## Þróun og uppbygging á mælikvarða heilbrigðrar öldrunar

Halldór S. Guðmundsson[1], Helgi Guðmundsson[2]

[1] Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands
[2] Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

Aukinn fjöldi eldra fólks skapar áskoranir og tækifæri fyrir samfélög. Ein þeirra er að reyna að mæla og fylgjast með þróun öldrunar í samfélaginu. Tilraunir til þess að mæla breytingarnar felst í því að þróa og velja nógu góða kvarða sem auðvelt er að beita og byggir á samsetningu tiltækra breytna úr könnunum.Markmið EEA rannsóknarverkefnis Riga Stradins Háskólans og Háskóla Íslands var að skoða áhrif Covid heimsfaraldursins á aldraða og þróa aðferð til að búa til HAI vísi heilbrigðrar öldrunar (Healthy Ageing Index) á grunni tveggja gagnasafna.Í Lettlandi voru notuð gögn úr fyrirlögn 8 í könnuninni um heilsu, öldrun og eftirlaun í Evrópu (SHARE), þar sem 420 svarendur tóku þátt. Til samanburðargreiningar voru notuð gögn úr rannsókn á högum og líðan aldraðra á Íslandi 2020, sem náði til 1033 svarenda.Fyrir Lettland voru valin 13 atriði og fyrir Ísland níu atriði til að mynda HAI-vísi um heilbrigða öldrun sem samsettur var af fjórum undirkvörðum fyrir bæði löndin - „Sjálfræði“, „Heilsa“, „Velferð“ og „Athafnir“.Niðurstöður staðfesta uppbygginguna á HAI-vísi í báðum gagnasettum. Styrkleiki er að byggt sé á gögnum úr félagsvísindarannsókn í Evrópu (SHARE). Þar sem aðferðinni var beitt á íslensku rannsóknargögnin, er tilefni til að álykta að atriði sem sett eru fram séu einnig tiltæk í öðrum þýðisrannsóknum. Með því að skoða fyrirliggjandi gögn gæti HAI-vísir verið notaður til að vakta breytingar yfir tíma og til að bera saman og fylgjast með þróun öldrunar bæði innan samfélags og þvert á samfélög til stuðnings heilbrigðri öldrun.

## Ólík reynsla kvenna og karla af endurhæfingu

**Sólrún Óladóttir**

Snæfríður Þóra Egilson, Prófessor, Félagsfræði, mannfræði og þjóðfræðideild

Bakgrunnur: Lítið er vitað um hvort reynsla kvenna og karla af endurhæfingu kunni að vera ólík. Markmið Að varpa ljósi á reynslu kvenna og karla af endurhæfingu, greina hvort þarfir þeirra séu ólíkar og hvernig er komið til móts við þær. AðferðNotað var blandað rannsóknarsnið. Aflað frá gagna 449 notendum íslenskra endurhæfingarstofnana með spurningalistanum Client centred rehabilitation questionnaire -is. Úrvinnsla gagna byggði á túlkandi- og ályktandi tölfræðigreiningu. Tekin voru viðtöl við fimm konur og fimm karla sem höfðu þegið þjónustu á endurhæfingarstofnun. Við úrvinnslu gagna var stuðst við túlkunarfræðileg greiningarviðmið Gustavsson. NiðurstöðurAf þeim fjórum flokkum sem spurningalistinn byggir á mældist kynjamunur á tveimur; (1) aðkoma aðstandenda að endurhæfingu og (2) næmi fyrir þörfum og forgangsröðun. Í báðum flokkum mátu konur þjónustuna mæta verr sínum þörfum. Í viðtölunum kom fram að ábyrgð kvenna var meiri þegar kom að heimilisstörfum og þær báru alla jafna mun meiri ábyrgð á umönnun annarra, svo sem barna. Ekki hafði verið tekið mið af þessu í endurhæfingingarferlinu. ÁlyktanirNiðurstöður gefa vísbendingu um að fagfólk sem starfar í endurhæfingu þurfi að leggja aukna áherslu á samráð og virka hlustun til að koma betur til móts við konur í endurhæfingu. Brýnt er að skýra farveg fyrir þátttöku nánustu aðstandenda fólks í endurhæfingu, með áherslu á að þörfum kvenna á miðjum aldri sé mætt.

# Algengi sígarettureykinga og áhrifaþættir meðal unglinga sem ganga í skóla í Bissá, Gíneu-Bissá

Geir Gunnlaugsson[1], Aladje Baldé[2], Zeca Jandi[3], Hamadou Boiro[4], Jónína Einarsdóttir[5]

[1] Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfélagsfræðideild, Háskóli Íslands
[2] Instituto Nacional de Saúde Pública (INASA), Bissau, Guinea-Bissau; Universidade Jean Piaget Guiné-Bissau (UJPGB), Bissau, Guinea-Bissau
[3] Instituto Nacional de Estudos e Pesquisa (INEP), Bissau, Guinea-Bissau; Ethnic and African Studies, Federal University of Bahia, Brazil
[4] Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfélagsfræðideild, Háskóli Íslands; Instituto Nacional de Estudos e Pesquisa (INEP), Bissau, Guinea-Bissau
[5] Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfélagsfræðideild, Háskóli Íslands

Algengi sígarettureykinga er lægra í Afríku sunnan Sahara (ASS) en í öðrum heimshlutum. Tóbaksiðnaðurinn beinir því augum sínum í vaxandi mæli á þennan lofandi markað þar sem ungt fólk (10-24 ára) er um þriðjungur mannfjöldans. Gögn benda til þess að algengi sígarettureykinga sé lágt í Gíneu-Bissá, samanborið við önnur lönd í ASS, en reykingavenjur eru lítið rannsakaðar. Markmið rannsóknarinnar var að greina algengi á og áhrifaþætti fyrir sígarettureykingar unglinga í höfuðborginni Bissá. Í júní 2017 var framkvæmd könnun í 16 skólum höfuðborgarinnar með staðfærðum spurningalista "Planet Youth". Alls svöruðu 2,039 nemendur á aldrinum 14—19 ára spurningalistanum (52% stúlkur); úrtakið var handahófskennt og byggt á bekkjarskrám. Notað var kí-kvaðrat próf ($p<0,05$) og líkindahlutfall (OR) reiknað með 95% öryggismörkum (CI) til að meta tölfræðilega marktækni. Hugsanlegar skýribreytur fyrir háðar breytur voru skoðaðar í fjölliða lógistísktri aðhvarfsgreiningu og p-gildum umbreytt í LogWorth gildi. Af 1,845 unglingum höfðu 15% þeirra reykt sígarettur einhvern tíma á ævinni en 2% reyktu daglega. Marktækar skýribreytur fyrir reynslu af því að reykja sígarettur var að eiga vini sem reyktu, vera drengur, ganga í einkaskóla, hefja reykingar 11 ára eða yngri, áfengisneysla, passa inn í jafningjahópinn og nota samfélagsmiðla. Marktækar skýribreytur fyrir daglegar reykingar voru reynsla af ofbeldi (heimilisofbeldi og kynferðisofbeldi) og samskipti við lögreglu. Algengi sígarettureykinga er í lægri kantinum meðal unglinga sem ganga í skóla í höfuðborginni Bissá. Brýnt er að hefja forvarnarstarf og þá huga að kynjamun og skaðlegum áhrifum ýmiss konar ofbeldis á reykingahegðun unglinga með langtíma neikvæðum afleiðingum fyrir heilsu þeirra.

## Upplifun og ávinningur af spjalli og athygli frá Móralska

Vigdís Hauksdóttir, Svala Guðmundsdóttir

Háskóli Íslands

Miklar áherslubreytingar hafa verið í stjórnun á vinnustöðum síðustu árin og staða mannauðsstjórnunar innan fyrirtækja hefur gengið í gegnum miklar breytingar í takt við breytt vinnuumhverfi. Þessu fylgja margar áskoranir fyrir fyrirtæki sem mikilvægt er að fylgja eftir til að tryggja ánægt starfsfólk á vinnustað. Árið 2021 bjó grínistinn Pétur Jóhann Sigfússon til starf sem hann kallar Móralska og vann hann meðal annars hjá fyrirtækinu Gleðipinnum. Starfsstöðvar Gleðipinna eru 18 talsins og fer Móralski á milli staða einungis til þess að spjalla við starfsfólkið og er hugsunin að skilja eftir góðan móral og bros á vör. Markmið þessarar rannsóknar er að kanna hver sé upplifun starfsfólks Gleðipinna af þessu inngripi. Framkvæmd var eigindleg rannsókn með því að taka viðtöl við níu veitingastjóra hjá fyrirtækinu Gleðipinnum með það að leiðarljósi að heyra hvað þeim fannst um þetta verkefni. Niðurstöður rannsóknar sýndu að viðmælendur voru almennt mjög ánægðir með verkefni Móralska og voru allir sammála um að hann sé skemmtilegur, hann skilji eftir bros á vör hjá starfsfólkinu og sé góð tilbreyting í hversdagsleikanum. Hröð þróun í tæknimálum verða oft á tíðum til þess að mannleg samskipti breytast og fólk hefur meiri samskipti í gegnum tölvur og samskiptamiðla. Skortur á samskiptum hefur í för með sér að fólk upplifir meiri einmanaleika og er víða farið að líta á það sem vaxandi heilsufarsvandamál í heiminum. Í ljósi þessa má segja að verkefni Móralska sé athyglisverð nálgun til að hjálpa starfsfólki að eiga góð samskipti á vinnustað.

